

## Nefndarálit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2013.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til umfjöllunar eftir að málið gekk til fjárlaganefndar 14. september sl. Nefndin hefur haldið 19 fundi og kallað á sinn fund fjölmarga gesti, m.a. fulltrúa allra ráðuneyta, nokkurra stofnana og sveitarfélaga. Tekið hefur verið upp breytt verklag að því leyti að ekki var sérstaklega óskað eftir álitum annarra fastanefnda þingsins.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu því sem næst allra þeirra erinda sem henni bárust. Meiri hlutinn gerir breytingartillögu við tekjuáætlun frumvarpsins sem nemur 9.276,4 m.kr. til hækkunar og einnig er breytingartillaga við sundurliðun 2, þ.e. fjármál ríkisaðila í A-hluta, sem nemur samtals 7.755,3 m.kr. til hækkunar gjalda. Á rekstrargrunni verða því heildar-tekjur ársins 579.621,8 m.kr. og heildargjöld 580.900,3 m.kr. Nú er því gert ráð fyrir heldur minni halla á A-hluta ríkissjóðs en var í frumvarpinu, eða 1.278,5 m.kr. í samanburði við 2.799,6 m.kr. sem áætlað var í frumvarpinu. Fjárlaganefnd hefur í störfum sínum leitast við að festa í sessi forsendur ríkisfjármálastefnunnar sem fram komu í frumvarpinu en til þess að markmið um hallalausan ríkisrekstur árið 2014 náist má ekki mikið út af bera. Þróun frumjafnaðar án óreglulegra tekna og gjalda er þó jákvæð og ef ekki koma til frekari áföll sem rekja má til afleiðinga bankahrunsins er ekki ástæða til annars en að ríkisfjármálaáætlunin geti gengið eftir.

Tillögur til hækkunar tekna byggjast alfarið á endurmati fjármálaráðuneytisins á tekjum næsta árs. Arðgreiðslur eru nú áætlaðar 13,5 milljörðum kr. hærri en í frumvarpinu og munar þar langmestu um áætlaðan arð Landsbanka Íslands. Þá er áætlað að skattar á tekjur og hagnað hækki um 4,8 milljarða kr., en á móti vega 4,1 milljarðs kr. lægri vaxtatekjur, 4 milljarða kr. lækkun á söluhagnaði af eignasölu og 1,5 milljarða kr. lægri áætlun um innheimtu tryggingargjalda. Önnur frávík á tekjuhlið fjárlaga eru lægri.

Á gjaldahlið munar mestu um fjárfestingaráætlun sem boðuð var í frumvarpinu og kynnt 8. nóvember sl. Gjaldaheimildir hækka um 5,6 milljarða kr. vegna áætlunarinnar, auk heimildar til þess að veita 500 m.kr. stofnframlag til stofnunar græns fjárfestingarsjóðs. Aðrar hækkunir eru af ýmsum tilefnum. Sérstakar ákvarðanir um útgjöld vega þar þyngst, 2,2 milljarðar kr., og þar munar mest um 650 m.kr. hækkun til tækjakaupa hjá Landspítala og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, auk 325 m.kr. til að styrkja rekstrargrunn framhaldsskóla. Breyttar forsendur kalla á 2,2 milljarða kr. hækkunir, þar af vega þyngst 1.000 m.kr. hækkun lífeyrisskuldbindinga og 785 m.kr. til sjúkratrygginga vegna S-merktra lyfja. Á móti hækkunartilefnum er endurskoðuð áætlun um vaxtagjöld ríkissjóðs þar sem gert er ráð fyrir 3,3 milljarða kr. lægri gjöldum en var í frumvarpinu.

Þá er lagt til að nokkur ákvæði bætist við 6. gr. frumvarpsins sem varða heimildir til fjármálaráðherra um kaup og sölu eigna, auk áðurnefndrar heimildar til þess að veita 500 m.kr. stofnframlag til stofnunar græns fjárfestingarsjóðs í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar.

Loks eru lagðar til breytingar á tveimur liðum í B-hluta ríkissjóðs. Annars vegar er gert ráð fyrir að framlag Happraættis Háskólans til Háskóla Íslands hækki um 333 m.kr. vegna byggingar Húss íslenskra fræða. Hins vegar er gert ráð fyrir breytingum hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins vegna áforma um hækkun á áfengis- og tóbaksgjöldum og er nú miðað við að arðgreiðslur í ríkissjóð verði 1.200 m.kr. og hækki því um 200 m.kr. frá frumvarpinu.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 00-101 Embætti forseta Íslands

16,6

1.01 Almennur rekstur  
Breyttar forsendur  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 16,6 m.kr. hækkun fjárveitingar til almenns reksturs embættisins. Á undanförunum árum hefur við undirbúning fjárlagafrumvarps hvers árs verið gerð sambærileg aðhaldskrafa á embættið og aðrar stjórnarsýslustofnanir. Þetta þýðir að embættið hefur verið í þeim hópi sem fengið hefur hæstu aðhaldskröfuna hverju sinni, þ.e. 9% árið 2009, 8% árið 2010, 9% árið 2011, 3% árið 2012 og 1,75% árið 2013. Uppsafnað aðhald í fjárveitingum, fyrir utan launa- og verðlagshækkanir, vegna þessara ráðstafana í frumvörpunum hefur því numið nálægt 35% á tímabilinu. Við meðferð Alþingis á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009 var við 2. umræðu gert ráð fyrir 15 m.kr. aðhaldskröfu í rekstri embættisins þessu til viðbótar. Að undanförunu hafa forsætisráðuneytið og fjármálaráðuneytið haft rekstraráætlanir embættisins til skoðunar og er niðurstaðan að tekist hafi að mestu að hagræða í starfseminni til að mæta aðhaldsmarkmiðum sem voru í fjárlagafrumvörpunum en að miklum vandkvæðum verði bundið að mæta líka viðbótarskerðingunni sem gerð var í fjárlögum fyrir árið 2009. Embættið gat fyrst um sinn mætt henni með því að ganga á afgangsheimildir fyrri ára en nú er svo komið að þær eru uppunar og horfur á að halli verði á rekstrinum á þessu ári. Velta embættis forseta Íslands er fremur lítil og hlutfall launa og fasts kostnaðar er um 85%. Því er svigrúm til að bregðast við aðhaldsaðgerðum takmarkað og er nú svo komið í rekstri embættisins að varla verður haldið úti eðlilegri starfsemi til að sinna þeim skyldum sem embætti þjóðhöfðingja fylgja.

### 00-101 Embætti forseta Íslands

16,0

1.81 Opinberar heimsóknir  
Breyttar forsendur  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 16 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár. Útgjöld forsetaembættisins voru skorin mjög niður eftir fall fjármálakerfisins og opinberum heimsóknum m.a. frestað. Gert er ráð fyrir að þráður opinberra heimsókna verði nú tekinn upp að nýju. Ber þar hæst opinbera heimsókn forseta Íslands til Þýskalands sem frestað var haustið 2008 og væntanlegar heimsóknir forseta Finnlands og forseta Lettlands til Íslands á næsta ári.

### 00-610 Umboðsmaður Alþingis

12,0

1.01 Umboðsmaður Alþingis  
Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 12 m.kr. tímabundið framlag til gerðar fræðsluefnis fyrir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga. Umboðsmaður Alþingis hefur í umræðum við forsætisráðuneytið ítrekað hvatt til þess að betur verði hugað að því hvernig efla megi fræðslu starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum um þær reglur sem gilda um starfsemi þessara stjórnvalda. Aðeins hefur verið aðgangur að mjög takmörkuðu fræðsluefni um þær sérstöku réttarreglur sem gilda um starfsemi stjórnslunnar og framkvæmd þeirra og fáir hafa gefið sig að því að sinna kennslu um þetta efni. Umboðsmaður Alþingis telur að nauðsynlegur liður í því að efla fræðslu um þessi málefni sé að tekið verði saman heildstætt fræðsluefni sem hægt verði að nota á námskeiðum og við kennslu á þessu sviði.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa 10,0

#### 1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

*Millifært*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lögð er til 10 m.kr. millifærsla af fjárlagalið 01-281-1.01. Ráðherranefnd um atvinnumál fjallar um stuðning er lýtur að atvinnuuppbyggingu og fjölgun vistvænna starfa og ákvörðun um ráðstöfun af fjárlagaliðnum vegna verkefnisins. Forsætisráðuneytið annast umsjón með verkefninu og eftirfylgni og er millifærslan gerð til að mæta umsýslukostnaði.

### 01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa 8,0

#### 1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa

*Ákvörðun Alþingis*

*Samþykkt á Alþingi*

*Fagráðuneyti*

Lagt er til 8 m.kr. tímabundið framlag til ráðuneytisins vegna fræðslu fyrir stjórnarsýsluna. Hvatt hefur verið til þess að efla fræðslu starfsmanna Stjórnarráðsins um lagaumhverfi stjórnarsýslunnar, siðareglur, faglegt verklag og verkefnastjórnun. Ýmis námskeið og samantekt kennsluefnis eru fyrirhuguð fyrir almenna starfsmenn Stjórnarráðsins, sérfræðinga og stjórnendur. Ráðuneytið annast verkefnið og umsýslu þess með reglubundnum nýliðanámskeiðum og öðru starfstengdu námskeiðahaldi og þjálfun. Jafnframt er gert ráð fyrir að í fjárlögum næsta árs verði umboðsmanni Alþingis veitt tímabundið fjárframlag til gerðar fræðsluefnis fyrir stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga.

### 01-281 Atvinnuuppbygging og fjölgun vistvænna starfa -10,0

#### 1.01 Atvinnuuppbygging og fjölgun vistvænna starfa

*Millifært*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lögð er til 10 m.kr. millifærsla á fjárlagalið 01-101-1.01. Ráðherranefnd um atvinnumál fjallar um stuðning er lýtur að atvinnuuppbyggingu og fjölgun vistvænna starfa og ákvörðun um ráðstöfun af fjárlagaliðnum vegna verkefnisins. Forsætisráðuneytið annast umsjón með verkefninu og eftirfylgni og er millifærslan gerð til að mæta umsýslukostnaði.

### 01-283 Græna hagkerfið, ýmis verkefni 280,0

#### 6.51 Græna hagkerfið, ýmis verkefni

*Fjárfestingaáætlun*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 280 m.kr. framlag til að standa undir ýmsum verkefnum sem ráðgerð eru samkvæmt þingsályktun um græna hagkerfið. Ríkisstjórnin samþykkti í fjárfestingaáætlun sinni í maí sl., með fyrirvara um samþykkt Alþingis, að 3.850 m.kr. yrði varið til græna hagkerfisins á árunum 2013-2015 í samræmi við þingsályktunartillögu Alþingis frá 20. mars sl. sem hefur að geyma 50 tillögur um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi. Á öðrum fjárlagaliðum er gert ráð fyrir fjármögnun sérstakra tillagna, m.a. á sviði grænna fjárfestinga, en hér er um að ræða óskiptan lið sem ætlað er að fjármagna tillögur sem lúta m.a. að grænkun fyrirtækja, uppbyggingu þekkingar og fjölgun grænna starfa, m.a. í samstarfi við sveitarfélög. Þar á meðal verði endurgreiðslur á hluta af kostnaði fyrirtækja vegna fjárfestinga, rannsókna og þróunar sem hafa það að markmiði að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi þeirra. Verkefnastjórn um græna hagkerfið á vegum forsætisráðuneytis, sem annast forgangsröðun og kostnaðarmat tillagna um græna hagkerfið, verður falin frekari ráðstöfun fjár samkvæmt þessum lið. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnið verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármála fyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

59,5

6.01 Nýframkvæmdir  
Fjárfestingaáætlun  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 59,5 m.kr. tímabundið framlag til að standa undir sértöku átaki í því skyni að byggja upp innviði viðkvæmra en vinsælla ferðamannastaða á friðlýstum svæðum. Samtals eru gerðar tillögur um 250 m.kr. til þessarar uppbyggingar á næsta ári á nokkrum fjárlagaliðum. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnin verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.

*Samtals forsætisráðuneyti 347,5*

### 02-201 Háskóli Íslands

107,9

1.01 Háskóli Íslands  
Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til að 107,9 m.kr. verði veittar til að hækka framlag til 5. reikniflokks í reiknilíkani háskóla vegna raun-, verk- og tæknigreina. Tillagan gerir ráð fyrir að verð í 5. reikniflokki hækki úr 990 þús. kr. í 1.057 þús. kr. og verðhlutfall úr 2,0 í 2,1.

### 02-201 Háskóli Íslands

12,0

1.01 Háskóli Íslands  
Ákvörðun Alþingis  
Samþykkt á Alþingi  
Fagráðuneyti

Gerð er tillaga um 12 m.kr. framlag til Rannsóknarmiðstöðvar Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði til að efla starfsemi miðstöðvarinnar vegna tíðra jarðskjálfta á suðursvæðinu og hlutverks hennar í tengslum við almannavarnir.

### 02-201 Háskóli Íslands

-15,3

1.01 Háskóli Íslands  
Millifært  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til að 15,3 m.kr. framlag sem veitt er til Háskóla Íslands vegna landsskrifstofu menntaáætlana Evrópusambandsins í frumvarpinu verði millifært til Rannsóknamiðstöðvar Íslands vegna flutnings verkefna til hennar.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 02-201 Háskóli Íslands

800,0

#### 6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup

*Fjárfestingaáætlun*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lagt er til að tímabundið framlag úr ríkissjóði að fjárhæð 800 m.kr. verði veitt til að hefja framkvæmdir við byggingu húss íslenskra fræða. Áætlaður framkvæmdarkostnaður nemur 3,4 milljörðum kr. og þar af er hlutur ríkisins 2,4 milljarðar kr. eða um 70% en hlutur Háskóla Íslands um 1 milljarður kr., þar af 333 m.kr. á árinu 2013. Sá hluti verður fjármagnaður með ráðstöfunarfé skólans frá Happraetti Háskóla Íslands sem færast á tekjuhlíð ríkissjóðs. Beinar greiðslur úr ríkissjóði vegna framkvæmdanna á næsta ári nema því 467 m.kr. Hönnunarferli er lokið og verkið tilbúið til útboðs. Hönnunarkostnaður nam 300 m.kr. og var sá hluti fjármagnaður með fjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 2008. Heildarkostnaðurinn er því áætlaður 3,7 milljarðar kr. að hönnuninni meðtalinni. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnið verða fjármöggnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.

### 02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

12,0

#### 1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

*Ákvörðun Alþingis*

*Samþykkt á Alþingi*

*Stofnun*

Gerð er tillaga um 12 m.kr. tímabundið framlag til þess að viðhalda smitsjúkdómaramsóknnum á íslenska hestinum. Um er að ræða framhald rannsókna á sumarexemi í hrossum. Sumarexem er ofnæmi gegn próteinum sem berast í hross við bit mýflugna erlendis og er útfluttum hrossum sérstaklega hættu búin í þessu sambandi. Víða erlendis hefur komið til tals að réttast væri að hætta að flytja út hross frá Íslandi en ala þau þess í stað upp erlendis. Útflutningstekjur af íslenska hestinum nema um 1 milljarði kr. og er því um mjög mikilvægt rannsóknarverkefni að ræða.

### 02-210 Háskólinn á Akureyri

8,8

#### 1.01 Háskólinn á Akureyri

*Ákvarðanir ríkisstjórnar*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lagt er til að 8,8 m.kr. verði veittar til að hækka framlag til 5. reikniflokks í reiknilíkani háskóla vegna raun-, verk- og tæknigreina. Tillagan gerir ráð fyrir að verð í 5. reikniflokki hækki úr 990 þús. kr. í 1.057 þús. kr. og verðhlutfall úr 2,0 í 2,1.

### 02-216 Landbúnaðarháskóli Íslands

13,5

#### 1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands

*Ákvarðanir ríkisstjórnar*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lagt er til að 13,5 m.kr. verði veittar til að hækka framlag til 5. reikniflokks í reiknilíkani háskóla vegna raun-, verk- og tæknigreina. Tillagan gerir ráð fyrir að verð í 5. reikniflokki hækki úr 990 þús. kr. í 1.057 þús. kr. og verðhlutfall úr 2,0 í 2,1.

### 02-217 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

1,2

#### 1.01 Hólaskóli - Háskólinn á Hólum

*Ákvarðanir ríkisstjórnar*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lagt er til að 1,2 m.kr. verði veittar til að hækka framlag til 5. reikniflokks í reiknilíkani háskóla vegna raun-, verk- og tæknigreina. Tillagan gerir ráð fyrir að verð í 5. reikniflokki hækki úr 990 þús. kr. í 1.057 þús. kr. og verðhlutfall úr 2,0 í 2,1.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>02-227 Háskólinn í Reykjavík</b> 1.01 Háskólinn í Reykjavík <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 49,8 m.kr. verði veittar til að hækka framlag til 5. reikniflokks í reiknilíkani háskóla vegna raun-, verk- og tæknigreina. Tillagan gerir ráð fyrir að verð í 5. reikniflokki hækki úr 990 þús. kr. í 1.057 þús. kr. og verðhlutfall úr 2,0 í 2,1.	<b>49,8</b>
<b>02-228 Listaháskóli Íslands</b> 1.01 Listaháskóli Íslands <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 1,3 m.kr. verði veittar til að hækka framlag til 5. reikniflokks í reiknilíkani háskóla vegna raun-, verk- og tæknigreina. Tillagan gerir ráð fyrir að verð í 5. reikniflokki hækki úr 990 þús. kr. í 1.057 þús. kr. og verðhlutfall úr 2,0 í 2,1.	<b>1,3</b>
<b>02-228 Listaháskóli Íslands</b> 1.01 Listaháskóli Íslands <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 60 m.kr. framlag til að gera kleift að halda áfram að fjölga ársnemum í tengslum við innleiðingu meistaranáms á nýjum námsbrautum við skólann. Í 3. umræðu um fjárlög fyrir árið 2012 var skólanum veitt 20 m.kr. framlag vegna áforma skólans um að bjóða upp á meistaranám í hönnun og myndlist og tónlist haustið 2012. Áformað er að ársnemum hafi fjölgað um 56 þegar deildirnar hafa náð fullri stærð.	<b>60,0</b>
<b>02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands</b> 1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 20 m.kr. framlag sem veitt er til landsskrifstofu menntaáætlana Evrópusambandsins í frumvarpinu verði millifært til Rannsóknamiðstöðvar Íslands vegna flutnings verkefna til hennar.	<b>20,0</b>
<b>02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands</b> 1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 1,5 m.kr. framlag sem veitt er til háskólastarfsemi vegna landsskrifstofu menntaáætlana Evrópusambandsins í frumvarpinu verði millifært til Rannsóknamiðstöðvar Íslands vegna flutnings verkefna til hennar.	<b>1,5</b>
<b>02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands</b> 1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 15,3 m.kr. framlag sem veitt er til Háskóla Íslands vegna landsskrifstofu menntaáætlana Evrópusambandsins í frumvarpinu verði millifært til Rannsóknamiðstöðvar Íslands vegna flutnings verkefna til hennar.	<b>15,3</b>
<b>02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands</b> 1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 4,4 m.kr. framlag sem veitt er til Háskóla Íslands vegna landsskrifstofu menntaáætlana Evrópusambandsins í frumvarpinu verði millifært til Rannsóknamiðstöðvar Íslands vegna flutnings verkefna til hennar.	<b>4,4</b>
<b>02-231 Rannsóknamiðstöð Íslands</b> 1.01 Rannsóknamiðstöð Íslands <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að rekstrargjöld hækki um 136 m.kr. og sértekjur um sömu fjárhæð en þær koma allar frá útlöndum. Um er að ræða ný verkefni sem ekki hafa verið í fjárlögum, m.a. tekjur vegna rekstrarstyrks frá Evrópusambandinu 78,3 m.kr., Nordplus 16 m.kr. og LME-eTwinning 13,8 m.kr. Tillagan hefur ekki í för með sér breytingar á útgjaldaramma ráðuneytisins.	<b>0,0</b>

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>02-236 Rannsóknasjóður</b>	<b>-20,0</b>
1.10 Rannsóknasjóður <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 20 m.kr. millifærslu úr Rannsóknasjóði á 02-983 1.17 Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna. Sjálfstætt starfandi fræði- og vísindamenn hafa átt erfitt með að fá styrki úr Rannsóknasjóði þar sem þeir eru einyrkjar en ekki hluti af hóp og hefur verið unnið að breytingum á reglum um launasjóð höfunda fræðirita til að koma á mótis við þennan hóp fræði- og vísindamanna. Við skiptingu á hækkun framlaga til rannsóknasjóða í frumvarpinu gleymdist að taka tillit til þessa. Auk breytinga á reglum um launasjóð höfunda fræðirita er fyrirhugað að breyta heiti sjóðsins. Því er hér lagt til að nafninu verði breytt í starfslaunasjóð sjálfstætt starfandi fræðimanna.
<b>02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi</b>	<b>2,5</b>
1.25 Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Fagráðuneyti</i>	Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. hækkun á framlagi til Fulbright-stofnunarinnar, Menntastofnunar Íslands og Bandaríkjanna, en hún er rekin í samstarfi þessara tveggja ríkja. Eftir gengisfall íslensku krónunnar og niðurskurð undanfarinna ára hefur hlutur Íslendinga í samstarfinu rýrnað mjög og er kominn langt undir eðlilegt framlag. Fulbright-stofnunin hefur mikilvægu hlutverki að gegna til að greiða leið íslenskra námsmanna til að stunda nám í bestu háskólum í Bandaríkjunum.
<b>02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi</b>	<b>-1,9</b>
1.73 Reykjavíkúrákademían <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærðar verði 1,9 m.kr. af þessum lið á 02-299 1.90 Háskólastarfsemi vegna verkefnisins MIRRA, uppbygging þekkingarbanka um innflytjendamál. Í 2. umræðu um fjárlög fyrir árið 2012 voru millifærðar 2 m.kr. til Reykjavíkúrákademíunnar vegna framangreinds verkefnis og var gert ráð fyrir að Reykjavíkúrákademían gerði samning um og hefði eftirlit með verkefninu. Millifærslan var hluti af umbótum við styrkveitingar sem gerðar hafa verið að frumkvæði fjárlaganefndar í samvinnu við fagráðuneyti. Nú hefur komið í ljós að heppilegra er að ráðuneytið hafi umsjón og eftirlit með verkefninu og þess vegna er lagt til að framlagið, með 1% hagræðingu, verði flutt til ráðuneytisins.
<b>02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi</b>	<b>2,0</b>
1.90 Háskólastarfsemi <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Fagráðuneyti</i>	Lagt er til 2 m.kr. tímabundið framlag til námskeiða hjá Svartárkoti, alþjóðlegu fræðasetri, í Bárðardal.
<b>02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi</b>	<b>-1,5</b>
1.90 Háskólastarfsemi <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 1,5 m.kr. framlag sem veitt er til háskólastarfsemi vegna landsskrifstofu menntaáætlana Evrópusambandsins í frumvarpinu verði millifært til Rannsóknamiðstöðvar Íslands vegna flutnings verkefna til hennar.



## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi</b> 1.90 Háskólustarfsemi <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<p>Lagt er til að millifærðar verði 1,9 m.kr. af 02-299-1.73 Reykjavíkúrákademían vegna verkefnisins MIRRA, uppbygging þekkingarbanka um innflytjendamál.</p> <p>Í 2. umræðu um fjárlög fyrir árið 2012 voru millifærðar 2 m.kr. til Reykjavíkúrákademíunnar vegna framangreinds verkefnis og var gert ráð fyrir að Reykjavíkúrákademían gerði samning um og hefði eftirlit með verkefninu. Millifærslan var hluti af umbótum við styrkveitingar sem gerðar hafa verið að frumkvæði fjárlaganefndar í samvinnu við fagráðuneyti. Nú hefur komið í ljós að heppilegra er að ráðuneytið hafi umsjón og eftirlit með verkefninu og þess vegna er lagt til að framlagið, með 1% hagræðingu, verði flutt til ráðuneytisins.</p>	<b>1,9</b>
<b>02-316 Fasteignir framhaldsskóla</b> 1.05 Fasteignir skóla <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<p>Lagt er til að 16,5 m.kr. verði millifærðar af fjárlagalið 02-316-1.05 Fasteignir skóla yfir á fjárlagalið 02-318-6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt.</p> <p>Viðhald framhaldsskóla hefur færst í ríkari mæli til fasteigna ríkissjóðs og aðrar eignir seldar. Fyrirsjáanleg vöntun er á stofnkostnaðarlið 02-318-6.90 vegna inngríps í eldri byggingar í tengslum við viðbyggingarframkvæmdir og þess vegna er gerð tillaga um millifærslu.</p>	<b>-16,5</b>
<b>02-318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður</b> 6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<p>Gerð er tillaga um að 16,5 m.kr. verði millifærðar af fjárlagalið 02-316-1.05 Fasteignir skóla yfir á fjárlagalið 02-318-6.90 Byggingarframkvæmdir, óskipt.</p> <p>Viðhald framhaldsskóla hefur færst í ríkari mæli til fasteigna ríkissjóðs og aðrar eignir seldar. Fyrirsjáanleg vöntun er á stofnkostnaðarlið 02-318-6.90 vegna inngríps í eldri byggingar í tengslum við viðbyggingarframkvæmdir og þess vegna er gerð tillaga um millifærslu.</p>	<b>16,5</b>
<b>02-319 Framhaldsskólar, almennt</b> 1.11 Sameiginleg þjónusta <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<p>Lagt er til að veitt verði tímabundið 2,8 m.kr. framlag til dreifnáms við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Verkefnið er eitt verkefna í sóknaráætlun landshluta.</p> <p>Samningur var gerður milli sveitarfélagsins Húnaþings vestra og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra f.h. ríkissjóðs um að starfsemi dreifnámsdeildar hæfist í ágúst 2012. Heildarkostnaður við verkefnið á fjórum árum er 30,5 m.kr. og skiptist á milli sveitarfélagsins (30%) og ríkisins (70%). Framlag ríkisins verður því 2,8 m.kr. árið 2012, 5,6 m.kr. árið 2013, 6,2 m.kr. árið 2014 og 6,8 m.kr. árið 2015.</p>	<b>2,8</b>
<b>02-319 Framhaldsskólar, almennt</b> 1.11 Sameiginleg þjónusta <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<p>Lagt er til að 4,4 m.kr. framlag sem veitt er til framhaldsskóla óskipt vegna landsskrifstofu menntaáætlana Evrópusambandsins í frumvarpinu verði millifært til Rannsóknamiðstöðvar Íslands vegna flutnings verkefna til hennar.</p>	<b>-4,4</b>

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 02-319 Framhaldsskólar, almennt

-5,1

1.24 Iðnnemasamband Íslands

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að 5,1 m.kr. verði millifærð af 02-319-1.24 Iðnnemasamband Íslands á 02-319-1.45 Samband íslenskra framhaldsskólanema vegna sameiningar félaga framhaldsskóla. Við sameininguna sem var 2007 tók Samband íslenskra framhaldsskólanema við þjónustusamningi sem var við Iðnnemasamband Íslands. Látst hefur að breyta heiti viðfangsins og er nú bætt úr því.

### 02-319 Framhaldsskólar, almennt

14,0

1.38 Menntun á sviði kvikmyndagerðar

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 14 m.kr. hækkun á framlagi til menntunar á sviði kvikmyndagerðar til að fylgja eftir stefnumótun fyrir menntun á sviði kvikmyndagerðar. Í gildi hefur verið samkomulag við Kvikmyndaskóla Íslands frá 3. október 2011 sem rennur út um áramótin. Nýtt samkomulag hefur verið gert sem gildir út árið 2013. Miklir erfiðleikar hafa verið í tengslum við rekstur skólans og ekki liggur fyrir hvort hann uppfyllir skilyrði viðurkenningar.

### 02-319 Framhaldsskólar, almennt

35,0

1.38 Menntun á sviði kvikmyndagerðar

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að veitt verði tímabundið framlag að fjárhæð 35 m.kr. í eitt ár til að styrkja stöðu Kvikmyndaskóla Íslands. Ljóst er að ef hægt á að vera að styðja við rekstrarhæfi skólans á næsta ári er nauðsynlegt að létta á skuldabyrði hans eða laga eiginfjárstöðuna. Fyrir liggur samkomulag þar sem gert er ráð fyrir að skólinn nái samningum við kröfuhafa um að fella niður umtalsverðar skuldir eða að hlutafé verði aukið þannig að eiginfjárstaðan verði jákvæð. Tillagan er liður í þessum áformum og eru greiðslur skilyrtar því að sá árangur náist.

### 02-319 Framhaldsskólar, almennt

5,1

1.45 Samband íslenskra framhaldsskólanema

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að 5,1 m.kr. verði millifærð af 02-319-1.24 Iðnnemasamband Íslands á 02-319-1.45 Samband íslenskra framhaldsskólanema vegna sameiningar félaga framhaldsskóla. Við sameininguna sem var 2007 tók Samband íslenskra framhaldsskólanema við þjónustusamningi sem var við Iðnnemasamband Íslands. Látst hefur að breyta heiti viðfangsins og er nú bætt úr því.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 02-319 Framhaldsskólar, almennt

325,0

1.90 Framhaldsskólar, óskipt

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 325 m.kr. framlag til að styrkja rekstrargrundvöll framhaldsskóla. Á umliðnum missirum hefur rekstrarstaða framhaldsskólanna þrengst og myndast umtalsverður halli í rekstri sumra þeirra. Þennan rekstrarvanda má að hluta rekja til aðhaldskrafna undanfarinna ára, þótt þær hafi verið lægri en í mörgum öðrum málaflökkum, sem ekki hefur tekist sem skyldi að framfylgja, annars vegar með breyttri útfærslu á forsendum fjárheimilda í reiknilíkani framhaldsskóla og hins vegar með samsvarandi hagræðingu og skipulagsbreytingum í starfsemi skólanna. Í þessu sambandi gæti einnig áhrifa af því að með lögum um framhaldsskóla sem samþykkt voru árið 2008 var komið á fræðsluskyldu fyrir alla 18 ára og yngri en það hefur leitt til fjölgunar nemenda yngri en 18 ára, ásamt því að aukin fjölbreytni innan nemendahópsins hefur kallað á aukna þjónustu. Einnig hefur fötluðum nemendum fjölgað og kostnaður vegna þjónustu við þá aukist. Hins vegar eru ekki horfur á að nemendafjöldi í framhaldsskólunum verði umfram forsendur fjárlaga.

Í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2012 er vakin athygli á því að gera má ráð fyrir að ónotaðar fjárheimildir framhaldsskólanna, sem námu alls um 324 m.kr., gangi til þurrðar á þessu ári og að staða skólanna verði neikvæð um sem nemur 100-150 m.kr. í lok þessa árs. Miðað við útkomuna fyrstu sjö mánuði yfirstandandi árs stefnir í að rekstrarhalli framhaldsskóla gagnvart fjárheimildum fjárlaga verði 400-500 m.kr. á ársgrundvelli að óbreyttu. Innbyrðis staða skólanna er þó mjög mismunandi. Dæmi eru um skóla þar sem halli ársins stefnir í nálægt 100 m.kr. og yfir 10% af veltu en halli annarra skóla er þó innan við 4% mörk reglugerðar um framkvæmd fjárlaga og horfur eru á að nokkrir skólar verði með afgang, jafnvel umtalsverðan. Þessi staða endurspeglar að hluta hvernig fjárveitingar og úthlutanir samkvæmt reiknilíkani hafa í fullmiklum mæli farið að taka mið af ýmiss konar sérþjónustu og úrræðum og námi í tengslum við vinnumarkaðsúrræði hjá skólum sem hafa þróað námsbrautir og sérfræðiþjónustu í því skyni þannig að skólar þar sem slíkir þættir hafa minna vægi í starfseminni hafa setið eftir.

Tillagan er sett fram í einu lagi á þessum lið en fjárheimildinni er skipt niður á skólana í samræmi við forsendur í reiknilíkani framhaldsskólanna og skiptingin á milli þeirra sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hlutans. Viðeigandi fjárheimildir koma þar með fram á fjárlagaliðum skólanna í stöðuskjali frumvarpsins eftir 2. umræðu.

### 02-319 Framhaldsskólar, almennt

5,0

1.90 Framhaldsskólar, óskipt

*Ákvörðun Alþingis**Samþykkt á Alþingi**Fagráðuneyti*

Gerð er tillaga um 5 m.kr. tímabundið framlag til fjögurra ára til reksturs framhaldsskóladeildar á Hólmavík fyrir nemendur á fyrsta og öðru ári í framhaldsskóla. Um tilraunaverkefni er að ræða til fjögurra ára og er get ráð fyrir að deildin verði rekin í nánu samstarfi og undir stjórn Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Stefnt er að því að kennsla hefjist haustið 2013 og er því lagt til að framlag verði 5 m.kr. árið 2013, 10 m.kr. árin 2014-2016 og 5 m.kr. árið 2017.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>02-430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra</b> 1.01 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>6,0</b>	<p>Gerð er tillaga um 6 m.kr. framlag til að mæta þörf táknaðstalandi fólks fyrir túlkajónustu, svo sem lögbundna þjónustu við nemendur framhaldsskóla. Á árinu 2012 hefur Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra ekki getað mætt þessari þörf, svo sem lögbundinni þjónustu við nemendur í framhaldsskólum, og hefur ekki verið hægt að veita nema 65% af umbeðinni túlkajónustu. Til samanburðar var árið 2011 unnt að sinna 98% af beiðnum um túlkajónustu. Í ljósi erfiðrar stöðu og þess sem á undan er rakið er lögð til 6 m.kr. viðbótarfjárheimild til stofnunarinnar.</p>
<b>02-451 Framhaldsfræðsla</b> 1.10 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins <i>Fjármagnað með IPA styrkjum</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>-77,0</b>	<p>Fallið er frá tillögu um 77 m.kr. heimild til að ráðstafa IPA-styrk frá Evrópusambandinu. Ekki er um að ræða styrk til ríkisaðila. Við nánari skoðun þykir ekki rétt að færa styrkveitingar til aðila utan A-hluta ríkissjóðs og ráðstöfun þeirra á mótteknum styrkjum sem tekjur og gjöld ríkissjóðs þótt styrkumsóknin og styrkveitingin grundvallist á umsókn íslenska ríkisins um aðild að sambandinu.</p>
<b>02-720 Grunnskólar, almennt</b> 1.31 Sérstök fræðsluverkefni <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Fagráðuneyti</i>	<b>12,0</b>	<p>Lagt er til 12 m.kr. tímabundið framlag til Hlíðarskóla.</p>
<b>02-720 Grunnskólar, almennt</b> 1.31 Sérstök fræðsluverkefni <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Fagráðuneyti</i>	<b>5,0</b>	<p>Lagt er til 5 m.kr. tímabundið framlag til Skákakademíu Reykjavíkur til eflingar skákkennslu í grunnskólum landsins.</p>
<b>02-720 Grunnskólar, almennt</b> 1.31 Sérstök fræðsluverkefni <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>7,0</b>	<p>Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag til tveggja ára til stuðnings við SAFT-verkefnið. Á ríkisstjórnarfundum 31. júlí 2012 var ákveðið að leggja til stuðning við SAFT-verkefnið sem í samstarfi við marga aðila miðar að viðtæku öryggi í netnotkun barna og unglunga. Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um örugga netnotkun. Hér á landi annast Heimili og skóli samhæfingu SAFF-verkefnisins og hlutverk netöryggismiðstöðvar. Evrópusambandið fjármagnar 75% af kostnaði verkefnisins en krafist er 25% mótframlags samstarfsaðila. Heildarkostnaður við verkefnið árin 2012-2014 er áætlaður um 80 m.kr. og yrði því framlag ríkisins 21 m.kr. á tímabilinu. Gerð var tillaga um 7 m.kr. framlag í 2. umræðu um fjárákualög fyrir árið 2012 í samræmi við ríkisstjórnarsamþykktina.</p>
<b>02-901 Fornleifavernd ríkisins</b> 1.01 Fornleifavernd ríkisins <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>-98,8</b>	<p>Lagt er til að millifærðar verði 98,8 m.kr. frá Fornleifavernd ríkisins til Minjastofnunar Íslands samkvæmt lögum um menningarminjar, nr. 80/2012.</p>

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>02-903 Þjóðskjalasafn Íslands</b> 1.01 Þjóðskjalasafn Íslands <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	0,0	Lagt er til að sértekjur verði lækkaðar um 5 m.kr.
<b>02-903 Þjóðskjalasafn Íslands</b> 1.01 Þjóðskjalasafn Íslands <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Fagráðuneyti</i>	6,0	<p>Lagt er til 6 m.kr. tímabundið framlag til Þjóðskjalasafns Íslands vegna skráningar sóknarmanntala á Austurlandi. Um er að ræða framhald á verkefni sem stóð yfir á Austurlandi frá því síðla árs 2011 fram á mitt ár 2012 og var það samstarfsverkefni margra aðila.</p> <p>Þá er vakin athygli á því að inni í framlagi til Þjóðskjalasafns Íslands í frumvarpinu eru 6 m.kr. sem samþykktar voru í fjárlögum fyrir árið 2012 vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að veita framlag til eflingar atvinnu og byggðum á Vestfjörðum. Fyrirhugað er að endurnýja samning við Héraðsskjalasafn Ísafjarðar vegna þessa á árinu 2013.</p>
<b>02-903 Þjóðskjalasafn Íslands</b> 1.11 Héraðsskjalasöfn <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Fagráðuneyti</i>	2,0	<p>Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundna hækkun á framlagi til héraðsskjalasafna þannig að það hækki úr 24,3 m.kr í 26,3 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir því að 11,3 m.kr. skiptist á milli héraðsskjalasafna og 15 m.kr. renni til þriggja safna vegna sérverkefna. Þessar 15 m.kr. voru samþykktar við 2. umræðu fjárlaga fyrir árið 2012 og eru framlag til héraðsskjalasafna Austurlands, Árnesinga og Skagfirðinga vegna ljósmyndaverkefnis.</p>
<b>02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn</b> 1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	0,0	Lagt er til að sértekjur verði lækkaðar um 26 m.kr.
<b>02-905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn</b> 1.01 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn <i>Launa- og verðlagsbætur fjmrn.</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Fjármálaráðuneyti</i>	3,5	<p>Gerð er tillaga um 3,5 m.kr. hækkun á launafjárveitingu til stofnunarinnar vegna endurmats á launaforsendum í kjölfar útfærslu á viðauka II í kjarasamningi við Félag háskólakennara.</p>
<b>02-908 Kvikmyndasafn Íslands</b> 1.01 Kvikmyndasafn Íslands <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	2,5	Lagt er til að 2,5 m.kr. verði millifærðar af 02-999-1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis á 02-908-1.01 Kvikmyndasafn Íslands til að styrkja rekstur safnsins.
<b>02-915 Minjastofnun Íslands</b> 1.01 Minjastofnun Íslands <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	0,0	Lagt er til að sértekjur verði lækkaðar um 5,7 m.kr. vegna ofáætlunar í frumvarpinu hjá Forleifavernd ríkisins sem rann inn í nýja stofnun, Minjastofnun Íslands.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>02-915 Minjastofnun Íslands</b> 1.01 Minjastofnun Íslands <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 26,8 m.kr. verði millifærðar frá húsafriðunarnefnd til Minjastofnunar Íslands vegna laga um menningarminjar, nr. 80/2012.	<b>26,8</b>
<b>02-915 Minjastofnun Íslands</b> 1.01 Minjastofnun Íslands <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærðar verði 98,8 m.kr. frá Fornleifavernd ríkisins til Minjastofnunar Íslands samkvæmt lögum um menningarminjar, nr. 80/2012.	<b>98,8</b>
<b>02-916 Fornminjasjóður</b> 6.10 Fornminjasjóður <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 32,2 m.kr. verði millifærðar til fornminjasjóðs úr fornleifasjóði, 02-983-1.54, í samræmi við lög um menningarminjar, nr. 80/2012.	<b>32,2</b>
<b>02-917 Húsafriðunarsjóður</b> 6.10 Húsafriðunarsjóður <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 48,8 m.kr. verði millifærðar af 02-979-6.10 Húsafriðunarsjóður á nýtt viðfang, 02-917-6.10 Húsafriðunarsjóður, vegna laga um menningarminjar, nr. 80/2012.	<b>48,8</b>
<b>02-917 Húsafriðunarsjóður</b> 6.10 Húsafriðunarsjóður <i>Fjárfestingaáætlun</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 200 m.kr. verði veittar til húsafriðunarsjóðs. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefni verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.	<b>200,0</b>
<b>02-919 Söfn og menningarminjar</b> 1.90 Styrkir á sviði menningararfs <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Fagráðuneyti</i>	Lögð er til 5 m.kr. tímabundin hækkun á framlagi til styrkja á sviði menningararfs svo að unnt sé að veita fleirum styrk.	<b>5,0</b>
<b>02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður</b> 6.85 Náttúruminjasafn Íslands <i>Fjárfestingaáætlun</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að veitt verði 500 m.kr. tímabundið framlag til að setja upp sýningu í leiguhúsnæði á vegum Náttúruminjasafns Íslands þar sem aðgangseyrir standi undir leigu og rekstri. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefni verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.	<b>500,0</b>

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður</b>	<b>15,0</b>
6.96 Byggðasöfn Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Fagráðuneyti	Gerð er tillaga um 15 m.kr. tímabundið framlag til Ríkarðssafns á Djúpvavogi.
<b>02-972 Íslenski dansflokkurinn</b>	<b>0,0</b>
1.01 Íslenski dansflokkurinn Millifært Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Lagt er til að sértekjur verði lækkaðar úr 13,4 m.kr. í 11 m.kr. þar sem ekki er talið að stofnunin muni ná þeim sértekjum sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.
<b>02-973 Þjóðleikhúsið</b>	<b>5,6</b>
1.01 Þjóðleikhúsið Launa- og verðlagsbætur fjmrn. Samþykkt af ríkisstjórn Fjármálaráðuneyti	Gerð er leiðrétting á launagrunni Þjóðleikhússins um 7,8 m.kr. og um -2,2 m.kr. á sértekjum vegna áhrifa launahækkana á ársgrundvelli í kjölfar kjarasamninga við FÍH, FÍL og FLÍ á árinu 2012.
<b>02-979 Húsafriðunarnefnd</b>	<b>-26,8</b>
1.01 Húsafriðunarnefnd Millifært Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Lagt er til að 26,8 m.kr. verði millifærðar frá húsafriðunarnefnd til Minjastofnunar Íslands vegna laga um menningarminjar, nr. 80/2012.
<b>02-979 Húsafriðunarnefnd</b>	<b>-48,8</b>
6.10 Húsafriðunarsjóður Millifært Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Lagt er til að 48,8 m.kr. verði millifærðar af 02-979-6.10 Húsafriðunarsjóður á nýtt viðfang, 02-917-6.10 Húsafriðunarsjóður, vegna laga um menningarminjar, nr. 80/2012.
<b>02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands</b>	<b>0,0</b>
1.01 Kvikmyndamiðstöð Íslands Millifært Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Lagt er til að sértekjur verði lækkaðar um 21,7 m.kr. Þessar sértekjur voru að stærstum hluta vegna alþjóðlegra samstarfsverkefna. Áætlað er að sértekjur muni nema um 10 m.kr.
<b>02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands</b>	<b>5,0</b>
1.01 Kvikmyndamiðstöð Íslands Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Fagráðuneyti	Lögð er til 5 m.kr. hækkun á framlagi til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands til að unnt verði að styðja frekar við kvikmyndahátíðir, svo sem alþjóðlegar hátíðir, heimildamyndahátíðir og stuttmyndahátíðir.
<b>02-981 Kvikmyndamiðstöð Íslands</b>	<b>470,0</b>
1.10 Kvikmyndasjóðir Fjárfestingaáætlun Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn	Lagt er til að 470 m.kr. framlag verði veitt til Kvikmyndasjóðs til eflingar á framlögum til skapandi greina. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnið verða fjármöggnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 02-982 Listir

20,0

1.10 Útflutningssjóður  
Fjárfestingaáætlun  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til að 20 m.kr. framlag verði veitt til Útflutningssjóðs tónlistar til eflingar á framlögum til skapandi greina. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnin verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.

### 02-982 Listir

45,0

1.11 Myndlistasjóður  
Fjárfestingaáætlun  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til að 45 m.kr. framlag verði veitt til Myndlistasjóðs til eflingar á framlögum til skapandi greina. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnin verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.

### 02-982 Listir

45,0

1.12 Hönnunarsjóður  
Fjárfestingaáætlun  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til að 45 m.kr. framlag verði veitt til hönnunarsjóðs til eflingar á framlögum til skapandi greina. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnin verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.

### 02-982 Listir

15,0

1.13 Handverkssjóður  
Fjárfestingaáætlun  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til að 15 m.kr. framlag verði veitt til handverkssjóðs til eflingar á framlögum til skapandi greina. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnin verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.



## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 02-982 Listir

70,0

1.18 Bókmenntasjóður  
Fjárfestingaáætlun  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til að 70 m.kr. framlag verði veitt til sjóða á sviði bókmennta til eflingar á framlögum til skapandi greina. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnin verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.

### 02-982 Listir

20,0

1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa  
Fjárfestingaáætlun  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til að 20 m.kr. framlag verði veitt til sviðslistasjóðs til eflingar á framlögum til skapandi greina. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnin verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.

### 02-982 Listir

35,0

1.25 Tónlistarsjóður  
Fjárfestingaáætlun  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til að 35 m.kr. framlag verði veitt til tónlistarsjóðs til eflingar á framlögum til skapandi greina. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnin verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.

### 02-982 Listir

6,0

1.27 Tónlist fyrir alla  
Ákvörðun Alþingis  
Samþykkt á Alþingi  
Fagráðuneyti

Gerð er tillaga um 6 m.kr. tímabundið framlag til verkefnisins Tónlist fyrir alla svo að unnt sé að halda verkefninu áfram.

### 02-982 Listir

15,0

1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi  
Ákvörðun Alþingis  
Samþykkt á Alþingi  
Fagráðuneyti

Gerð er tillaga um 15 m.kr. hækkun á framlagi samnings við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi vegna endurnýjunar á samningi.

### 02-982 Listir

6,0

1.80 Listahátíð í Reykjavík  
Ákvörðun Alþingis  
Samþykkt á Alþingi  
Fagráðuneyti

Gerð er tillaga um 6 m.kr. tímabundna hækkun á framlagi til Listahátíðar í Reykjavík vegna endurnýjunar á samningi. Ríki og Reykjavíkurborg standa sameiginlega að rekstri listahátíðarinnar.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>02-982 Listir</b> 1.90 Styrkir á sviði listgreina <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Fagráðuneyti</i>	<b>5,0</b> Lögð er til 5 m.kr. hækkun á framlagi til styrkja á sviði listgreina svo að unnt sé að veita fleirum styrk.
<b>02-983 Ýmis fræðistörf</b> 1.17 Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna <i>Breyttar forsendur</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>0,0</b> Lagt er til að heiti fjárlagaliðarins 02-982-1.17 Launasjóður höfunda fræðiritra, verði breytt í Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna.
<b>02-983 Ýmis fræðistörf</b> 1.17 Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>20,0</b> Gerð er tillaga um 20 m.kr. millifærslu úr Rannsóknasjóði, 02-236-1.01, á þennan lið, 02-983-1.17 Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna. Sjálfstætt starfandi fræði- og vísindamenn hafa átt erfitt með að fá styrki úr Rannsóknasjóði þar sem þeir eru einyrkjar en ekki hluti af hóp og hefur verið unnið að breytingum á reglum um launasjóð höfunda fræðiritra til að koma á móts við þennan hóp fræði- og vísindamanna. Við skiptingu á hækkun framlaga til rannsóknasjóða í frumvarpinu gleymdist að taka tillit til þessa. Auk breytinga á reglum um launasjóð höfunda fræðiritra er lagt til að heiti sjóðsins verði starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna.
<b>02-983 Ýmis fræðistörf</b> 1.52 Skriðuklaustur <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Fagráðuneyti</i>	<b>5,9</b> Gerð er tillaga um 5,9 m.kr. tímabundið framlag vegna lokauppgjors við Skriðuklaustursrannsóknir.
<b>02-983 Ýmis fræðistörf</b> 1.52 Skriðuklaustur <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>31,7</b> Gerð er tillaga um tímabundna heimild til að ráðstafa fallbótum vegna vatnsréttinda á landi Skriðuklausturs til Gunnarstofnunar í menningarsjóð eins og fyrirbyggjandi ríkisstjórnarsamþykkt frá 14. maí 2010 gerir ráð fyrir. 5. október 2012 var dómsmál vegna ágreinings landeigenda um úrskurð matsnefndar eignarnámsbóta um uppgjör fallbóta vegna vatnsréttinda, sem nýtt eru vegna Kárahnjúkavirkjunar, flutt fyrir Hæstarétti og féll dómur þar nýverið. Þegar ríkisstjórnin gaf samþykki var gert ráð fyrir að bæturnar gætu orðið milli 40-50 m.kr. Þjóðlenda er 1/3 af landinu og 2/3 er eignarland. Ef gengið er út frá því að bætur séu samtals 47,5 m.kr. þá eru 2/3 samtals 31,7 m.kr.
<b>02-983 Ýmis fræðistörf</b> 1.54 Fornleifasjóður <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>-32,2</b> Lagt er til að 32,2 m.kr. verið millifærðar úr fornleifasjóði á 02-916-6.10 Fornminjasjóður í samræmi við lög um menningarminjar, nr. 80/2012.
<b>02-985 Rammaáætlanir ESB um menntun, rannsóknir og tæknipróun</b> 1.01 Landsskrifstofa menntaáætlana ESB <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>-20,0</b> Lagt er til að 20 m.kr. framlag sem veitt er til landsskrifstofu menntaáætlana Evrópusambandsins í frumvarpinu verði millifært til Rannsóknamiðstöðvar Íslands vegna flutnings verkefna til hennar.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>02-988 Æskulýðsmál</b> 1.17 Landssamband KFUM og KFUK <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Fagráðuneyti</i>	<b>5,0</b>	Lagt er til 5 m.kr. tímabundið framlag til sumarbúða í Vatnaskógi og Vindáshlíð fyrir börn með sérþarfir.
<b>02-988 Æskulýðsmál</b> 1.19 Æskulýðssjóður <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>-5,0</b>	Lagt er til að 5 m.kr. verði millifærðar af æskulýðssjóði yfir á fjárlagalið 02-999-1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis til leiðréttingar á millifærslu sem gerð var í frumvarpinu vegna styrkja til Æskulýðsvettvangsins og Landssambands æskulýðsfélaga (LÆF).
<b>02-989 Ýmis íþróttamál</b> 1.10 Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>9,5</b>	Lagt er til að veitt verði 9,5 m.kr. hækkun á framlagi til sérsambanda ÍSÍ vegna áförmu um samning um hækkun styrkja. Minnisblað vegna þessa var lagt fyrir ríkisstjórn 16. febrúar 2012 þar sem gert er ráð fyrir að framlög til sérsambanda samkvæmt samningi hækki og verði 70 m.kr. árið 2013, 80 m.kr. árið 2014, 85 m.kr. árið 2015 og 90 m.kr. árið 2016.
<b>02-989 Ýmis íþróttamál</b> 1.11 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>17,3</b>	Lagt er til að veitt verði 17,3 m.kr. hækkun á framlagi til ferðasjóðs Íþróttasambands Íslands vegna áförmu um samning um hækkun styrkja. Minnisblað vegna þessa var lagt fyrir ríkisstjórn 16. febrúar 2012 þar sem gert er ráð fyrir að framlög til ferðasjóðs Íþróttasambands Íslands hækki og verði 70 m.kr. árið 2013, 80 m.kr. árið 2014, 85 m.kr. árið 2015 og 90 m.kr. árið 2016.
<b>02-989 Ýmis íþróttamál</b> 1.14 Íþróttasamband fatlaðra <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Fagráðuneyti</i>	<b>5,0</b>	Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á framlagi til Íþróttasambands fatlaðra, m.a. vegna ólympískra verkefna.
<b>02-989 Ýmis íþróttamál</b> 1.16 Íþróttasjóður <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>-5,0</b>	Lagt er til að 5 m.kr. verði millifærðar af Íþróttasjóði yfir á fjárlagalið 02-999-1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis til leiðréttingar á millifærslu sem gerð var í frumvarpinu vegna styrkja til Æskulýðsvettvangsins og Landssambands æskulýðsfélaga (LÆF).
<b>02-989 Ýmis íþróttamál</b> 1.29 Afrekssjóður ÍSÍ <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>20,3</b>	Lagt er til að veitt verði 20,3 m.kr. hækkun á framlagi til afrekssjóðs vegna áförmu um samning um hækkun styrkja.
<b>02-999 Ýmislegt</b> 1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>5,0</b>	Lagt er til að 5 m.kr. verði millifærðar af 02-988-1.19 Æskulýðssjóður yfir á fjárlagalið 02-999-1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis til leiðréttingar á millifærslu sem gerð var í frumvarpinu vegna styrkja til Æskulýðsvettvangsins og Landssambands æskulýðsfélaga (LÆF).

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>02-999 Ýmislegt</b>	<b>5,0</b>
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	
<i>Millifært</i>	
<i>Samþykkt af ríkisstjórn</i>	
<i>Ríkisstjórn</i>	
	Lagt er til að 5 m.kr. verði millifærðar af Íþróttasjóði yfir á fjárlagalið 02-999-1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis til leiðréttingar á millifærslu sem gerð var í frumvarpinu vegna styrkja til Æskulýðsvettvangsins og Landssambands æskulýðsfélaga (LÆF).
<b>02-999 Ýmislegt</b>	<b>-2,5</b>
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	
<i>Millifært</i>	
<i>Samþykkt af ríkisstjórn</i>	
<i>Ríkisstjórn</i>	
	Lagt er til að 2,5 m.kr. verði millifærðar af 02-999-1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis á 02-908-1.01 Kvikmyndasafn Íslands til að styrkja rekstur safnsins.
<b>02-999 Ýmislegt</b>	<b>2,0</b>
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	
<i>Ákvörðun Alþingis</i>	
<i>Samþykkt á Alþingi</i>	
<i>Fagráðuneyti</i>	
	Gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag vegna þingsályktunar um vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2012 var lagt til 8 m.kr. tímabundið framlag vegna þessa en aðeins voru veittar 6 m.kr. í fjárlögunum og nú er gerð tillaga um þær 2 m.kr. sem upp á vantaði.
<b>02-999 Ýmislegt</b>	<b>9,0</b>
1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	
<i>Ákvörðun Alþingis</i>	
<i>Samþykkt á Alþingi</i>	
<i>Fagráðuneyti</i>	
	Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til Söguseturs íslenska hestsins og 5 m.kr. tímabundið framlag til Kvenfélagasambands Íslands.

### Samtals mennta- og menningarmálaráðuneyti 3.005,6

<b>03-111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis</b>	<b>128,0</b>
1.01 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	
<i>Fjármagnað með IPA styrkjum</i>	
<i>Samþykkt af ríkisstjórn</i>	
<i>Ríkisstjórn</i>	
	Gerð er tillaga um 128 m.kr. tímabundna fjárheimild til að ráðstafa styrk frá Evrópusambandinu vegna þýðingaverkefna. Á móti fjárheimild samkvæmt þessari tillögu er gert ráð fyrir að komi óafturkræfur styrkur til íslenska ríkisins frá Evrópusambandinu sem færast á tekjuhlíð og hefur verkefnið að því leyti ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Í tillögu Íslands að IPA-landsáætlun 2012 er lagt til að Þýðingamiðstöðinni verði veittur styrkur til þýðinga á ESB-gerðum og þjálfunar tülka. Heildarstuðningur sambandsins við verkefnið á þessari áætlun er 1 milljón evra sem svarar til 160 m.kr. miðað við að gengi evru sé 159,98 kr., og er stuðningurinn allur í formi beinna fjárframlaga. Áætluð útborgun styrksins er 800.000 evrur á árinu 2013 og 200.000 evrur árið 2015. Í fjárlögum fyrir árið 2010 veitti Alþingi tímabundið 180 m.kr. framlag í þrjú ár vegna þessara verkefna, eða samtals 540 m.kr. Sú fjárveiting verður að hluta til mótfamlag Íslands á móti stuðningi Evrópusambandsins við bæði þetta og önnur verkefni í stofnanahluta IPA-áætlunarinnar.
<b>03-111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis</b>	<b>-47,0</b>
1.01 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis	
<i>Fjármagnað með IPA styrkjum</i>	
<i>Samþykkt af ríkisstjórn</i>	
<i>Ríkisstjórn</i>	
	Lagt er til að tillaga í frumvarpinu um 47 m.kr. tímabundið framlag til að ráðstafa IPA-styrk til þýðingarverkefna af landsáætlun 2011 falli brott þar sem í endurskoðaðri áætlun Evrópusambandsins um útborgun IPA-styrkja er ekki reiknað með greiðslum vegna þýðingarverkefna af þeirri áætlun á árinu 2013.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 03-190 Ýmis verkefni

25,0

1.27 Norðurslóðasamstarf  
Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 25 m.kr. framlag til undirbúnings að stofnun aðalræðisskrifstofu í Nuuk á Grænlandi og reksturs skrifstofunnar á síðari hluta ársins. Gert er ráð fyrir að við skrifstofuna muni starfa einn útsendur sendifulltrúi og einn staðarráðinn ritari. Stofnun skrifstofunnar er liður í aukinni áherslu stjórnvalda á málefni norðurslóða og samskipti við Grænland. Tillagan er sett fram með vísan til þingsályktunar Alþingis frá 10. maí 2010 um samkomulag milli Íslands og Grænlands um skipti á útsendum sendifulltrúum.

Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag aðalræðisskrifstofu í Nuuk verði með svipuðum hætti og í Þórshöfn í Færeyjum. Þar starfar útsendur aðalræðismaður, ásamt staðarráðnum ritara og aðstoðarmanni í hlutastarfi. Skrifstofuhúsnæði í Þórshöfn er leigt en bústaður aðalræðismanns er í eigu ríkisins. Í Nuuk er gert ráð fyrir að hafa útsendan aðalræðismann og staðarráðinn ritara og að bæði skrifstofa og bústaður aðalræðismanns verði tekin á leigu, a.m.k. fyrst um sinn. Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður skrifstofunnar er 55 m.kr. og er þá meðtalin árleg fjárför til endurnýjunar á búnaði.

### 03-190 Ýmis verkefni

40,0

1.32 Umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu  
Breyttar forsendur  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 40 m.kr. tímabundna fjárveitingu í eitt ár til að standa straum af kostnaði við aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið. Þetta er viðbót við þær 50 m.kr. sem lagðar voru til í fjárlagafrumvarpinu og er því samtals gerð tillaga um 90 m.kr. fjárveitingu til viðræðnanna. Nýjustu áætlanir gera ráð fyrir að heildarfjárför vegna viðræðnanna á næsta ári verði um 140 m.kr. en gert er ráð fyrir að um 50 m.kr. afgangur af þessum lið á árinu 2012 verði fluttur á milli ára. Utanríkisráðuneytið fékk 250 m.kr. tímabundið framlag vegna viðræðnanna í fjárlögum fyrir árið 2010 og 150 m.kr. í fjárlögum fyrir árið 2011. Vegna tafa sem orðið hafa á aðildarferlinu myndaðist afgangur af þessum fjárheimildum og gert er ráð fyrir að í lokafjárlögum fyrir árið 2011 verði 190 m.kr. afgangur fluttur yfir á árið 2012. Kostnaðurinn á árinu 2012 er áætlaður um 140 m.kr. og því er, eins og áður segir, gert ráð fyrir að þær 50 m.kr. sem eftir standa í árslok verði yfirfærðar til ársins 2013. Um er að ræða kostnað vegna samninganefnda, ferðalaga og sérfræðipjónustu.

### 03-401 Alþjóðastofnanir

20,0

1.36 Verkefni á sviði norðurslóðasamstarfs  
Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 20 m.kr. fjárveitingu til að styrkja þátttöku Íslands í alþjóðlegri samvinnu á grundvelli þingsályktunar um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða frá 28. mars 2011. Samhliða opnun fastaskrifstofu Norðurskautsráðsins í Tromsø á árinu 2013 mun tvíhliða og marghliða alþjóðasamstarf á þessu sviði stórukast og við bætast margvísleg samstarfsverkefni.

### 03-611 Íslandsstofa

-3,0

1.10 Íslandsstofa  
Fjármagnað með ríkistekjum  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lögð er til 3 m.kr. lækkun framlags til Íslandsstofu þar sem í endurskoðaðri áætlun um tekjur af markaðsgjaldi er gert ráð fyrir 3 m.kr. lækkun tekna af gjaldinu. Tekjur af markaðsgjaldi renna óskiptar til Íslandsstofu.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 03-611 Íslandsstofa

50,0

1.10 Íslandsstofa  
Fjárfestingaáætlun  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 50 m.kr. beint framlag úr ríkissjóði til að auka fjárveitingar til Íslandsstofu vegna greiningar og markaðskynningar á grænum erlendum fjárfestingum hér á landi. Þörf er á að halda þessu verki áfram næstu árin eins og ráðgert er samkvæmt þingsályktun um eflingu græna hagkerfisins. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnið verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.

*Samtals utanríkisráðuneyti 213,0*

### 04-101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa

41,0

1.01 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa  
Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 41 m.kr. tímabundna fjárheimild vegna vinnu erlendrar ráðgjafarstofu í tengslum við makrílviðræður. 18. september 2012 var í ríkisstjórn samþykkt minnisblað frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og utanríkisráðherra um að ganga frá samningi við erlenda ráðgjafarfyrirtækið Burson-Marsteller um ráðgjöf vegna Icesave-deilu og makrílviðræðna. Samþykkt var tilboð fyrirtækisins upp á 34.240 pund á mánuði eða um 6,7 m.kr. miðað við daggengi Seðlabanka Íslands. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sér um greiðslu kostnaðar vegna ráðgjafar í makríldeilu í sex mánuði á árinu 2013 og er áætlað að hann verði 41 m.kr. á árinu 2013.

### 04-190 Ýmis verkefni

30,0

1.17 Veiðigjaldsnefnd  
Lögbundið  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 30 m.kr. fjárheimild vegna starfa veiðigjaldsnefndar. Um er að ræða nýja nefnd sem sett er á laggirnar samkvæmt lögum um veiðigjöld, nr. 74/2012. Nefndinni er ætlað að ákvarða sérstakt veiðigjald og gera tillögur um lækkun þess eða undanþágur frá greiðsluskyldu. Í nefndinni sitja þrjú einstaklingar auk þess sem skipaðir eru jafnmargir til vara. Auk launakostnaðar nefndarmanna er gert ráð fyrir einum starfsmanni en einnig að ráðherra geri þjónustusamning við Fiskistofu, Hagstofu Íslands og ríkisskattstjóra um öflun og úrvinnslu þeirra gagna sem nefndin þarfnast í störfum sínum og falla ekki undir lögbundin verkefni þeirra. Þá er nefndinni ætlað að viðhafa viðvarandi könnun á fyrirkomulagi gagnaöflunar og úrvinnslu gagna vegna veiðigjaldsins með það að sjónarmiði að nýta megi gögnin til að sérgreina útreikning á auðlindarentu enn frekar en gert er ráð fyrir í lögnum, t.d. eftir fisktegundum, útgerðarformum eða tegund aflaheimilda.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 04-215 Fiskistofa

40,0

#### 1.01 Fiskistofa

Lögbundið

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 40 m.kr. fjárheimild til að standa undir kostnaði Fiskistofu við aukna og umfangsmikla umsýslu við álagningu og innheimtu veiðigjalda í samræmi við kostnaðarmat sem fylgdi frumvarpi til laga um veiðigjöld sem lagt var fyrir Alþingi í mars sl. Áætlun gerir ráð fyrir að ráða þurfi a.m.k. fjóra sérfræðinga, m.a. á sviði lögfræði og reikningshalds. Gert er ráð fyrir að laun og annar starfstengdur kostnaður vegna þessa verði um 40 m.kr. Lög nr. 74/2012, um veiðigjöld, voru samþykkt á Alþingi 19. júní sl. Í meðförum þingsins voru gerðar breytingar á frumvarpinu sem leggja flókna vinnu og utanumhald á starfsmenn Fiskistofu við útreikning á rétti einstakra aðila til að fá veiðigjald lækkað vegna vaxtakostnaðar þeirra við kaup á aflahlutdeild fyrir gildistöku laganna. Í þessari tillögu er ekki tekið tillit til hugsanlegs viðbótarkostnaðar Fiskistofu sem rekja má til breytinga þingsins.

### 04-234 Matvælastofnun

20,0

#### 1.01 Matvælastofnun

Ákvörðun Alþingis

Samþykkt á Alþingi

Fagráðuneyti

Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlag til að greiða niður aksturskostnað dýralækna til bæja sem liggja langt frá þjónustumiðstöðvum. Greiðslur þessar eiga sér stoð í lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, en þar er kveðið á um að ráðherra skuli tryggja greiðslu staðaruppbótart og/eða ferðakostnaðar dýralæknis sem tekur að sér að veita dreifðum byggðum reglubundna dýralæknaþjónustu. Seint á árinu 2011 var fyrirkomulagi dýralæknaþjónustu breytt með fækkun héraðsdýralækna og umtalsverðri stækkun þjónustusvæða einstakra dýralækna. Þessi breyting hefur haft í för með sér að lengri vegalengdir eru eknar og því hefur kostnaður við niðurgreiðslur á akstri dýralækna hækkað mikið. Verkefnið flyst nú yfir til Matvælastofnunar í stað Bændasamtakanna og er talið kosta um 20 m.kr. á ársgrundvelli. Í búnaðarlagasamningi er ekki gert ráð fyrir framlagi til Bændasamtakanna vegna þessa verkefnis.

### 04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

-54,0

#### 1.01 Beinar greiðslur til bænda

Samningsbundið

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lögð er til 54 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins í samræmi við búnaðarlagasamning frá 28. september 2012 sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar gerðu við Bændasamtök Íslands. Samningurinn er hluti af aðhaldsráðstöfunum ríkissjóðs og felur m.a. í sér að eftirstöðvar verðbóta vegna fyrri ára komi ekki að fullu til greiðslu eins og annars hefði orðið raunin. Þess í stað verða framlög vegna búvörusamninga eingöngu hækkuð til samræmis við áætlaða verðlagshækkun milli árána 2012 og 2013. Verði verðlagsbreytingar aðrar en þær sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu skal mismunurinn leiðréttur á fjárlögum næsta árs. Í breytingum á búvörusamningunum er notast við fjárhæðir úr gildandi fjárlögum sem grunntölur framlaga ársins 2013 í stað þess að notast við grunntölur úr upprunalegum samningum og því lækka fjárhæðir frá því sem upprunalega hafði verið gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Gegn þessari lækkun framlaga voru búvörusamningarnir framlengdir um tvö ár samhliða gerð nýja búnaðarlagasamningsins. Samkvæmt honum hækka framlög ríkisins til landbúnaðarins frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í frumvarpinu.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

-2,0

#### 1.05 Kynbóta- og þróunarstarfsemi

*Samningsbundið*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lögð er til 2 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins í samræmi við búnaðarlagasamning frá 28. september 2012 sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar gerðu við Bændasamtök Íslands. Samningurinn er hluti af aðhaldsráðstöfunum ríkissjóðs og felur m.a. í sér að eftirstöðvar verðbóta vegna fyrri ára komi ekki að fullu til greiðslu eins og annars hefði orðið raunin. Þess í stað verða framlög vegna búvörusamninga eingöngu hækkuð til samræmis við áætlaða verðlagshækkun milli árunna 2012 og 2013. Verði verðlagsbreytingar aðrar en þær sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu skal mismunurinn leiðréttur á fjárlögum næsta árs. Í breytingum á búvörusamningunum er notast við fjárhæðir úr gildandi fjárlögum sem grunntölur framlaga ársins 2013 í stað þess að notast við grunntölur úr upprunalegum samningum og því lækka fjárhæðir frá því sem upprunalega hafði verið gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Gegn þessari lækkun framlaga voru búvörusamningarnir framlengdir um tvö ár samhliða gerð nýja búnaðarlagasamningsins. Samkvæmt honum hækka framlög ríkisins til landbúnaðarins frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í frumvarpinu.

### 04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

-6,0

#### 1.06 Gripagreiðslur

*Samningsbundið*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lögð er til 6 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins í samræmi við búnaðarlagasamning frá 28. september 2012 sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar gerðu við Bændasamtök Íslands. Samningurinn er hluti af aðhaldsráðstöfunum ríkissjóðs og felur m.a. í sér að eftirstöðvar verðbóta vegna fyrri ára komi ekki að fullu til greiðslu eins og annars hefði orðið raunin. Þess í stað verða framlög vegna búvörusamninga eingöngu hækkuð til samræmis við áætlaða verðlagshækkun milli árunna 2012 og 2013. Verði verðlagsbreytingar aðrar en þær sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu skal mismunurinn leiðréttur á fjárlögum næsta árs. Í breytingum á búvörusamningunum er notast við fjárhæðir úr gildandi fjárlögum sem grunntölur framlaga ársins 2013 í stað þess að notast við grunntölur úr upprunalegum samningum og því lækka fjárhæðir frá því sem upprunalega hafði verið gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Gegn þessari lækkun framlaga voru búvörusamningarnir framlengdir um tvö ár samhliða gerð nýja búnaðarlagasamningsins. Samkvæmt honum hækka framlög ríkisins til landbúnaðarins frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í frumvarpinu.



## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

-2,0

#### 1.07 Óframleiðslutengdur stuðningur

*Samningsbundið*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lögð er til 2 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins í samræmi við búnaðarlagasamning frá 28. september 2012 sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar gerðu við Bændasamtök Íslands. Samningurinn er hluti af aðhaldsráðstöfunum ríkissjóðs og felur m.a. í sér að eftirstöðvar verðbóta vegna fyrri ára komi ekki að fullu til greiðslu eins og annars hefði orðið raunin. Þess í stað verða framlög vegna búvörusamninga eingöngu hækkuð til samræmis við áætlaða verðlagshækkun milli árunna 2012 og 2013. Verði verðlagsbreytingar aðrar en þær sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu skal mismunurinn leiðréttur á fjárlögum næsta árs. Í breytingum á búvörusamningunum er notast við fjárhæðir úr gildandi fjárlögum sem grunntölur framlaga ársins 2013 í stað þess að notast við grunntölur úr upprunalegum samningum og því lækka fjárhæðir frá því sem upprunalega hafði verið gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Gegn þessari lækkun framlaga voru búvörusamningarnir framlengdir um tvö ár samhliða gerð nýja búnaðarlagasamningsins. Samkvæmt honum hækka framlög ríkisins til landbúnaðarins frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í frumvarpinu.

### 04-805 Greiðslur vegna sauðfjárfframleiðslu

-24,0

#### 1.01 Beinar greiðslur til bænda

*Samningsbundið*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lögð er til 24 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins í samræmi við búnaðarlagasamning frá 28. september 2012 sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar gerðu við Bændasamtök Íslands. Samningurinn er hluti af aðhaldsráðstöfunum ríkissjóðs og felur m.a. í sér að eftirstöðvar verðbóta vegna fyrri ára komi ekki að fullu til greiðslu eins og annars hefði orðið raunin. Þess í stað verða framlög vegna búvörusamninga eingöngu hækkuð til samræmis við áætlaða verðlagshækkun milli árunna 2012 og 2013. Verði verðlagsbreytingar aðrar en þær sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu skal mismunurinn leiðréttur á fjárlögum næsta árs. Í breytingum á búvörusamningunum er notast við fjárhæðir úr gildandi fjárlögum sem grunntölur framlaga ársins 2013 í stað þess að notast við grunntölur úr upprunalegum samningum og því lækka fjárhæðir frá því sem upprunalega hafði verið gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Gegn þessari lækkun framlaga voru búvörusamningarnir framlengdir um tvö ár samhliða gerð nýja búnaðarlagasamningsins. Samkvæmt honum hækka framlög ríkisins til landbúnaðarins frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í frumvarpinu.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

-13,0

1.11 Gæðastýring  
 Samningsbundið  
 Samþykkt af ríkisstjórn  
 Ríkisstjórn

Lögð er til 13 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins í samræmi við búnaðarlagasamning frá 28. september 2012 sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar gerðu við Bændasamtök Íslands. Samningurinn er hluti af aðhaldsráðstöfunum ríkissjóðs og felur m.a. í sér að eftirstöðvar verðbóta vegna fyrri ára komi ekki að fullu til greiðslu eins og annars hefði orðið raunin. Þess í stað verða framlög vegna búvörusamninga eingöngu hækkuð til samræmis við áætlaða verðlagshækkun milli árunna 2012 og 2013. Verði verðlagsbreytingar aðrar en þær sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu skal mismunurinn leiðréttur á fjárlögum næsta árs. Í breytingum á búvörusamningunum er notast við fjárhæðir úr gildandi fjárlögum sem grunntölur framlaga ársins 2013 í stað þess að notast við grunntölur úr upprunalegum samningum og því lækka fjárhæðir frá því sem upprunalega hafði verið gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Gegn þessari lækkun framlaga voru búvörusamningarnir framlengdir um tvö ár samhliða gerð nýja búnaðarlagasamningsins. Samkvæmt honum hækka framlög ríkisins til landbúnaðarins frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í frumvarpinu.

### 04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

-4,0

1.12 Ullarnýting  
 Samningsbundið  
 Samþykkt af ríkisstjórn  
 Ríkisstjórn

Lögð er til 4 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins í samræmi við búnaðarlagasamning frá 28. september 2012 sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar gerðu við Bændasamtök Íslands. Samningurinn er hluti af aðhaldsráðstöfunum ríkissjóðs og felur m.a. í sér að eftirstöðvar verðbóta vegna fyrri ára komi ekki að fullu til greiðslu eins og annars hefði orðið raunin. Þess í stað verða framlög vegna búvörusamninga eingöngu hækkuð til samræmis við áætlaða verðlagshækkun milli árunna 2012 og 2013. Verði verðlagsbreytingar aðrar en þær sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu skal mismunurinn leiðréttur á fjárlögum næsta árs. Í breytingum á búvörusamningunum er notast við fjárhæðir úr gildandi fjárlögum sem grunntölur framlaga ársins 2013 í stað þess að notast við grunntölur úr upprunalegum samningum og því lækka fjárhæðir frá því sem upprunalega hafði verið gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Gegn þessari lækkun framlaga voru búvörusamningarnir framlengdir um tvö ár samhliða gerð nýja búnaðarlagasamningsins. Samkvæmt honum hækka framlög ríkisins til landbúnaðarins frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í frumvarpinu.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

-4,0

#### 1.13 Markaðsstarf og birgðahald

*Samningsbundið*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lögð er til 4 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins í samræmi við búnaðarlagasamning frá 28. september 2012 sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar gerðu við Bændasamtök Íslands. Samningurinn er hluti af aðhaldsráðstöfunum ríkissjóðs og felur m.a. í sér að eftirstöðvar verðbóta vegna fyrri ára komi ekki að fullu til greiðslu eins og annars hefði orðið raunin. Þess í stað verða framlög vegna búvörusamninga eingöngu hækkuð til samræmis við áætlaða verðlagshækkun milli árunna 2012 og 2013. Verði verðlagsbreytingar aðrar en þær sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu skal mismunurinn leiðréttur á fjárlögum næsta árs. Í breytingum á búvörusamningunum er notast við fjárhæðir úr gildandi fjárlögum sem grunntölur framlaga ársins 2013 í stað þess að notast við grunntölur úr upprunalegum samningum og því lækka fjárhæðir frá því sem upprunalega hafði verið gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Gegn þessari lækkun framlaga voru búvörusamningarnir framlengdir um tvö ár samhliða gerð nýja búnaðarlagasamningsins. Samkvæmt honum hækka framlög ríkisins til landbúnaðarins frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í frumvarpinu.

### 04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

-1,0

#### 1.14 Svæðisbundinn stuðningur

*Samningsbundið*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lögð er til 1 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins í samræmi við búnaðarlagasamning frá 28. september 2012 sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar gerðu við Bændasamtök Íslands. Samningurinn er hluti af aðhaldsráðstöfunum ríkissjóðs og felur m.a. í sér að eftirstöðvar verðbóta vegna fyrri ára komi ekki að fullu til greiðslu eins og annars hefði orðið raunin. Þess í stað verða framlög vegna búvörusamninga eingöngu hækkuð til samræmis við áætlaða verðlagshækkun milli árunna 2012 og 2013. Verði verðlagsbreytingar aðrar en þær sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu skal mismunurinn leiðréttur á fjárlögum næsta árs. Í breytingum á búvörusamningunum er notast við fjárhæðir úr gildandi fjárlögum sem grunntölur framlaga ársins 2013 í stað þess að notast við grunntölur úr upprunalegum samningum og því lækka fjárhæðir frá því sem upprunalega hafði verið gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Gegn þessari lækkun framlaga voru búvörusamningarnir framlengdir um tvö ár samhliða gerð nýja búnaðarlagasamningsins. Samkvæmt honum hækka framlög ríkisins til landbúnaðarins frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í frumvarpinu.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu

-1,0

#### 1.15 Nýliðunar- og átaksverkefni

*Sammingsbundið*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lögð er til 1 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins í samræmi við búnaðarlagasamning frá 28. september 2012 sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar gerðu við Bændasamtök Íslands. Samningurinn er hluti af aðhaldsráðstöfunum ríkissjóðs og felur m.a. í sér að eftirstöðvar verðbóta vegna fyrri ára komi ekki að fullu til greiðslu eins og annars hefði orðið raunin. Þess í stað verða framlög vegna búvörusamninga eingöngu hækkuð til samræmis við áætlaða verðlagshækkun milli árunna 2012 og 2013. Verði verðlagsbreytingar aðrar en þær sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu skal mismunurinn leiðréttur á fjárlögum næsta árs. Í breytingum á búvörusamningunum er notast við fjárhæðir úr gildandi fjárlögum sem grunntölur framlaga ársins 2013 í stað þess að notast við grunntölur úr upprunalegum samningum og því lækka fjárhæðir frá því sem upprunalega hafði verið gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Gegn þessari lækkun framlaga voru búvörusamningarnir framlengdir um tvö ár samhliða gerð nýja búnaðarlagasammingsins. Samkvæmt honum hækka framlög ríkisins til landbúnaðarins frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í frumvarpinu.

### 04-811 Bændasamtök Íslands

11,6

#### 1.11 Ráðgjafarþjónusta og búfjárrækt

*Sammingsbundið*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lögð er til 11,6 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins í samræmi við búnaðarlagasamning frá 28. september 2012 sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar gerðu við Bændasamtök Íslands. Samningurinn er gerður í framhaldi af fyrri búnaðarlagasamningum frá árunum 2005 og 2010 og er ætlað að stuðla að framförum í íslenskri búvöruframleiðslu og auka samkeppnishæfni landbúnaðar eins og kveðið er á um í búnaðarlögum, nr.70/1998. Allar greiðslur samkvæmt samningnum sem varða leiðbeiningarþjónustu, búfjárrækt, jarðabætur og lífræna ræktun renna til Bændasamtaka Íslands sem annast ráðstöfun þeirra. Meðal þeirra verkefna sem samningurinn tekur til eru efling jarðræktar, gæðastýring í garð- og ylrækt, rekstrar- og fjármálaráðgjöf, búfjárrækt og lífrænn búskapur.

Samkvæmt samningnum verða framlög ríkisins til fjárlagaviðfangsins vegna leiðbeinandi þjónustu 338 m.kr. árið 2013, 328 m.kr. árið 2014 og 318 m.kr. árin 2015-2017. Framlög til búræktar verða 87 m.kr. öll árin. Samtals verða því framlög til fjárlagaviðfangsins 425 m.kr. árið 2013, 415 m.kr. árið 2014 og 405 m.kr. árin 2015-2017. Fjárhæðir eru á verðlagi 2013 og taka breytingum samkvæmt launa- og verðlagsforsendum fjárlaga ár hvert.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 04-811 Bændasamtök Íslands

48,3

#### 1.13 Þróunarverkefni og jarðrækt

*Sammingsbundið*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lögð er til 48,3 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins í samræmi við búnaðarlagasamning frá 28. september 2012 sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar gerðu við Bændasamtök Íslands. Samningurinn er gerður í framhaldi af fyrri búnaðarlagasamningum frá árunum 2005 og 2010 og er ætlað að stuðla að framförum í íslenskri búvöruframleiðslu og auka samkeppnishæfni landbúnaðar eins og kveðið er á um í búnaðarlögum, nr.70/1998. Allar greiðslur samkvæmt samningnum sem varða leiðbeiningarþjónustu, búfjárrækt, jarðabætur og lífræna ræktun renna til Bændasamtaka Íslands sem annast ráðstöfun þeirra. Meðal þeirra verkefna sem samningurinn tekur til eru efling jarðræktar, gæðastýring í garð- og ylrækt, rekstrar- og fjármálaráðgjöf, búfjárrækt og lífrænn búskapur.

Samkvæmt samningnum verða framlög ríkisins til þessa viðfangs 60 m.kr. árið 2013 en hækka svo um 10 m.kr. á ári út samningstímam. Fjárhæðir eru á verðlagi 2013 og taka breytingum samkvæmt launa- og verðlagsforsendum fjárlaga hvert ár.

### 04-821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

25,8

#### 1.01 Framleiðnisjóður landbúnaðarins

*Sammingsbundið*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lögð er til 25,8 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins í samræmi við búnaðarlagasamning frá 28. september 2012 sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar gerðu við Bændasamtök Íslands. Samningurinn er gerður í framhaldi af fyrri búnaðarlagasamningum frá árunum 2005 og 2010 og er ætlað að stuðla að framförum í íslenskri búvöruframleiðslu og auka samkeppnishæfni landbúnaðar eins og kveðið er á um í búnaðarlögum, nr.70/1998.

Samkvæmt samningnum verða framlög ríkisins til sjóðsins 70 m.kr. árið 2013, 85 m.kr. árið 2014, 110 m.kr. árið 2015, 125 m.kr. árið 2016 og 140 m.kr. árið 2017. Fjárhæðir eru á verðlagi 2013 og taka breytingum samkvæmt launa- og verðlagsforsendum fjárlaga hvert ár.

### *Samtals sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti 105,7*

### 06-190 Ýmis verkefni

25,0

#### 1.47 Íslensk ættleiðing

*Ákvörðun Alþingis*

*Samþykkt á Alþingi*

*Alþingi*

Gerð er tillaga um 25 m.kr. framlag til að tryggja rekstrargrundvöll Íslenskrar ættleiðingar. Þessi fjárveiting er ætluð sem viðbót við 9,1 m.kr. sem lögð er til í frumvarpinu til að unnt verði að tryggja grunnþjónustu sem félaginu er ætlað að sinna. Heildarframlag til Íslenskrar ættleiðingar er þá áætlað samtals 34,1 m.kr. fyrir árið 2013. Drög að þjónustusamningi milli félagsins og innanríkisráðuneytisins liggja fyrir og nauðsynlegt er að ljúka viðræðum og skrifa undir samning áður en kemur til greiðslu framlaga næsta árs.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 06-190 Ýmis verkefni

23,9

#### 1.55 Rekstur ráðherrabifreiða

*Millifært*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lagt er til að millifærðar verði 23,9 m.kr. frá Rekstrarfélagi Stjórnarráðsins til innanríkisráðuneytisins í tengslum við tilflutning á umsýslu ráðherrabifreiða, annars vegar 14,9 m.kr. vegna reksturs ráðherrabifreiða og hins vegar 9 m.kr. vegna endurnýjunar á ráðherrabifreiðum. 12. október 2012 samþykkti ríkisstjórnin að fela innanríkisráðuneytinu umsýslu bifreiðamála í Stjórnarráðinu, að því marki sem sú þjónusta hefur verið í höndum Rekstrarfélags Stjórnarráðsins. Með þessu mun innanríkisráðuneytið taka að sér kaup, rekstur og viðhald á ráðherrabifreiðum, öryggismál og samskipti við embætti ríkislögreglustjóra í tengslum við akstur ráðherra, afleysingar í forföllum bílstjóra o.fl. Tók ákvörðun ríkisstjórnarinnar gildi 15. október 2012. Fjárhæðin er í samræmi við fjárheimildir sem millifærðar voru frá ráðuneytum þegar umsýsla bifreiða var færð til Rekstrarfélags Stjórnarráðsins árið 2010. Fjárheimildin færist til hækkunar hjá innanríkisráðuneytinu.

### 06-190 Ýmis verkefni

10,0

#### 1.98 Ýmis framlög innanríkisráðuneytis

*Ákvarðanir ríkisstjórnar*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag á árinu 2013 í samræmi við þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014, sem samþykkt var á Alþingi 11. júní 2012. Í ályktuninni er kveðið á um að innanríkisráðuneytið beri ábyrgð á að undirbúa fullgildinguna samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

### 06-235 Bætur brotaþola

10,0

#### 1.10 Bætur brotaþola

*Lögbundið*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 10 m.kr. fjárheimild vegna breytinga á lögum nr. 69/1995, um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Í lögnum hafa miskabætur verið hækkaðar en á móti sett lágmark á það sem greitt er vegna varanlegs líkamstjóns og bætur vegna þess lækkaðar. Þá hafa hámarksbætur vegna líkamstjóna verið hækkaðar og gert er ráð fyrir því, miðað við svipaðan fjölda mála og áður, að heildaráhrif lagasetningarinnar leiði til 10 m.kr. hækkunar á ársgrundvelli.

### 06-236 Sanngirnibætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn

248,1

#### 1.10 Sanngirnibætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn

*Breyttar forsendur*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um að tímabundin fjárheimild vegna sanngirnibóta verði hækkuð um 248,1 m.kr. og verði 337,5 m.kr. Áður hafði verið gert ráð fyrir að fjárþörf vegna sanngirnibóta yrði 194 m.kr. á næsta ári en 120 m.kr. afgangur af fjárheimild yfirstandandi árs yrði yfirfærður og heildarfjárheimild ársins mundi því nægja fyrir áætluðum greiðslum. Nú er ljóst að úrskurðaðar bætur sem greiddar hafa verið á yfirstandandi ári eru um 130 m.kr. hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir. Munar þar mest um bætur vegna vistheimilisins Jaðars en þar voru úrskurðaðar bætur 118 m.kr. eða 68 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Úrskurðaðar bætur voru í öllum tilvikum hærrí en áætlað hafði verið. Fyrri áætlun gerði ráð fyrir að úrskurðaðar bætur vegna Unglingaheimilis ríkisins yrðu 250 m.kr. og kæmu allar til greiðslu á árinu 2014. Nú er gert ráð fyrir að bætunarnar verði ekki eins háar, eða 200 m.kr., en af þeim komi 150 m.kr. til greiðslu á næsta ári. Í því sambandi þarf þó að hafa í huga að innköllunarfresti er ekki lokið, áætlunin hvílir því á mati á fjölda umsókna og gæti breyst.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 06-301 Ríkissaksóknari

32,0

1.05 Ríkissaksóknari  
*Ákvörðun Alþingis*  
*Samþykkt á Alþingi*  
*Fagráðuneyti*

Gerð er tillaga um 32 m.kr. framlag til þess að unnt verði að mæta auknum verkefnum embættisins. Ríkissaksóknari fer með eftirlit með framkvæmd ákærvalds hjá lögreglustjórum og gagnvart embætti sérstaks saksóknara. Ákvarðanir sérstaks saksóknara um að vísa frá ákæru eða hætta rannsókn máls eru kærarlegar til ríkissaksóknara, ríkissaksóknari fjallar um tillögu sérstaks saksóknara um að upplýsingaaðili sæti ekki kærur og ríkissaksóknari fer með saksókn við Hæstarétt í þeim málum sérstaks saksóknara sem er áfrýjað. Framgangur þeirra mála sem sérstakur saksóknari fæst við á því talsvert undir því að ríkissaksóknara sé gert kleift að sinna eftirlitshlutverki sínu og meðferð mála fyrir Hæstarétti. Málum hefur fjölgað verulega og álag aukist bæði vegna mála frá sérstökum saksóknara og vegna annarra mála hjá embættinu. Til þess að mál frá sérstökum saksóknara tefji ekki framgang annarra mála, eins og verulega er farið að bera á, eru hér lagðar til auknar fjárheimildir.

### 06-303 Ríkislögreglustjóri

15,0

1.01 Ríkislögreglustjóri  
*Breyttar forsendur*  
*Samþykkt af ríkisstjórn*  
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 15 m.kr. fjárveitingu til útgáfu ökuskírteina. Á grundvelli þess verðs sem birgjar hafa boðið í útboði vegna ökuskírteina er fjárvöntun vegna verkefnisins 15 m.kr. Tekjur ríkissjóðs vegna útgáfu á ökuskírteinum eru rúmar 113 m.kr.

### 06-312 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

32,0

1.01 Lögreglustjórinn á Suðurnesjum  
*Breyttar forsendur*  
*Samþykkt af ríkisstjórn*  
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 32 m.kr. fjárheimild vegna fjölgunar farþega sem fara um Keflavíkurlugvöll. Farþegum hefur fjölgað mikið frá 2009 eftir fækkun frá árinu 2007. Árið 2011 var fjölgunin 17,9% og í ár er gert ráð fyrir að farþegum fjölgi um 10%. Frá árinu 2009 hefur hlutfall farþega til og frá löndum utan Schengen fjölgað úr 38,6% í 42,3% af heildarfjölda farþega um völinn. Þegar horft er til framtíðar er ljóst að þetta hlutfall mun ekki fara lækkandi miðað við áform flugrekstraraðila. Nýir áfangastaðir eins og St. Pétursborg í Rússlandi og Anchorage í Alaska munu opnast í beinu flugi sumarið 2013 auk þess sem gert er ráð fyrir auknu flugi til og frá Kanada á næstu árum til viðbótar við aukið flug til Bandaríkjanna og Bretlands. Farþegaspá fyrir Keflavíkurlugvöll gerir ráð fyrir að farþegar til og frá löndum utan Schengen verði orðnir 1.632 þúsund árið 2018 samanborið við 1.055 þúsund árið 2011, eða sem svarar til 55% aukningar. Spáin gerir ráð fyrir 7,1% aukningu milli ára til ársins 2016. Tvö síðustu ár hafa verið mjög erfið í landamæravörslu á völinum vegna mannfæðar og fyrir liggur að lögreglan mun ekki geta annað auknum umsvifum nema fjölgað verði störfum í flugstöðvardeild embættisins.

### 06-398 Útlendingastofnun

18,0

1.01 Útlendingastofnun  
*Breyttar forsendur*  
*Samþykkt af ríkisstjórn*  
*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 18 m.kr. fjárheimild þannig að Útlendingastofnun geti ráðið tvo lögfræðinga í fullt starf til að afgreiða umsóknir frá erlendum aðilum um hæli hér á landi. Gert er ráð fyrir að með því að auka afgreiðsluhraða umsókna um hæli verði unnt að lækka kostnað vegna hælisleitenda sem að óbreyttu stefnir í að fara langt umfram fjárheimildir. Hjá Útlendingastofnun starfa nú fjórir lögfræðingar, þar af tveir við meðferð hælisumsókna. Gera má ráð fyrir að einn lögfræðingur geti afgreitt um 20-25 efnismeðferðarmál á ári eða um 50 Dyflinnarmál, sinni hann engum öðrum verkefnum.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík</b> 1.01 Sýslumaðurinn í Reykjavík <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>2,5</b>	Gerð er tillaga um að millifærð verði 2,5 m.kr. fjárheimild frá sýslumanninum í Búðardal til sýslumannsins í Reykjavík. Verkefni er lúta að ættleiðingum hafa verið flutt milli embættanna. Þeim fylgir 2,5 m.kr. fjárveiting.
<b>06-411 Sýslumaðurinn í Reykjavík</b> 1.01 Sýslumaðurinn í Reykjavík <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>20,0</b>	Gerð er tillaga um 20 m.kr. fjárheimild til þess að embættinu verði gert kleift að sinna betur meginverkefnum sínum á næsta ári. Störfum við embættið sem voru 60 fyrir örfáum árum hefur fækkað um 15, eða um 20%, en á sama tíma hefur verkefnum fjölgað. Nú er svo komið að tafir í afgreiðslu á þinglýsingum og ættleiðingarmálum eru orðnar óviðunandi. Hins vegar hefur tekist að halda að mestu eðlilegum málshraða í öðrum málaflokkum. Ekki hefur verið hægt að fækka starfsfólki að því marki sem að var stefnt, m.a. vegna mikils álags, veikinda og nýrra verkefna. Stöðugildum hefur þó fækkað um tvö á árinu.
<b>06-415 Sýslumaðurinn í Búðardal</b> 1.01 Sýslumaðurinn í Búðardal <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>-2,5</b>	Gerð er tillaga um að millifærð verði 2,5 m.kr. fjárheimild frá sýslumanninum í Búðardal til sýslumannsins í Reykjavík. Verkefni er lúta að ættleiðingum hafa verið flutt milli embættanna. Þeim fylgir 2,5 m.kr. fjárveiting.
<b>06-420 Sýslumaðurinn á Blönduósi</b> 1.05 Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Fagráðuneyti</i>	<b>20,0</b>	Lagt er til að fjárheimild sýslumannsins á Blönduósi verði hækkuð um 20 m.kr. til að tryggja áframhaldandi rekstur innheimtumiðstöðvar sýslumannsins. Síðan innheimtumiðstöðin var sett á laggirnar árið 2006 hefur starfsemin verið þróuð og aðlöguð þeim verkefnum sem óskað hefur verið eftir að hún sinni. Hér er um að ræða innheimtu sekta og sakarkostnaðar á landsvísu ásamt norrænni sektarinnheimtu. Þá hafa verið innheimtar endurkröfur á skaða- og miskabótum fyrir bótanefnd og endurkröfur vegna gjafsókna og höfð umsjón með greiðslum örorkunefndar. Með skýrslu norðvesturnefndarinnar sem gefin var út á árinu 2008 voru embættinu falin frekari verkefni og fylgdi þeim tímabundin 15 m.kr. fjárheimild á fjárákalgögum í lok sama árs, en ekki varanleg fjárheimild. Innheimta fyrir Tryggingastofnun ríkisins og Fjármálaeftirlitið hófst á árinu 2010 og innheimta fyrir Fæðingarorlofssjóð og Atvinnuleysistryggingasjóð. Þeim verkefnum fylgdi einnig fjárheimild, aftur 15 m.kr. Á árinu 2012 hóf embættið að innheimta stjórnvaldssektir fyrir Vinnueftirlitið og til skoðunar er að innheimta dagsektir fyrir Hagstofuna og stjórnvaldssektir Seðlabankans. Til þess að unnt verði að viðhalda góðum árangri í innheimtum fyrir ríkið og ríkisaðila er talið nauðsynlegt að hækka fjárveitingar um 20 m.kr. á ársgrundvelli.



## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 06-434 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ

3,0

#### 1.01 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ

Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 3 m.kr. fjárheimild til að hægt verði að halda opnu útibúi sýslumannsembættisins í Grindavík. Rekstrarkostnaður útibúsins á árinu 2010 var 8,5 m.kr., en eftir þær breytingar sem gerðar voru í byrjun árs 2011 er hann nú aðeins 3 m.kr. á ári. Góð samlegðaráhrif náðust með samningi við lögreglustjórn á Suðurnesjum um samnýtingu húsnæðis og með því að starfsmaður veitir upplýsingar og tekur við erindum til lögreglunnar í Grindavík á opnunartíma útibúsins. Fjárhagsstaða sýslumannsembættisins í Reykjanesbæ er orðin það þröng vegna hagræðingaraðgerða undanfarinna ára að nauðsynlegt yrði að loka útibúinu í Grindavík að óbreyttum fjárveitingum.

### 06-490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembættis

30,0

#### 1.10 Ýmis sameiginlegur kostnaður

Lögbundið  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 30 m.kr. fjárheimild vegna innleiðingar á lögum um breytingu á barnalögum sem samþykkt voru 12. júní sl. Gert hafði verið ráð fyrir því að löggin tækju gildi um næstu áramót en fyrirhugað er að leggja fram lagafrumvarp þess efnis að gildistökkunni verði frestað til 1. júlí 2013. Hér er því um að ræða hálfis árs kostnað vegna laganna en gert er ráð fyrir því að verkefni sem löggin gera ráð fyrir að verði hjá sýslumannsembættunum geti samsvarað um sex stöðugildum og heildarkostnaður verði um 60 m.kr. á ársgrundvelli.

### 06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins

8,5

#### 1.01 Fangelsismálastofnun ríkisins

Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 8,5 m.kr. fjárheimild til að unnt verði að ráða í stöðugildi fangavarðar við aðgangseftirlit á Litla-Hrauni. Í fjárlögum 2012 var veitt 50 m.kr. framlag til að bæta öryggismál fangelsisins á Litla-Hrauni. Var það fyrsti liðurinn í áætlun um endurbætur og uppbyggingu öryggisfangelsis þar í samræmi við skýrslu nefndar um framtíðarrekstur fangelsisins frá því í október 2007. Meðal þess sem talið var brýnt að bæta úr á Litla-Hrauni var að setja upp leitaraskanna, leitarhlið og betri aðstöðu til að leita á gestum og í farangri. Nú þegar eru þessar úrbætur farnar af stað og í árslok verður búið að koma upp ytra hliði við aðkomu að bílastæði, nýju móttökuhúsnæði sem mun hýsa leitarhlið og gegnumlýsingarbúnað og aðstöðu til leitar á fólki og í farangri. Umfang þessa eftirlits er talsvert en samkvæmt gögnum fangelsisins þarf að framkvæma 15-20 þúsund leitir árlega á starfsmönnum, gestum, föngum og öðrum sem óhjákvæmilegt er að komi inn í fangelsið, auk leita í farangri, sendingum og vörumóttökum sem skipta einnig þúsundum. Þetta mikla umfang kallar á viðveru starfsmanns í húsinu alla daga frá kl. 8-20 og viðbótarstarfsmanns á álagstímum.

### 06-591 Fangelsisbyggingar

15,0

#### 6.10 Stofnframkvæmdir

Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 15 m.kr. tímabundna fjárveitingu á árinu 2013 til að útbúa aðstöðu í fangelsinu að Sogni. Fyrir liggur að hægt er með góðu móti að steypa plötu yfir svokallaðan útigarð á Sogni. Samkvæmt úttekt arkitekts hússins er talið að auðvelt verði að nýta þær lagnir sem eru til staðar í garðinum þannig að hægt væri að koma upp hreinlætisaðstöðu við hlið líkamsræktarstöðvarinnar þar. Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir því að framkvæmdin muni kosta 15 m.kr., þar af fari 12 m.kr. í að steypa plötuna og 3 m.kr. í einangrun og glugga.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 06-591 Fangelsisbyggingar

50,0

6.10 Stofnframkvæmdir  
 Ákvarðanir ríkisstjórnar  
 Samþykkt af ríkisstjórn  
 Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði tímabundið 50 m.kr. framlag á árinu 2013 til öryggismála í fangelsum. Á árinu 2012 hefur verið unnið að framkvæmdum við afgirt móttökuhús, leitarskanna, vopnaleitarhlið o.fl. á Litla-Hrauni fyrir 50 m.kr. fjárheimild sem Alþingi veitti á fjárlögum fyrir árið 2012. Nú er gerð tillaga um áframhaldandi fjárheimild til að unnt verði að koma upp nýju yfirbyggðu vörumóttökuplani við móttökuhús (20 m.kr.), setja upp öfluga girðingu að innanverðu við mest notuðu útisvæði fanga til að minnka líkur á óundirbúnu stroki (25 m.kr.) og fjárfesta í sjónvörpum í alla klefa (5 m.kr.).

### 06-591 Fangelsisbyggingar

1.000,0

6.10 Stofnframkvæmdir  
 Fjárfestingaáætlun  
 Samþykkt af ríkisstjórn  
 Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 1 milljarðs kr. tímabundna fjárheimild til að standa straum af kostnaði á árinu 2013 við byggingu á nýju fangelsi á Hólmsheiði. Gert er ráð fyrir að hönnunarsamkeppni og fullnaðarhönnun byggingarinnar fari fram á þessu ári en byggingarframkvæmdir verði á árunum 2013 og 2014 og fangelsið verði tekið í notkun á miðju ári 2015. Heildarkostnaður er á þessu stigi áætlaður tæpir 2,5 milljarðar kr. Á undanförmum missirum hefur verið unnið að varanlegri lausn á þeim vanda sem uppi hefur verið í fangelsismálum hér á landi. Heildarfjöldi fangarýma var 133 í ársbyrjun 2010 en boðunarlistar til afplánunar hafa verið að lengjast. Til að leysa málið til bráðabirgða var leigt húsnæði að Bitru á árinu 2010 til vistunar á föngum sem gætu verið í opnu fangelsisrými en þau rými hafa síðan verið flutt að Sogni í Ölfusi. Með þessu móti fjölgaði rýmum fyrir fanga um 16. Áformað er að nýtt fangelsi á Hólmsheiði rúmi 56 fangarými en á móti verði lögð af 26 rými í kvennafangelsinu í Kópavogi og í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg þannig að viðbótarrými verði 30 talsins. Fjölgun fangarýma frá ársbyrjun 2010 verður þá um 46 eða 35%. Áætlað er að árlegur rekstrarkostnaður við hvert fangarými sé u.þ.b. 8 m.kr. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnin verða fjármöggnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.

### 06-651 Vegagerðin

463,2

6.81 Vestmannaeyjaferja  
 Fjárfestingaáætlun  
 Samþykkt af ríkisstjórn  
 Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 463,2 m.kr. tímabundið framlag til smíði á nýrri Vestmannaeyjaferju á næsta ári. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnin verða fjármöggnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

- 06-657 Umferðarstofa** **5,0**  
 1.01 Umferðarstofa  
*Ákvarðanir ríkisstjórnar*  
*Samþykkt af ríkisstjórn*  
*Ríkisstjórn*
- Gerð er tillaga um 5 m.kr. fjárheimild til svokallaðs EuroRap-verkefnis hér á landi en Félag Íslenskra bifreiðaeigenda hefur staðið að slíku verkefni síðan 2006. Verkefnið snýr að stjórnugjöf fyrir vegi og umhverfi þeirra með tilliti til öryggis og er nú að komast á það stig að hægt verður að nýta upplýsingar úr verkefninu til að forgangsraða öryggisaðgerðum á vegakerfinu.
- 06-658 Rannsóknanefnd umferðarslysa** **10,1**  
 1.01 Rannsóknanefnd umferðarslysa  
*Ákvarðanir ríkisstjórnar*  
*Samþykkt af ríkisstjórn*  
*Ríkisstjórn*
- Gerð er tillaga um að fjárheimildir rannsóknarnefndar umferðarslysa verði hækkaðar um 8 m.kr. Þá er jafnframt gerð tillaga um að 2,1 m.kr. sértekjuáætlun verði felld út úr fjárlögum þar sem ekki er talið raunhæft að rannsóknarnefndin geti aflað þeirra sértekna. Lengi hefur verið áformað að sameina rannsóknarnefndir umferðarslysa, sjóslysa og flugslysa en frumvarp þess efnis hefur ekki orðið að lögum. Í fjárlögum fyrir árið 2010 var gert ráð fyrir að með sameiningunni yrði hægt að ná fram ákveðinni rekstrarhagræðingu í starfsemi þessara nefnda. Þegar ljóst varð að frumvarp um sameininguna yrði ekki að lögum var farið fram á að fjárheimildir þeirra yrðu hækkaðar sem næmi þeirri hagræðingu sem þá var ljóst að ekki næðist fram. Orðið var við þessu án þess þó að hækka varanlegar fjárheimildir og þess vegna hefur verið viðvarandi veikleiki í starfsemi nefndarinnar síðan.
- 06-661 Siglingastofnun Íslands** **50,0**  
 6.51 Orkuskipti í skipum  
*Fjárfestingaáætlun*  
*Samþykkt af ríkisstjórn*  
*Ríkisstjórn*
- Gerð er tillaga um 50 m.kr. fjárheimild á þessum fjárlagalið til að standa undir endurgreiðslum á allt að 20% af kostnaði upp að tilteknu hámarki við breytingar sem gera þarf á skipum eða innviðum hafna til að skipta yfir í vistvænt eldsneyti eða bæta nýtingu eldsneytis eins og ráðgert er samkvæmt þingsályktun um eflingu græna hagkerfisins. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnið verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.
- 06-661 Siglingastofnun Íslands** **57,4**  
 6.80 Sjóvarnargarðar  
*Millifært*  
*Samþykkt af ríkisstjórn*  
*Ríkisstjórn*
- Gerð er tillaga um að millifærð verði 57,4 m.kr. fjárheimild af fjárlagalið 06-662-670 í samræmi við samgönguáætlun.
- 06-662 Hafnarframkvæmdir** **-57,4**  
 6.70 Hafnabótasjóður  
*Millifært*  
*Samþykkt af ríkisstjórn*  
*Ríkisstjórn*
- Gerð er tillaga um að millifærð verði 57,4 m.kr. fjárheimild af fjárlagalið 06-662-6.70 á 06-661-6.80 í samræmi við fjárveitingar í samgönguáætlun.
- 06-662 Hafnarframkvæmdir** **-81,4**  
 6.70 Hafnabótasjóður  
*Millifært*  
*Samþykkt af ríkisstjórn*  
*Ríkisstjórn*
- Gerð er tillaga um að millifærð verði 81,4 m.kr. fjárheimild á fjárlagaliðinn 06-662-6.72 af 06-662-6.72 í samræmi við samgönguáætlun.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<p><b>06-662 Hafnarframkvæmdir</b> 6.72 Landeyjahöfn <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i></p>	<p><b>81,4</b></p>	<p>Gerð er tillaga um að millifærð verði 81,4 m.kr. fjárheimild á fjárlagaliðinn 06-662-672 af liðnum 06-662-6.70 í samræmi við samgönguáætlun.</p>
<p><b>06-662 Hafnarframkvæmdir</b> 6.72 Landeyjahöfn <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i></p>	<p><b>7,8</b></p>	<p>Gerð er tillaga um að millifærð verði 7,8 m.kr. fjárheimild á fjárlagaliðinn 06-662-6.76 af 06-662-6.72 í samræmi við samgönguáætlun.</p>
<p><b>06-662 Hafnarframkvæmdir</b> 6.72 Landeyjahöfn <i>Fjárfestingaáætlun</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i></p>	<p><b>176,8</b></p>	<p>Gerð er tillaga um 176,8 m.kr. tímabundna hækkun á fjárheimild í samræmi við samgönguáætlun sem gerir ráð fyrir að fjárveiting til Landeyjahafnar verði 510 m.kr. á næsta ári. Umræddar 510 m.kr. skiptast þannig að 290 m.kr. renna til viðhaldsdýpkunar, 200 m.kr. til undirbúnings framtíðarlausn fyrir höfnina og 20 m.kr. til landgræðslu við höfnina. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnin verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.</p>
<p><b>06-662 Hafnarframkvæmdir</b> 6.76 Ferjubryggjur <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i></p>	<p><b>-7,8</b></p>	<p>Gerð er tillaga um að millifærð verði 7,8 m.kr. fjárheimild á fjárlagaliðinn 06-662-6.76 í samræmi við samgönguáætlun.</p>
<p><b>06-671 Flugmálastjórn Íslands</b> 1.01 Flugmálastjórn Íslands <i>Fjármagnað með ríkistekjum</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i></p>	<p><b>17,6</b></p>	<p>Gerð er tillaga um 17,6 m.kr. fjárheimild vegna breytinga á lögum um loftferðir, nr. 60/1998. Með breytingu á 126. gr. c laganna sem tók gildi 26. júní 2012 hefur Flugmálastjórn Íslands verið veitt heimild til að innheimta gjald vegna kostnaðar af kvörtunum sem berast frá neytendum á grundvelli laganna. Stofnuninni er heimilt að innheimta gjaldið af viðkomandi þjónustuveitanda sem kvartað er yfir í hlutfalli við fjölda ákvarðana sem af kvörtunum leiðir.</p>

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 06-678 Rannsóknanefnd flugslysa

6,0

#### 1.01 Rannsóknanefnd flugslysa

Ákvarðanir ríkisstjórnar

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimildir rannsóknarnefndar flugslysa verði hækkaðar um 6 m.kr. Þá er jafnframt gerð tillaga um að samsetningu fjárheimildanna verði breytt þannig að fjárheimildir til launagreiðslna hækki um 13 m.kr. en fjárheimildir til annarra rekstrargjalda lækki á móti um 7 m.kr. til að þær endurspegli betur samsetningu raunútgjalda. Lengi hefur verið áformað að sameina rannsóknarnefndir umferðarslysa, sjóslysa og flugslysa en frumvarp þess efnis hefur ekki orðið að lögum. Í fjárlögum fyrir árið 2010 var gert ráð fyrir að með sameiningunni yrði hægt að ná fram ákveðinni rekstrarhagræðingu í starfsemi þessara nefnda. Þegar ljóst varð að frumvarp um sameininguna yrði ekki að lögum var farið fram á að fjárheimildir þeirra yrðu hækkaðar sem næmi þeirri hagræðingu sem þá var ljóst að ekki næðist fram. Orðið var við þessu án þess þó að hækka varanlegar fjárheimildir og þess vegna hefur verið viðvarandi veikleiki í starfsemi þeirra síðan.

### 06-689 Fjarskiptasjóður

236,6

#### 1.15 Samningur við fjarskiptafyrirtækið Farice ehf.

Millifært

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar séu 236,6 m.kr. af fjárlagaviðfangi 06-689-6.41, sem er stofnkostnaðarviðfang, yfir á rekstrarviðfangið 06-689-1.15. Um er að ræða rekstur og aðkeypta þjónustu frekar en stofnkostnað.

### 06-689 Fjarskiptasjóður

182,0

#### 1.15 Samningur við fjarskiptafyrirtækið Farice ehf.

Sammingsbundið

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 182 m.kr. fjárheimild til fjarskiptasjóðs til að uppfylla ákvæði í þjónustusamningi við fjarskiptafélagið Farice ehf. Á árinu 2012 hefur mikil vinna átt sér stað við endurskoðun á rekstraráætlun Farice. M.a. hafa farið fram samningaviðræður við stærstu viðskiptavini félagsins, ýmsir rekstrarsamningar hafa verið endurskoðaðir og skilmálar lánasamninga yfirfarnir. Þá hafa fyrri áætlanir um auknar tekjur verið endurmetnar. Samkvæmt þeim áætlunum sem nú er unnið með er þörf fyrir framlag úr fjarskiptasjóði til Farice sem nemur 2.600.000 evrum á árinu 2013 eða sem svarar til 415,9 m.kr. miðað við að gengi evru sé 159,98 kr. Í frumvarpinu hefur verið gert ráð fyrir 236,6 m.kr. framlagi og þarf það því að hækka um 182 m.kr. Áætlað er að fjárþörfin verði jafnmikil á árinu 2014 og fari lækkandi eftir það. Framlaginu er ætlað að tryggja rekstur félagsins og þar með öryggi fjarskiptatenginga Íslands.

### 06-689 Fjarskiptasjóður

-236,6

#### 6.41 Fjarskiptasjóður

Millifært

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar séu 236,6 m.kr. af fjárlagaviðfangi 06-689-6.41, sem er stofnkostnaðarviðfang, yfir á rekstrarviðfang 06-689-1.15. Um er að ræða rekstur og aðkeypta þjónustu frekar en stofnkostnað.

### 06-701 Þjóðkirkjan

5,0

#### 6.22 Hallgrímskirkja

Sammingsbundið

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 5 m.kr. fjárframlag vegna viðgerðar á turni Hallgrímskirkju. Fyrir mistök var felld niður 12,4 m.kr. fjárheimild vegna viðgerðarinnar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2013. Samkomulag var um að framlagið lækkaði í 5 m.kr. og að það yrði greitt í sex ár, 2013-2018, eða samtals 30 m.kr. Ríkið, Reykjavíkurborg og kirkjuráð styrkja framkvæmdina að jöfnu.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>06-841 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga</b>	<b>437,0</b>
1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög <i>Hagrænt eða kerfislegt</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um að fjárheimild liðarins hækki um 437 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðið framlag í sjóðinn af skatttekjum ársins 2013 og útsvarstofni árið 2012. Í frumvarpinu hefur þegar verið gert ráð fyrir 543 m.kr. hækkun á framlaginu frá fjárlögum fyrir árið 2012 þannig að þar með verður hækkunin alls 980 m.kr. Spáin miðast við að innheimtar skatttekjur verði 492.838 m.kr. árið 2013 og að útsvarstofn ársins 2012 verði 953.250 m.kr. Lögbundin framlög ríkisins til Jöfnunarsjóðs eru ákvörðuð með tvennum hætti samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Í fyrsta lagi er 10.448 m.kr. framlag úr ríkissjóði sem er 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Í öðru lagi er 2.517 m.kr. framlag sem er 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs. Samkvæmt því má gera ráð fyrir að lögbundin framlög til sjóðsins verði samtals 12.966 m.kr. á árinu 2013.
<b>06-841 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga</b>	<b>1.000,0</b>
1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 1.000 m.kr. fjárheimild verði millifærð á þennan lið af vaxtabótalið fjármála- og efnahagsráðuneytis vegna aukinna húsaleigubóta. Þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram var gert ráð fyrir að 1 milljarði kr. yrði varið til uppbyggingar á nýju húsnæðisbótakerfi. Því kerfi er ætlað að leysa af núverandi vaxta- og húsaleigubótakerfi en hið nýja kerfi byggist á stefnumótun hins opinbera varðandi stuðning í húsnæðismálum. Steft er að því að jafna stöðu leigjenda við stöðu eigenda íbúðarhúsnæðis sem fá greiddar vaxtabætur þannig að stuðningur hins opinbera taki mið af fjölskyldustærð í stað búsetuforms. Upptaka nýs húsnæðisbótakerfis krefst umtalsverðs tæknilegs undirbúnings og var framlagið í fjárlagafrumvarpinu hugsað sem aðlögun að upptöku nýs kerfis. Útfærsla þeirrar aðlögunar lá á hinn bóginn ekki endanlega fyrir við undirbúning fjárlagafrumvarpsins og var því framlagið fært á vaxtabótaliðinn. Nú liggja hins vegar fyrir upplýsingar um hvernig fyrsta skrefið í innleiðingu nýs kerfis verður framkvæmt á árinu 2013. Gert er ráð fyrir að framlag ríkisins vegna greiðslu húsaleigubóta verði aukið með þeim hætti að tekjuskurðingarmörk árstekna hækki, tekjuskurðingarprósenta lækki og grunnupphæð húsaleigubóta hækki við útreikning á húsaleigubótum einstaklinga.
<b>06-996 Íslenska upplýsingasamfélagið - Netríkið Ísland</b>	<b>200,0</b>
6.51 Íslenska upplýsingasamfélagið - Netríkið Ísland <i>Fjárfestingaáætlun</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 200 m.kr. framlag til sérstaks átaks í því skyni að efla rafræna stjórnslu, þjónustu og lýðræði. Það felur í sér stofnfjárfestingu í nýjum tölvukerfum í samstarfi stofnana ríkis og sveitarfélaga. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnin verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármála-fyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.

**Samtals innanríkisráðuneyti 4.113,2**

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>08-101 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa</b> 1.01 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>-9,0</b>
	<p>Lagt er til að millifærðar verði 9 m.kr. til landlæknis vegna verkefnisins Miðstöð sjúkraskrár. Embætti landlæknis tók yfir á árinu 2012 þau verkefni sem ráðuneytið hafði með höndum vegna upplýsingatæknimála á sviði heilbrigðisupplýsinga. Samsvarandi tillaga um 7,5 m.kr. var samþykkt við 2. umræðu um frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2012.</p>
<b>08-101 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa</b> 1.01 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>10,0</b>
	<p>Lagt er til að sértekjur liðarins lækki um 10 m.kr. vegna umsjónar ráðuneytisins með verkefnum er snúa að móttöku flóttamanna. Ráðuneytið hefur til margra ára reiknað sér kostnaðarhlutdeild vegna verkefna sem snúa að móttöku flóttamanna, svo sem vegna undirbúnings, eftirlits og sammingsgerðar við sveitarfélög um þau verkefni. Ríkisendurskoðun hefur mælt til þess að fjárheimildin verði sett undir fjárveitingar aðalskrifstofunnar. Í frumvarpinu var gerð leiðrétting á sértekjum ýmissa fjárlagaliða þar sem rekstur fjármagnaður með sértekjum hafði í mörgum tilvikum verið vanmetinn í fjárlögum. Þar voru sértekjur og gjöld þessa liðar hækkuð um 31,5 m.kr. sem innifelur meðal annars þetta verkefni.</p>
<b>08-190 Ýmis verkefni</b> 1.10 Fastanefndir <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>25,0</b>
	<p>Gerð er tillaga um 25 m.kr. viðbótarfjárheimild til starfsemi kæru- og úrskurðarnefnda. Á vegum ráðuneytisins starfa átta kæru- og úrskurðarnefndir. Kærum til nefndanna hefur fjölgað um 67% frá árinu 2008. Það ár voru þær 638 en 1.063 árið 2011. Þessi fjölgun kæra hefur leitt til þess að fjölga hefur þurft starfsmönnum og hækka þóknanir til nefndarmanna í kærunefndunum. Þrátt fyrir það hefur ekki tekist að kveða upp úrskurði innan lögbundinna fresta. Fjárheimild fjárlaga fyrir árið 2012 sem velferðarráðuneytið ráðstafar af sínum útgjaldaramma til fastanefnda er 46 m.kr. Rekstur þeirra kostaði á hinn bóginn 76 m.kr. 2011. Einnig var gert ráð fyrir hækkun á framlagi til fastanefnda í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2012.</p>
<b>08-190 Ýmis verkefni</b> 1.10 Fastanefndir <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>0,0</b>
	<p>Lögð er til 10 m.kr. hækkun liðarins til að standa straum af starfsemi úrskurðarnefndar atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða. Í 11. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, er kveðið á um að kostnaður af starfsemi nefndarinnar greiðist af Atvinnuleysistryggingasjóði. Ekki hefur verið áætlað fyrir útgjöldum nefndarinnar hjá sjóðnum og er hér lagt til að veitt verði sérstakt framlag í þessu skyni. Fjárheimildin er færð sem tekjur og gjöld á þessu viðfangi.</p>

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<p><b>08-190 Ýmis verkefni</b>  1.90 Ýmislegt  Ákvarðanir ríkisstjórnar  Samþykkt af ríkisstjórn  Ríkisstjórn</p>	<p><b>10,0</b></p>	<p>Lögð er til 10 m.kr. fjárheimild til skráningar á félagsvísunum í samstarfi við Hagstofuna. Í mars 2009 ákvað ríkisstjórnin að setja á laggirnar hóp sérfræðinga til þess að taka saman íslenska félagsvísa. Megintilgangur þeirra er að birta á einum stað safn tölulegra upplýsinga til þess að auðvelda stjórnvöldum og almenningi að fylgjast með þróun og breytingum í samfélaginu og styðja við stefnumótun stjórnvalda. Uppsetning félagsvísanna er í samræmi við verlag hjá OECD. Ráðuneytið hefur óskað eftir samstarfi við Hagstofuna um frekari þróun vísanna og umsjón þeirra. Markmið þess samstarfs er að félagsvísarnir verði birtir samhliða hagvísunum Hagstofunnar og öðlist sama sess og þeir í samfélaginu.</p>
<p><b>08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð</b>  1.41 Heimilisuppbót  Hagrænt eða kerfislægt  Samþykkt af ríkisstjórn  Ríkisstjórn</p>	<p><b>-100,0</b></p>	<p>Lagt er til að fjárheimildin lækki um 100 m.kr. frá því sem áætlað var í frumvarpinu. Tillagan byggist á endurmati á áætluðum útgjöldum ársins 2012 miðað við fyrstu níu mánuði ársins sem hefur áhrif til lækkunar á árinu 2013.</p>
<p><b>08-203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð</b>  1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega  Hagrænt eða kerfislægt  Samþykkt af ríkisstjórn  Ríkisstjórn</p>	<p><b>-80,0</b></p>	<p>Lagt er til að fjárheimildin lækki um 80 m.kr. frá því sem áætlað var í frumvarpinu. Tillagan byggist á endurmati á áætluðum útgjöldum ársins 2012 miðað við fyrstu níu mánuði ársins sem hefur áhrif til lækkunar á árinu 2013.</p>
<p><b>08-204 Lífeyristryggingar</b>  1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega  Fjármagnað með ríkistekjum  Samþykkt af ríkisstjórn  Ríkisstjórn</p>	<p><b>0,0</b></p>	<p>Endurskoðuð áætlun um tekjur af tryggingagjaldi gerir ráð fyrir að hlutdeild lífeyristrygginga í tekjum af gjaldinu verði 407 m.kr. minni en reiknað var með í frumvarpinu. Beint framlag úr ríkissjóði til fjármögnunar lífeyristrygginga hækkar jafnmikið.</p>
<p><b>08-204 Lífeyristryggingar</b>  1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega  Hagrænt eða kerfislægt  Samþykkt af ríkisstjórn  Ríkisstjórn</p>	<p><b>-150,0</b></p>	<p>Lagt er til að fjárheimildin lækki um 150 m.kr. frá því sem áætlað var í frumvarpinu. Tillagan byggist á endurmati á áætluðum útgjöldum ársins 2012 miðað við fyrstu níu mánuði ársins sem hefur áhrif til lækkunar á árinu 2013.</p>



## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 08-206 Sjúkratryggingar

785,0

#### 1.16 Lyf með S-merkingu

*Breyttar forsendur*

*Samþykkt af rákisstjórn*

*Rákisstjórn*

Lagt er til að veitt verði 785 m.kr. viðbótarfjárheimild til S-merktra lyfja. Þar af er áætlaður 325 m.kr. halli vegna nýrra lyfja sem tekin hafa verið upp á árinu 2012 án þess að gert hafi verið ráð fyrir því við afgreiðslu fjárlaga 2012, auk þess sem eldri lyfjum hefur verið ávísað í nokkrum mæli vegna annarra sjúkdóma en þegar þau voru fyrst tekin í notkun. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir 460 m.kr. umframgjöldum vegna raunvaxtar í útgjöldum liðarins umfram forsendur fjárlaga fyrir árið 2012. Í fjárlögum var gengið út frá 3% raunaukningu milli ára en nú er áætlað að hún verði 9% að nýjum lyfjum frátöldum. Ekki hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir til að vegna á móti auknum útgjöldum liðarins á yfirstandandi ári og stefna útgjöld liðarins í að verða um 6,1 milljarður kr. á verðlagi fjárlaga fyrir árið 2012.

Núverandi fyrirkomulag á umsýslu S-merktra lyfja hefur verið í gildi frá árinu 2009 en við 2. umræðu fjárlaga þess árs var ákveðið að færa fjárheimildir vegna S-merktra lyfja frá Landspítalanum og Sjúkrahúsinu á Akureyri yfir á fjárlagalið sjúkratrygginga. Samhliða þeirri breytingu var gert samkomulag milli Sjúkratrygginga Íslands annars vegar og sjúkrahúsanna tveggja hins vegar um umsýslu á greiðslu kostnaðar vegna S-merktra lyfja. Í samkomulaginu er meðal annars kveðið á um að sjúkrahúsin annist greiðslu kostnaðar fyrir sjúkratryggða vegna S-merktra lyfja en þar segir einnig að fjárveiting vegna þessa kostnaðar og þeirrar aukaumsýslu sem fyrirkomulagi þessu fylgir sé ákveðin í fjárlögum. Einnig er kveðið á um að sérstök kostnaðarnefnd, skipuð aðilum samkomulagsins, ákvarði og endurskoði kostnaðargrunn S-merktra lyfja árlega og skiptingu kostnaðar milli nýrra S-merktra lyfja og S-merktra lyfja sem þegar eru í notkun. Telja verður mikið álitamál hvort þessar breytingar á fyrirkomulagi fjármálastjórnarinnar sem gerðar voru í lok árs 2008 hafi gefið góða raun þar sem á undanförunum árum hefur ítrekað þurft að hækka fjárheimildir í fjárukaulögum og fjárlögum vegna þessa lyfjakostnaðar.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 08-206 Sjúkratryggingar

100,0

1.35 Tannlækningar  
 Ákvarðanir ríkisstjórnar  
 Samþykkt af ríkisstjórn  
 Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til tannlækninga verði aukið um 100 m.kr. í því skyni að bæta tannheilbrigði barna og fyrirkomulag á tannlæknaþjónustu við börn. Áætlun sem kynnt hefur verið í ríkisstjórn um framtíðarfyrirkomulag þessarar þjónustu nær til ársins 2018. Sú áætlun byggist á tillögum starfshóps sem skipaður var af velferðarráðherra í maí 2012 og var falið að gera tillögur að nýtingu á 174 m.kr. fjárheimild á árinu 2012 og tillögur um hvernig bæta mætti fyrirkomulag tannlækninga barna og tannheilbrigði þeirra til framtíðar. Tillaga vinnuhópsins að nýtingu á fyrrgreindum 174 m.kr. á árinu 2012 var að Sjúkratryggingar Íslands mundu hækka gjaldskrá sína vegna almennra tannlækninga barna um 50% frá 1. júlí 2012 til ársloka. Velferðarráðherra samþykkti þá tillögu og kom hún til framkvæmda í byrjun júlí. Tillögur vinnuhópsins um framtíðarfyrirkomulag tannlækninga barna voru kynntar í ríkisstjórn með minnisblaði 5. október 2012. Byggjast tillögurnar á því að samningar náist við tannlækna en samningar hafa verið lausir um árabíl og að samið verði um fasta gjaldskrá fyrir öll börn. Stefnt verði að því að tannlæknaþjónusta við þriggja ára börn og börn á aldrinum 12-17 ára verði greidd að fullu, að komugjaldi frátöldu. Árlega verði bætt við tveimur árgöngum barna þar til tannlækningar allra barna undir 18 ára aldri verða foreldrum þeirra að kostnaðarlausu, að frátöldu hóflegu komugjaldi í upphafi hverrar meðferðar. Heildarkostnaður við að innleiða breytt fyrirkomulag að fullu er áætlaður 800 m.kr. eða sem nemur 60% hækkun samanborið við útgjöld ársins 2011. Kostnaðaraukningin í hinu nýja fyrirkomulagi felur í sér nýjan samning við tannlækna, hækkun gjaldskrár fyrir þá árganga sem á eftir að innleiða ár hvert og kostnað við stuðning og fræðslu og eflingu tölvukerfis.

Útgjöld liðarins hafa frá og með árinu 2000 verið lægri en samanlagðar fjárheimildir í fjárlögum og fjárukalögum og var t.d. 88 m.kr. afgangur á árinu 2011. Tekin var ákvörðun um það við 2. umræðu um fjárlög fyrir árið 2012 að veita 140 m.kr. til að efla tannheilsu barna og ungmenna og eru fjárheimildir samkvæmt núgildandi fjárlögum 1.551 m.kr. Þær viðbótarfjárheimildir voru nýttar eins og áður segir til að hækka gjaldskrá vegna almennra tannlækninga barna frá 1. júlí 2012 til ársloka en að óbreyttu er ekki svigrúm innan útgjaldaramma liðarins til að slík hækkun nái yfir heilt ár. Þeirri 100 m.kr. viðbótarfjárheimild sem hér er lögð til er ætlað að mæta útgjaldaaukningu við að stíga nýtt skref í átt að framtíðarfyrirkomulagi tannlækninga barna á árinu 2013 en þá er gengið út frá því að nú þegar sé til staðar svigrúm á fjárlagaliðnum sem nemi 228 m.kr. sem er mismunur núgildandi fjárlaga og útgjalda ársins 2011.

### 08-301 Landlæknir

45,2

1.01 Landlæknir  
 Millifert  
 Samþykkt af ríkisstjórn  
 Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði til embættis landlæknis 45,2 m.kr. vegna matskerfa umönnunarþyngdar hjúkrunarrýma. Ákveðið hefur verið að flytja Miðstöð sjúkraskrár til embættis landlæknis þar sem starfrækt verður úrvinnsla og miðlun heilbrigðisupplýsinga, ásamt innleiðingu, eftirliti með skráningu og rekstri miðlægra kerfa. Fjárheimild vegna matskerfa umönnunarþyngdar hjúkrunarrýma fellur undir þetta verkefni.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>08-301 Landlæknir</b> 1.01 Landlæknir <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærðar verði 9 m.kr. til landlæknis vegna verkefnisins Miðstöð sjúkraskrár. Embætti landlæknis tók yfir á árinu 2012 þau verkefni sem ráðuneytið hafði með höndum vegna upplýsingatæknimála á sviði heilbrigðisupplýsinga. Samsvarandi tillaga um 7,5 m.kr. var samþykkt við 2. umræðu um frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2012.	<b>9,0</b>
<b>08-301 Landlæknir</b> 1.01 Landlæknir <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærðar verði til embættis landlæknis 75,4 m.kr. vegna afnotagjalda og þjónustu við sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðva. Ákveðið hefur verið að flytja Miðstöð sjúkraskrár til embættis landlæknis þar sem starfrækt verður úrvinnsla og miðlun heilbrigðisupplýsinga, ásamt innleiðingu, eftirliti með skráningu og rekstri miðlægra kerfa. Fjárheimild til greiðslu afnotagjalda og þjónustu við sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðva fellur undir þetta verkefni hjá embætti landlæknis.	<b>75,4</b>
<b>08-301 Landlæknir</b> 6.41 Upplýsingatæknimál <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærðar verði til embættis landlæknis 21,9 m.kr. vegna upplýsingatæknimála. Ákveðið hefur verið að flytja Miðstöð sjúkraskrár til embættis landlæknis þar sem starfrækt verður úrvinnsla og miðlun heilbrigðisupplýsinga, ásamt innleiðingu, eftirliti með skráningu og rekstri miðlægra kerfa. Fjárheimild vegna upplýsingatæknimála sem velferðarráðuneytið hefur haft umsýslu með fellur undir þetta verkefni.	<b>21,9</b>
<b>08-310 Krabbameinsfélag Íslands</b> 1.01 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 1,2 m.kr verði millifærðar á þennan nýja fjárlagalið Krabbameinsfélagsins í frumvarpinu. Um er að ræða eftirstöðvar sem mynduðust við verðlagsuppfærslu frumvarpsins.	<b>1,2</b>
<b>08-333 Jafnréttisstofa</b> 1.01 Jafnréttisstofa <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Stofnun</i>	Gerð er tillaga um 10 m.kr. framlag til þess að styrkja rekstrargrundvöll stofnunarinnar. Tillagan er í samræmi við markmið um áherslu á málaflokk jafnréttismála og mun gera stofnuninni kleift að sinna lögbundnum verkefnum sínum með óbreyttum mannafla.	<b>10,0</b>

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 08-334 Umboðsmaður skuldara

170,0

#### 1.01 Umboðsmaður skuldara

*Fjármagnað með ríkistekjum  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 170 m.kr. en með því er fallið frá fyrirhuguðum samdrætti í starfsemi stofnunarinnar líkt og gengið var út frá í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Við yfirferð og vinnslu frumvarps til fjárlaga 2012 voru rekstraráætlanir stofnunarinnar yfirfarnar og endurskoðaðar í ljósi stóraukins mála fjölda auk þess sem einstök mál reyndust mun flóknari og tímafrekari en gert hafði verið ráð fyrir. Fjárheimildir stofnunarinnar voru af þeim sökum hækkaðar um 455 m.kr. í fjárlögum ársins 2012 og eru í núgildandi fjárlögum 1.050 m.kr. Áætlað var að með þessum auknu fjárveitingum væri unnt að ráðast í stórátak til að ljúka afgreiðslu á fyrirbyggjandi málum hjá stofnuninni með það fyrir augum að hægt yrði að draga úr umfangi stofnunarinnar á síðari hluta ársins 2012 og enn frekar á árinu 2013. Í samræmi við þessar áætlanir var lögfest gjalddtaka til fjármögnunar á rekstrinum fyrir árið 2012 en lögin um gjalddtökuna fela það í sér að rekstraráætlun og tekjuöflun er ákvörðuð fyrir fram fyrir fjárhagsárið og gera ekki ráð fyrir breytingu eftir á.

Tilfnið til 170 m.kr. hækkunar á fjárheimildum nú er að fyrrgreindar áætlanir um samdrátt í umfangi stofnunarinnar á árinu 2012 hafa ekki gengið eftir. Umfang vinnu sem fylgir gerð samninga og greiðsluaðlögun hefur reynst meira og hún þar með gengið hægar en ráð var fyrir gert. Áformað er að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 166/2011, um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara, þar sem lagt verður til að hækka álagt gjald á fjármálastofnanir vegna reksturs stofnunarinnar á árinu 2013.

### 08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri

20,0

#### 1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri

*Ákvörðun Alþingis  
Samþykkt á Alþingi  
Fagráðuneyti*

Gerð er tillaga um 20 m.kr. hækkun framlags til Sjúkrahússins á Akureyri til að efla geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni.

### 08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri

50,0

#### 6.01 Tæki og búnaður

*Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 50 m.kr. tímabundna fjárheimild í eitt ár til kaupa og endurnýjunar á tækjabúnaði á Sjúkrahúsinu á Akureyri sem jafngildir um 70% hækkun miðað við núgildandi fjárlög. Fjárheimildir til kaupa á stærri og dýrari tækjum hafa verið á bilinu 60-90 m.kr. á verðlagi hvers árs frá árinu 2005 en á móti hafa útgjöld liðarins verið 65-110 m.kr. á sama tímabili. Tillagan nú felur í sér að fjárheimildir ársins verði 123 m.kr. sem er umtalsvert hærri fjárhæð en fjárheimildir hafa verið undanfarin ár til kaupa á stærri og dýrari tækjum fyrir sjúkrahúsið.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 08-373 Landspítali

#### 6.01 Tæki og búnaður

#### Ákvarðanir ríkisstjórnar

#### Samþykkt af ríkisstjórn

#### Ríkisstjórn

600,0

Gerð er tillaga um 600 m.kr. tímabundna fjárheimild í eitt ár til kaupa og endurnýjunar á tækjabúnaði á Landspítalanum. Fjárheimildir ársins 2013 til kaupa á tækjum og búnaði verða því samtals um 1.081 m.kr. sem er rúmlega tvöföldun fjárheimildar samkvæmt núgildandi fjárlögum. Landspítalinn fékk enn fremur 150 m.kr. aukna fjárheimild við 2. umræðu um fjárukaulög fyrir árið 2012 og eru spítalanum því veittar 750 m.kr. samtals í auknar fjárheimildir til kaupa á tækjum og búnaði. Tækjakaup spítalans má flokka á tvo vegu. Annars vegar er um að ræða kaup á tækjabúnaði sem færast sem eignakaup í rekstri og falla undir rekstrarramma spítalans. Þar falla undir margvísleg lækninga- og rannsóknartæki auk húsgagna og tölvubúnaðar svo dæmi séu tekin. Hins vegar eru ýmis stærri og dýrari eignakaup fyrir spítalann sem færð eru sem stofnkostnaður á þetta viðfangsefni, 6.01 Tæki og búnaður. Þegar keypt hafa verið mjög dýr tæki hefur í sumum tilvikum verið veitt sérstök tímabundin fjárveiting í því skyni á þessu viðfangsefni. Sem dæmi má taka að vegna kaupa á nýju sneiðmyndatæki árið 2009 var veitt samtals 200 m.kr. viðbótarfjárheimild í fjárukaulögum fyrir árið 2009 og fjárlögum fyrir árið 2010.

Samanlagðar fjárheimildir vegna eignakaupa í rekstri og vegna kaupa á tækjum og búnaði sem flokkaðast sem stofnkostnaður hafa verið á bilinu 340-580 m.kr. frá árinu 2005 á verðlagi hvers árs og eru í núgildandi fjárlögum samtals 469 m.kr. Þessar fjárveitingar til spítalans hafa ekki verið skertar meira en nemur almennum aðhaldskröfum sem gerðar hafa verið til spítalans á undanförunum árum. Eins og fram hefur komið í fjárlagafrumvörpum hefur jafnan verið sett mun lægra aðhaldsmarkmið í rekstri sjúkrahúsanna en t.d. í rekstri stjórnsýslustofnana til að hlífa velferðarþjónustunni og er engin hagræðingarkrafa gerð til þeirra árið 2013.

Þegar litið er til útgjalda þessara liða samanlagt samkvæmt fjárhagsbókhaldi Fjárslu ríkisins hafa þau ávallt verið umtalsvert umfram þær fjárheimildir sem tilgreindar eru vegna eignakaupa og stofnkostnaðar. Má sem dæmi nefna að árið 2008 voru fjárheimildir liðarins 338 m.kr. á meðan útgjöldin námu 863 m.kr. Frá og með árinu 2009 hafa hins vegar útgjöld vegna eignakaupa í rekstri lækkað mikið og verið á bilinu 65-90 m.kr. eða langt undir fjárheimildum. Lækkunin kann að skýrast að hluta af gjafafé til spítalans þannig að dregið hafi úr fjárþörf að hálfu ríkisins en einnig að aðhaldsráðstafanir í rekstri spítalans hafi að einhverju marki falist í því að endurnýjun tækja hafi verið slegið á frest, fremur en að hagræða t.d. í rekstrarumfangi og skipulagi, en slíkt getur aldrei verið varanleg aðhaldsráðstöfun. Útgjöld vegna dýrari tækjakaupa sem teljast til stofnkostnaðar hafa á hinn bóginn aukist mikið árin 2009-2011 samanborið við árin fyrir efnahagshrunið og hafa verið að meðaltali um 740 m.kr. samanborið við 230 m.kr. árin 2005-2007. Hækkunina má meðal annars rekja til þess að spítalinn fór í auknum mæli að gera eignaleigu- og rekstrarleigusamninga sem tengdir voru erlendum gjaldmiðlum og hafa því útgjöld vegna þeirra samninga hækkað mikið eftir fall krónunnar árið 2008. Hærri kostnaður vegna tækjabúnaðar endurspeglast því ekki í sama mæli í þættum tækjakosti spítalans.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>08-398 Félagsmál, ýmis starfsemi</b>	<b>-10,0</b>
1.49 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki um 10 m.kr. vegna umsónar velferðarráðuneytisins með verkefnum er snúa að móttöku flóttamanna. Ráðuneytið hefur til margra ára reiknað sér kostnaðarhlutdeild vegna verkefna sem snúa að móttöku flóttamanna, svo sem vegna undirbúnings, eftirlits og samningsgerðar við sveitarfélög um þau verkefni. Hefur ráðuneytið fengið greiðslu fyrir þessa kostnaðarhlutdeild sem færast sem sértekjur hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins og hefur Ríkisendurskoðun mælst til þess að fjárheimildin verði sett undir fjárveitingar aðalskrifstofunnar.
<b>08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi</b>	<b>-1,2</b>
1.31 Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 1,2 m.kr verði millifærðar á nýjan fjárlagalið Krabbameinsfélagsins í frumvarpinu. Um er að ræða eftirstöðvar sem mynduðust við verðlagsuppfærslu frumvarpsins.
<b>08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi</b>	<b>-45,2</b>
1.46 Matskerfi umönnunarþyngdar hjúkrunarrýma <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærðar verði til embættis landlæknis 45,2 m.kr. vegna matskerfa umönnunarþyngdar hjúkrunarrýma. Ákveðið hefur verið að flytja Miðstöð sjúkraskrár til embættis landlæknis þar sem starfrækt verður úrvinnsla og miðlun heilbrigðisupplýsinga, ásamt innleiðingu, eftirliti með skráningu og rekstri miðlægra kerfa. Fjárheimild vegna matskerfa umönnunarþyngdar hjúkrunarrýma fellur undir þetta verkefni.
<b>08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi</b>	<b>50,0</b>
1.69 Aðgerðaáætlun í þágu barna með ADHD röskun <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 50 m.kr. til að standa undir aðgerðaáætlun í þágu barna með ADHD-röskun.
<b>08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi</b>	<b>-21,9</b>
6.91 Upplýsingatæknimál <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að millifærðar verði til embættis landlæknis 21,9 m.kr. vegna upplýsingatæknimála. Ákveðið hefur verið að flytja Miðstöð sjúkraskrár til embættis landlæknis þar sem starfrækt verður úrvinnsla og miðlun heilbrigðisupplýsinga, ásamt innleiðingu, eftirliti með skráningu og rekstri miðlægra kerfa. Fjárheimild vegna upplýsingatæknimála sem velferðarráðuneytið hefur haft umsýslu með fellur undir þetta verkefni.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 08-401 Öldrunarstofnanir, almennt

25,8

#### 1.01 Hjúkrunarheimili, almennt

Lögbundid

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 25,8 m.kr. framlag vegna aukins umfangs vistunarmatsnefnda við mat í hvíldarrými. Með frumvarpi til breytinga á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, á vorþingi 2012 var lagt til að vistunarmatsnefndir fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými yrðu sameinaðar í eina nefnd og var ekki gert ráð fyrir að útgjöld mundu aukast vegna þessa. Í meðförum þingsins var hins vegar gerð sú breyting á frumvarpinu að vistunarmatsnefndirnar skyldu einnig meta einstaklinga í hvíldarrýmum en slíkt var ekki á verkefnasviði vistunarmatsnefnda áður. Áætlað er að viðbótarkostnaður vegna mats í hvíldarrými verði um 25,8 m.kr. á árinu 2013 en samtals eru útgjöld vegna vistunarmatsnefndanna áætluð 79,5 m.kr. Útgjöld vegna vistunarmatsnefnda eru einkum laun starfsmanna nefndanna sem og laun nefndarmanna en þeir fá greitt fyrir hvert afgreitt mat. Því til viðbótar kemur annar kostnaður, svo sem vegna aðstöðu nefndanna og vistunar tölvukerfis. Á árinu 2011 var 1.471 einstaklingur tekinn inn í hvíldarrými og er gert ráð fyrir að fjöldi mata í hvíldarrými á árinu 2012 verði um 1.500.

### 08-401 Öldrunarstofnanir, almennt

0,0

#### 1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana

Millifært

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að leiðrétt verði 270 m.kr. framlag sem nýta átti í rekstur öldrunarstofnana og var tvífært sem hærri gjöld og hærri sértekjur á fjárlagaliðinn 08-401-1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana við gerð frumvarpsins.

### 08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt

-75,4

#### 1.13 Afnotagjöld og þjónusta við sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðva

Millifært

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði til embættis landlæknis 75,4 m.kr. vegna afnotagjalda og þjónustu við sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðva. Ákveðið hefur verið að flytja Miðstöð sjúkraskrár til embættis landlæknis þar sem starfrækt verður úrvinnsla og miðlun heilbrigðisupplýsinga, ásamt innleiðingu, efiurliti með skráningu og rekstri miðlægra kerfa. Fjárheimild til greiðslu afnotagjalda og þjónustu við sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðva fellur undir þetta verkefni hjá embætti landlæknis.

### 08-501 Sjúkraflutningar

45,0

#### 1.11 Sjúkraflutningar

Ákvarðanir ríkisstjórnar

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 45 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta kostnaði við áformaðan nýjan þjónustusamning um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu. Ráðuneytið og Sjúkratryggingar Íslands hafa átt í viðræðum við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins um nýjan samning en fyrri samningur gildi frá 1. janúar 2010 til ársloka 2011. Þegar sá samningur var gerður voru samningsgreiðslur hækkaðar um samtals 89 m.kr. frá fyrri samningi eða sem nam 23% hækkun og voru samtals greiddar 475 m.kr. fyrir kaupin á þjónustunni. Ekki hefur gengið að ljúka gerð nýrra samninga við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins en í 3. umræðu um fjárlög fyrir árið 2012 voru veittar 150 m.kr. viðbótarfjárheimildir á þennan fjárlagalið og þar af voru 74 m.kr. sem ætlaðar voru til að koma á samningi um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu en afgangurinn var ætlaður til samninga um sjúkraflutninga á Akureyri og Reykjanesi. Ekki tókst að ljúka samningum við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins með þessum viðbótarfjármunum og er nú gerð tillaga um 45 m.kr. til viðbótar til að unnt verði að ganga frá samningum. Með þessu móti mun hækkunin nema samtals 119 m.kr. frá fyrri samningi eða 25%.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>08-508 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu</b>	<b>0,0</b>
1.01 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu	
<i>Breyttar forsendur Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn</i>	Gerð er 1,7 m.kr. leiðrétting á fjárheimild liðarins þar sem fjárhæðin er færð af launum yfir í önnur gjöld. Engin laun eru greidd af fjárlagaliðnum þar sem um er að ræða þjónustusamning milli Sjúkratrygginga Íslands og Reykjavíkurborgar.
<b>08-508 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu</b>	<b>-28,7</b>
1.01 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu	
<i>Launa- og verðlagsbætur fmrn. Samþykkt af ríkisstjórn Fjármálaráðuneyti</i>	Gerð er leiðrétting á útreikningi launabóta til Miðstöðvar heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu að upphæð -28,7 m.kr. vegna leiðréttingar á vægi stéttarféлага innan stofnunarinnar í samræmi við þjónustusamning við velferðarráðuneytið.
<b>08-517 Læknavaktin</b>	<b>9,2</b>
1.01 Læknavaktin	
<i>Launa- og verðlagsbætur fmrn. Samþykkt af ríkisstjórn Fjármálaráðuneyti</i>	Gerð er leiðrétting á útreikningi launabóta til Læknavaktarinnar að fjárhæð 9,2 m.kr. vegna leiðréttingar á launa- og verðlagsreiknireglu fyrir stofnunina.
<b>08-553 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu</b>	<b>20,0</b>
1.01 Samningur við Akureyrarbæ um heilsugæslu	
<i>Ákvörðun Alþingis Samþykkt á Alþingi Fagráðuneyti</i>	Gerð er tillaga um 20 m.kr. hækkun til Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri til að standa straum af kostnaði við ráðningu í eina stöðu heimilislæknis og eina stöðu námslæknis í heimilislækningum. Nú sinnir hver heilsugæslulæknir á svæði heilsugæslustöðvarinnar að jafnaði um 1.850 íbúum. Til samanburðar eru um 1.500 íbúar á hvern lækni á höfuðborgarsvæðinu.
<b>08-700 Heilbrigðisstofnanir</b>	<b>50,3</b>
1.01 Almennur rekstur	
<i>Breyttar forsendur Samþykkt af ríkisstjórn Ríkisstjórn</i>	Gerð er tillaga um 50,3 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við greiðslu húsaleigu hjá heilbrigðisstofnunum. Í fjárlagagerð ársins 2011 láðist velferðarráðuneytinu að reikna húsaleigu hjá þremur heilbrigðisstofnunum í reiknilíkani sem deilir fjárveitingum til heilsugæslusviða heilbrigðisstofnana. Heilbrigðisstofnanir sem um ræðir eru Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilbrigðisstofnun Suðausturlands og Heilbrigðisstofnun Suðurlands.
<b>08-700 Heilbrigðisstofnanir</b>	<b>-10,0</b>
1.01 Almennur rekstur	
<i>Millifært Samþykkt af ríkisstjórn Fagráðuneyti</i>	Lagt er til að 10 m.kr. verði millifærðar til að draga úr aðhaldsráðstöfunum í rekstri Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja. Framlagið verður nýtt til að mæta auknu álagi á sjúkradeild stofnunarinnar. Við 3. umræðu um fjárlög fyrir árið 2012 var ákveðið að veita 77 m.kr. úmabundna fjárveitingu í eitt ár til heilbrigðisstofnana til að draga úr aðhaldsaðgerðum, einkum vegna heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 var ákveðið að fjárveitingin yrði gerð varanleg en henni var hins vegar ekki dreift á einstakar heilbrigðisstofnanir fyrr en nú við 2. umræðu. Til viðbótar við fyrrgreindar 77 m.kr. er lagt til að 10 m.kr. verði millifærðar af liðnum til að draga úr aðhaldi í rekstri heilbrigðisstofnana og er því samtals 87 m.kr. dreift til einstakra heilbrigðisstofnana.



## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 08-700 Heilbrigðisstofnanir

-10,0

#### 1.01 Almennur rekstur

*Millifært*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Fagráðuneyti*

Lagt er til að millifærðar verði 10 m.kr. til að draga úr aðhaldsráðstöfunum í rekstri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands en framlag verður hækkað til öldrunarsviðs stofnunarinnar. Við 3. umræðu um fjárlög fyrir árið 2012 var ákveðið að veita 77 m.kr. tímabundna fjárveitingu í eitt ár til heilbrigðisstofnana til að draga úr aðhaldsaðgerðum, einkum vegna heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 var ákveðið að fjárveitingin yrði gerð varanleg en henni var hins vegar ekki dreift á einstakar heilbrigðisstofnanir fyrr en nú við 2. umræðu. Til viðbótar við fyrrgreindar 77 m.kr. er lagt til að 10 m.kr. verði millifærðar af liðnum til að draga úr aðhaldi í rekstri heilbrigðisstofnana og er því samtals 87 m.kr. dreift til einstakra heilbrigðisstofnana.

### 08-700 Heilbrigðisstofnanir

-30,0

#### 1.01 Almennur rekstur

*Millifært*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Fagráðuneyti*

Lagt er til að millifærðar verði 30 m.kr. til að draga úr aðhaldsráðstöfunum í rekstri Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Framlagið verður annars vegar nýtt til að mæta kostnaði vegna reksturs Sundabúðar og hins vegar til að mæta kostnaði við flutning öldrunarþjónustu til Vopnafjarðarhrepps. Við 3. umræðu um fjárlög fyrir árið 2012 var ákveðið að veita 77 m.kr. tímabundna fjárveitingu í eitt ár til heilbrigðisstofnana til að draga úr aðhaldsaðgerðum, einkum vegna heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 var ákveðið að fjárveitingin yrði gerð varanleg en henni var hins vegar ekki dreift á einstakar heilbrigðisstofnanir fyrr en nú við 2. umræðu. Til viðbótar við fyrrgreindar 77 m.kr. er lagt til að 10 m.kr. verði millifærðar af liðnum til að draga úr aðhaldi í rekstri heilbrigðisstofnana og er því samtals 87 m.kr. dreift til einstakra heilbrigðisstofnana.

### 08-700 Heilbrigðisstofnanir

-22,0

#### 1.01 Almennur rekstur

*Millifært*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lagt er til að 22 m.kr. verði millifærðar til að draga úr aðhaldsráðstöfunum í rekstri Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki. Framlagið verður meðal annars nýtt til reksturs endurhæfingarsundlaugar hjá stofnuninni. Við 3. umræðu um fjárlög fyrir árið 2012 var ákveðið að veita 77 m.kr. tímabundna fjárveitingu í eitt ár til heilbrigðisstofnana til að draga úr aðhaldsaðgerðum, einkum vegna heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 var ákveðið að fjárveitingin yrði gerð varanleg en henni var hins vegar ekki dreift á einstakar heilbrigðisstofnanir fyrr en nú við 2. umræðu. Til viðbótar við fyrrgreindar 77 m.kr. er lagt til að 10 m.kr. verði millifærðar af liðnum til að draga úr aðhaldi í rekstri heilbrigðisstofnana og er því samtals 87 m.kr. dreift til einstakra heilbrigðisstofnana.

### 08-700 Heilbrigðisstofnanir

-5,0

#### 1.01 Almennur rekstur

*Millifært*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Fagráðuneyti*

Lagt er til að millifærðar verði 5 m.kr. til að draga úr aðhaldsráðstöfunum í rekstri Heilbrigðisstofnunar Fjallabyggðar. Við 3. umræðu um fjárlög fyrir árið 2012 var ákveðið að veita 77 m.kr. tímabundna fjárveitingu í eitt ár til heilbrigðisstofnana til að draga úr aðhaldsaðgerðum, einkum vegna heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 var ákveðið að fjárveitingin yrði gerð varanleg en henni var hins vegar ekki dreift á einstakar heilbrigðisstofnanir fyrr en nú við 2. umræðu. Til viðbótar við fyrrgreindar 77 m.kr. er lagt til að 10 m.kr. verði millifærðar af liðnum til að draga úr aðhaldi í rekstri heilbrigðisstofnana og er því samtals 87 m.kr. dreift til einstakra heilbrigðisstofnana.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>08-700 Heilbrigðisstofnanir</b> 1.01 Almennur rekstur <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Fagráðuneyti</i>	Lagt er til að 10 m.kr. verði millifærðar til að draga úr aðhaldsráðstöfunum í rekstri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands en með því verður framlag til heimahjúkrunar aukið. Við 3. umræðu um fjárlög fyrir árið 2012 var ákveðið að veita 77 m.kr. tímabundna fjárveitingu í eitt ár til heilbrigðisstofnana til að draga úr aðhaldsaðgerðum, einkum vegna heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 var ákveðið að fjárveitingin yrði gerð varanleg en henni var hins vegar ekki dreift á einstakar heilbrigðisstofnanir fyrr en nú við 2. umræðu. Til viðbótar við fyrrgreindar 77 m.kr. er lagt til að 10 m.kr. verði millifærðar af liðnum til að draga úr aðhaldi í rekstri heilbrigðisstofnana og er því samtals 87 m.kr. dreift til einstakra heilbrigðisstofnana.	<b>-10,0</b>
<b>08-700 Heilbrigðisstofnanir</b> 6.16 Heilbrigðisstofnun Vesturlands <i>Akvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Fagráðuneyti</i>	Gerð er tillaga um 70 m.kr. tímabundið framlag til að ljúka við hönnun breytinga á húsakosti Sjúkrahússins í Stykkishólmi. Gert er ráð fyrir að þar verði innréttað 15 rýma hjúkrunarheimili sem verði rekið í húsnæðinu ásamt heilsugæslustöð, bakdeild og bráðarýmum.	<b>70,0</b>
<b>08-700 Heilbrigðisstofnanir</b> 6.16 Heilbrigðisstofnun Vesturlands <i>Niðurfellt</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 20,9 m.kr. fjárheimild vegna framkvæmda á heilbrigðisstofnuninni falli niður en framkvæmdum er lokið.	<b>-20,9</b>
<b>08-716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands</b> 1.11 Sjúkrasvið <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Fagráðuneyti</i>	Lagt er til að millifærðar verði 10 m.kr. til að draga úr aðhaldsráðstöfunum í rekstri stofnunarinnar en framlag verður hækkað til öldrunarsviðs stofnunarinnar. Við 3. umræðu um fjárlög fyrir árið 2012 var ákveðið að veita 77 m.kr. tímabundna fjárveitingu í eitt ár til heilbrigðisstofnana til að draga úr aðhaldsaðgerðum, einkum vegna heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 var ákveðið að fjárveitingin yrði gerð varanleg en henni var hins vegar ekki dreift á einstakar heilbrigðisstofnanir fyrr en nú við 2. umræðu. Til viðbótar við fyrrgreindar 77 m.kr. er lagt til að millifærðar verði 10 m.kr. til að draga úr aðhaldi í rekstri heilbrigðisstofnana og er því samtals 87 m.kr. dreift til einstakra heilbrigðisstofnana.	<b>10,0</b>
<b>08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki</b> 1.11 Sjúkrasvið <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	Lagt er til að 22 m.kr. verði millifærðar til að draga úr aðhaldsráðstöfunum í rekstri stofnunarinnar. Framlagið verður meðal annars nýtt til reksturs endurhæfingarsundlaugar. Við 3. umræðu um fjárlög fyrir árið 2012 var ákveðið að veita 77 m.kr. tímabundna fjárveitingu í eitt ár til heilbrigðisstofnana til að draga úr aðhaldsaðgerðum, einkum vegna heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 var ákveðið að fjárveitingin yrði gerð varanleg en henni var hins vegar ekki dreift á einstakar heilbrigðisstofnanir fyrr en nú við 2. umræðu. Til viðbótar við fyrrgreindar 77 m.kr. er lagt til að millifærðar verði 10 m.kr. til að draga úr aðhaldi í rekstri heilbrigðisstofnana og er því samtals 87 m.kr. dreift til einstakra heilbrigðisstofnana.	<b>22,0</b>

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 08-756 Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð

5,0

1.11 Sjúkrasvið

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Fagráðuneyti*

Lagt er til að millifærðar verði 5 m.kr. til að draga úr aðhaldsráðstöfunum í rekstri stofnunarinnar. Við 3. umræðu um fjárlög fyrir árið 2012 var ákveðið að veita 77 m.kr. tímabundna fjárveitingu í eitt ár til heilbrigðisstofnana til að draga úr aðhaldsaðgerðum, einkum vegna heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 var ákveðið að fjárveitingin yrði gerð varanleg en henni var hins vegar ekki dreift á einstakar heilbrigðisstofnanir fyrr en nú við 2. umræðu. Til viðbótar við fyrrgreindar 77 m.kr. er lagt til að millifærðar verði 10 m.kr. til að draga úr aðhaldi í rekstri heilbrigðisstofnana og er því samtals 87 m.kr. dreift til einstakra heilbrigðisstofnana.

### 08-761 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga

21,0

1.21 Hjúkrunarrými

*Ákvörðun Alþingis**Samþykkt á Alþingi**Fagráðuneyti*

Gerð er tillaga um 21 m.kr. hækkun framlags til Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga til að mæta kostnaði við fjölgun um þrjú hjúkrunarrými. Nú bíða fimm einstaklingar með gilt vistunarmat eftir hjúkrunarrými í Norðurþingi.

### 08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands

30,0

1.01 Heilsugæslusvið

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Fagráðuneyti*

Lagt er til að millifærðar verði 30 m.kr. til að draga úr aðhaldsráðstöfunum í rekstri stofnunarinnar. Framlagið verður annars vegar nýtt til að mæta kostnaði vegna reksturs Sundabúðar og hins vegar til að mæta kostnaði við flutning öldrunarþjónustu til Vopnafjarðarhrepps. Við 3. umræðu um fjárlög fyrir árið 2012 var ákveðið að veita 77 m.kr. tímabundna fjárveitingu í eitt ár til heilbrigðisstofnana til að draga úr aðhaldsaðgerðum, einkum vegna heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 var ákveðið að fjárveitingin yrði gerð varanleg en henni var hins vegar ekki dreift á einstakar heilbrigðisstofnanir fyrr en nú við 2. umræðu. Til viðbótar við fyrrgreindar 77 m.kr. er lagt til að millifærðar verði 10 m.kr. til að draga úr aðhaldi í rekstri heilbrigðisstofnana og er því samtals 87 m.kr. dreift til einstakra heilbrigðisstofnana.

### 08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

10,0

1.11 Sjúkrasvið

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Fagráðuneyti*

Lagt er til að 10 m.kr. verði millifærðar til að draga úr aðhaldsráðstöfunum í rekstri stofnunarinnar. Framlagið verður nýtt til að mæta auknu álagi á sjúkradeild stofnunarinnar. Við 3. umræðu um fjárlög fyrir árið 2012 var ákveðið að veita 77 m.kr. tímabundna fjárveitingu í eitt ár til heilbrigðisstofnana til að draga úr aðhaldsaðgerðum, einkum vegna heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 var ákveðið að fjárveitingin yrði gerð varanleg en henni var hins vegar ekki dreift á einstakar heilbrigðisstofnanir fyrr en nú við 2. umræðu. Til viðbótar við fyrrgreindar 77 m.kr. er lagt til að millifærðar verði 10 m.kr. til að draga úr aðhaldi í rekstri heilbrigðisstofnana og er því samtals 87 m.kr. dreift til einstakra heilbrigðisstofnana.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands

10,0

1.01 Heilsugæslusvið

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Fagráðuneyti*

Lagt er til að 10 m.kr. verði millifærðar til að draga úr aðhaldsráðstöfunum í rekstri stofnunarinnar en með því verður framlag til heimahjúkrunar aukið. Við 3. umræðu um fjárlög fyrir árið 2012 var ákveðið að veita 77 m.kr. tímabundna fjárveitingu í eitt ár til heilbrigðisstofnana til að draga úr aðhaldsaðgerðum, einkum vegna heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 var ákveðið að fjárveitingin yrði gerð varanleg en henni var hins vegar ekki dreift á einstakar heilbrigðisstofnanir fyrr en nú við 2. umræðu. Til viðbótar við fyrrgreindar 77 m.kr. er lagt til að millifærðar verði 10 m.kr. til að draga úr aðhaldi í rekstri heilbrigðisstofnana og er því samtals 87 m.kr. dreift til einstakra heilbrigðisstofnana.

### 08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

12,0

1.01 Heilsugæslusvið

*Ákvörðun Alþingis**Samþykkt á Alþingi**Fagráðuneyti*

Gerð er tillaga um 12 m.kr. hækkun til að efla sálfélagslega þjónustu á svæði Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja með áherslu á börn og ungmenni.

### 08-809 Málefni fatlaðra

14,0

1.05 Niðurlagning svæðisskrifstofa málefna fatlaðra

*Ákvarðanir ríkisstjórnar**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lögð er til 14 m.kr. hækkun á fjárheimild fjárlagaliðarins. Tilfnið er áætlaður kostnaður við þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012-2014 sem samþykkt var á Alþingi 11. júní 2012. Framkvæmdaáætlunin var samin og lögð fram í samræmi við ákvæði til bráðabirgða XIII í lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, sbr. lög nr. 152/2010. Í framkvæmdaáætluninni eru tilgreind verkefni sem fyrirhugað er að vinna að og ber velferðarráðuneytið ábyrgð á þeim í samstarfi við stofnanir og sveitarfélög.

### 08-821 Barnaverndarstofa

0,0

1.20 Heimili fyrir börn og unglinga

*Millifært**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Lagt er til að útgjaldaheimild liðarins lækki um 280 m.kr. en á móti kemur til jafnmikil lækking sértekna sem gert var ráð fyrir samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Tilfnið er að lagt hefur verið fram stjórnarfrumvarp á Alþingi um að fresta gildistöku á tiltekinni breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga við vistun barna utan heimilis samkvæmt breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, sem Alþingi samþykkti 7. júní 2011. Með frumvarpinu er lagt til að tilfærslu á heimilum og stofnunum fyrir börn frá sveitarfélögum til ríkis, sem á að eiga sér stað 1. janúar 2013, verði frestað um eitt ár, til 1. janúar 2014. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2013 hafði verið gert ráð fyrir auknum útgjöldum og sértekjum vegna þessa en hér er lagt til að þeirri hækkun útgjalda verði frestað um eitt ár.

### 08-851 Atvinnuleysistryggingasjóður

10,0

1.15 Umsýslukostnaður vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs

*Lögbundið**Samþykkt af ríkisstjórn**Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 10 m.kr. hækkun liðarins til að standa straum af starfsemi úrskurðarnefndar atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða. Í 11. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, er kveðið á um að kostnaður af starfsemi nefndarinnar greiðist af Atvinnuleysistryggingasjóði. Ekki hefur verið áætlað fyrir útgjöldum nefndarinnar hjá sjóðnum og er hér lagt til að veitt verði sérstakt framlag í þessu skyni. Einnig er gert ráð fyrir 10 m.kr. útgjöldum og sértekjum vegna úrskurðarnefndar atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða á fjárlagaviðfanginu 08-190-1.10 Fastanefndir.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 08-853 Ábyrgðasjóður launa

-150,0

#### 1.01 Ábyrgðasjóður launa

*Hagrænt eða kerfislegt*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki um 150 m.kr. sem kemur til viðbótar við 450 m.kr. lækkun í fjárlagafrumvarpinu. Greiðslur úr sjóðnum hafa farið hratt lækkandi á yfirstandandi ári og er útlit fyrir að útgjöld sjóðsins á næsta ári verði umtalsvert lægri en reiknað hafði verið með. Af sömu ástæðum var gerð breytingartillaga um lækkun útgjalda við 2. umræðu um frumvarp til fjárlagatala fyrir árið 2012.

### 08-857 Starfsendurhæfingarsjóðir

-2,0

#### 1.10 Starfsendurhæfing

*Fjármagnað með ríkistekjum*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lögð er til 2 m.kr. lækkun fjárveitingar í samræmi við endurskoðaða áætlun um tekjur af tryggingagjaldi. Gert er ráð fyrir að hlutdeild starfsendurhæfingarsjóða í tekjum af gjaldinu verði 2 m.kr. minni en reiknað var með í fjárlagafrumvarpinu.

***Samtals velferðarráðuneyti 1.565,7***

### 09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

15,0

#### 1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

*Ákvarðanir ríkisstjórnar*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 15 m.kr. fjárheimild til að standa straum af kostnaði við laun tveggja sérfræðinga. 9. október sl. samþykkti ríkisstjórnin tillögu velferðarráðherra um aðgerðaáætlun um launajafnrétti kynjanna. Meðal tillagna var stofnun sérfræðiteymis í fjármála- og efnahagsráðuneyti til að aðstoða við launagreiningar og innleiðingu jafnlaunastaðals. Ríkisstjórnin samþykkti tillögu um árlega fjárveitingu til ráðningar tveggja sérfræðinga til að annast umrædd verkefni.

### 09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

29,0

#### 1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa

*Millifert*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lagt er til að millifærðar verði samtals 29,0 m.kr. af þremur safnliðum ráðuneytisins: 5,5 m.kr. af 09-212-1.01 Skatta- og tollamál, 3,5 m.kr. af 09-999-1.13 Kjarasamningar og 20 m.kr. af 09-999-1.90 Ýmis verkefni. Þetta er vegna mála sem aðalskrifstofa fjármála- og efnahagsráðuneytisins hefur þurft að taka að sér og fyrir séð er að þeim þurfi að sinna um ótilgreindan tíma. Viðfangsefni ráðuneytisins hafa þungst og þeim fjölgað frá efnahagshruni. Þetta hefur kallað á aukin umsvif á aðalskrifstofunni og við því hefur þurft að bregðast í starfsmannahaldi. Meðal verkefna má nefna aukið vægi lána- og skuldastýringar, gerð og eftirfylgni langtímaáætlunar í ríkisfjármálum, skattamál, heildarendurskoðun löggjafar um opinber fjármál og þyngri verkefni á vettvangi starfsmannamála ríkisins. Ekki hefur í öllum tilvikum reynst mögulegt að sleppa því að ráða starfsfólk í stað þess sem hefur hætt, sem aftur hefur leitt til þess að erfiðara hefur verið að ná settum aðhaldsmarkmiðum. Ráðuneytið hefur á undanförunum árum gengið á uppsafnaðar fjárheimildir en nú er svo komið að fjármagna þarf varanlega aukna starfsemi með nýjum fjárveitingum eða millifærslu af safnliðum sem ætlaðir eru til að mæta ófyrirséðum útgjöldum eða veikleika í starfsemi. Lagt er til að fara síðari leiðina og millifæra af þremur safnliðum.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>09-103 Fjársýsla ríkisins</b> 1.01 Almennur rekstur <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<p>Gerð er tillaga um 7,5 m.kr. fjárheimild til að ráða sérfræðing í starfaflokkun. 9. október sl. samþykkti ríkisstjórnin tillögu velferðarráðherra um aðgerðaáætlun um launajafnrétti kynjanna. Meðal ákvarðana var að ráða sérfræðing til Fjársýslu ríkisins sem hefur það hlutverk að sjá um starfa- og atvinnugreinaflokkun í mannauðskerfi ríkisins til þess að unnt verði að gera heildstæðari og áreiðanlegri launakannanir. Ríkisstjórnin samþykkti tillögu um árlega fjárveitingu til ráðningar sérfræðings til að annast umrætt verkefni.</p>	7,5
<b>09-210 Ríkisskattstjóri</b> 1.01 Almennur rekstur <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<p>Gerð er tillaga um 19,7 m.kr. hækkun á fjárveitingu til að framlengja átak í skatteftirliti og skattranssóknnum. Í fjárlögum fyrir árið 2011 var embætti ríkisskattstjóra veitt 58,1 m.kr. framlag til tveggja ára til þess að annast umrætt átak. Að átakinu standa ríkisskattstjóri og skattranssóknarstjóri ríkisins. Embætti ríkisskattstjóra réð sjö starfsmenn og lagði til tvo í viðbót vegna átaksins. Mikill árangur hefur orðið af átakinu sem hefur skilað ríkissjóði auknum tekjum og vitundarvakning hefur orðið meðal þjóðarinnar. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að tímabundið framlag vegna átaksins yrði framlengt að hluta þannig að það lækkaði um þriðjung árið 2013 og yrði 71,9 m.kr. og aftur um þriðjung árið 2014 en félli síðan niður árið 2015. Nú er lagt til að umrædd fjárveiting verði framlengd um tvö ár til viðbótar.</p>	19,7
<b>09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld</b> 1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<p>Lagt er til að millifærðar verði 5,5 m.kr. af safnliðnum á aðalskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Ráðuneytið hefur þurft að takast á við aukinn fjölda verkefna, þar á meðal vegna endurskoðunar ýmissa skattamála. Að öðru leyti er vísað til skýringa við lið 09-101-1.01.</p>	-5,5
<b>09-215 Skattranssóknarstjóri ríkisins</b> 1.01 Skattranssóknarstjóri ríkisins <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<p>Lagt er til að skattranssóknarstjóra ríkisins verði veitt 36 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til næstu fimm ára vegna herts skatteftirlits. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að 107,9 m.kr. tímabundið framlag vegna átaks í skatteftirliti og skattranssóknnum yrði framlengt að hluta þannig að það lækkaði um þriðjung árið 2013 og yrði 71,9 m.kr. og aftur um þriðjung árið 2014 en félli síðan niður árið 2015.</p> <p>Í fjárlögum fyrir árið 2011 var embætti skattranssóknarstjóra veitt umrætt framlag til tveggja ára til að þess að annast átakið, en ríkisskattstjóri stendur einnig að því. Skattranssóknarstjóri réð tíu starfsmenn til þess að sinna átakinu og þeim auknu verkefnum sem fylgdu. Mikill árangur hefur orðið af þessu sem hefur skilað ríkissjóði auknum tekjum, skattranssóknnum hefur fjölgað og vitundarvakning hefur orðið meðal þjóðarinnar. Með hliðsjón af áætlunum embættis skattranssóknarstjóra um starfsemi næstu ára, stöðu skattranssóknna, tekjum ríkissjóðs og alvarleika brota er lagt til að framlagið verði framlengt í tvö ár.</p>	36,0

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 09-262 Tollstjórinn

42,0

1.01 Tollstjórinn  
Fjármagnað með ríkistekjum  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 42 m.kr. hækkun fjárheimildar. Á móti koma auknar tekjur af gjöldum fyrir tollafgreiðslu. Tillagan hefur því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs því að endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir að tekjur af gjöldum fyrir tollafgreiðslu hækki um 42 m.kr. frá fyrri áætlun og verði 282 m.kr. Mikil aukning hefur verið í áætlunarflugi til landsins á síðustu árum og sama má segja um komur skemmtiferðaskipa. Þetta hefur haft í för með sér auknið álag hjá embætti tollstjóra sem hefur þurft að bregðast við með fjölgun starfsmanna og aukinni yfirvinnu.

### 09-262 Tollstjórinn

115,2

1.01 Tollstjórinn  
Fjármagnað með IPA styrkjum  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 115,2 m.kr. tímabundna fjárheimild til að ráðstafa styrk frá Evrópusambandinu vegna endurnýjunar tollkerfa. Á móti fjárheimild samkvæmt þessari tillögu er gert ráð fyrir að komi óafturkræfur styrkur til íslenska ríkisins frá Evrópusambandinu sem færast á tekjuhlíð og hefur verkefnið að því leyti til ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Í tillögu Íslands að IPA-landsáætlun 2013 er lagt til að tollstjóri fái styrk til að endurnýja og ráðast í úrbætur á tollkerfum ríkisins. Áætlað er að heildarstuðningur sambandsins við verkefnið verði 6 milljónir evra, þar af 4 milljónir evra í beinum fjárframlögum sem svarar til 640 m.kr. miðað við að gengi evru sé 159,98 kr. Til viðbótar við bein fjárframlög er einnig gert ráð fyrir annars konar stuðningi frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, svo sem í formi ráðgjafar og tækniástoðar. Áætlað er að útborgun styrksins verði þannig að 720.000 evrur komi til greiðslu á árinu 2013, 960.000 evrur árlega á árunum 2014, 2015 og 2016 og 400.000 evrur á árinu 2017. Áætlað er að mótframlag Íslands til verkefnisins samsvari 2 milljónum evra.

### 09-381 Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun

1.000,0

1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun  
Breyttar forsendur  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til að framlag til greiðslu lífeyrisskuldbindinga verði hækkað um 1 milljarð kr. til að mæta útgjaldaþróun síðastliðins árs. Á þessu ári eru komnar fram hækkanir á greiðslum til lífeyrisþega umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 2012 og var því framlag til greiðslu lífeyrisskuldbindinga hækkað um 1 milljarð kr. við undirbúning frumvarps til fjárlagalauga fyrir árið 2012. Miðað við þá þróun að gjaldfærð útgjöld á fjárlagaliðinn hafa farið töluvert yfir fjárheimild fjárlaga sl. ár er lagt til að framlagið verði einnig hækkað um 1 milljarð kr. árið 2013. Hækkanir þessar má fyrst og fremst rekja til áhrifa kjarasamninga opinberra starfsmanna á eftirlaunarétt starfsmanna í B-deild LSR og LH sem hafa hafið töku lífeyris en þær gjaldfærast á rekstrarreikning ríkissjóðs.

### 09-391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

-19,0

1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða  
Fjármagnað með ríkistekjum  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lögð er til 19 m.kr. lækkun á fjárheimild liðarins í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um hlutdeild í tekjum af tryggingagjaldi sem fjármagna þessi framlög. Endurskoðuð áætlun í október 2012 um tryggingagjaldsstofn ársins gerir ráð fyrir að stofninn verði 912.000 m.kr. og að framlag til jöfnunar á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða verði 2.884 m.kr. eða 0,325% af stofninum að teknu tilliti til 97,3% innheimtuhlutfalls og lækki um 19 m.kr. frá frumvarpinu.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 09-721 Fjármagnstekjuskattur

-780,0

1.11 Fjármagnstekjuskattur  
Fjármagnað með ríkistekjum  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum, arðgreiðslum og söluhagnaði eigna lækki um 780 m.kr. Jafnframt er gert ráð fyrir að greiðsla vegna fjármagnstekjuskatts lækki um 710 m.kr. Fjármagnstekjuskatturinn færist einnig á tekjuhlíð ríkissjóðs og hefur þessi breyting því ekki áhrif á afkomu ársins.

### 09-821 Vaxtabætur

-1.000,0

1.11 Vaxtabætur  
Millifært  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til að 1.000 m.kr. fjárheimild verði millifærð af þessum lið til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna aukinna húsaleigubóta. Þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram var gert ráð fyrir að 1 milljarði kr. yrði varið til uppbyggingar á nýju húsnæðisbótakerfi. Því kerfi er ætlað að leysa af núverandi vaxta- og húsaleigubótakerfi en hið nýja kerfi byggist á stefnumótun hins opinbera varðandi stuðning í húsnæðismálum. Stefnt er að því að jafna stöðu leigjenda við stöðu eigenda íbúðarhúsnæðis sem fá greiddar vaxtabætur þannig að stuðningur hins opinbera taki fremur mið af fjölskyldustærð í stað búsetuforms. Upptaka nýs húsnæðisbótakerfis krefst umtalsverðs tæknilegs undirbúnings og var framlagið í fjárlagafrumvarpinu hugsað sem aðlögun að upptöku nýs kerfis. Útfærsla þeirrar aðlögunar lá á hinn bóginn ekki endanlega fyrir við undirbúning fjárlagafrumvarpsins og var því framlagið fært á vaxtabótaliðinn. Nú liggja hins vegar fyrir upplýsingar um hvernig fyrsta skrefið í innleiðingu nýs kerfis verður framkvæmt á árinu 2013. Gert er ráð fyrir að framlag ríkisins vegna greiðslu húsaleigubóta verði aukið með þeim hætti að tekjuskerðingarmörk árstekna hækki, tekjuskerðingarprósenta lækki og grunnupphæð húsaleigubóta hækki við útreikning á húsaleigubótum einstaklinga.

### 09-980 Rekstrarfélag Stjórnarráðsins

-23,9

1.01 Rekstrarfélag Stjórnarráðsins  
Millifært  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifærðar verði 23,9 m.kr. frá Rekstrarfélagi Stjórnarráðsins til innanríkisráðuneytisins í tengslum við tilflutning á umsýslu ráðherrabifreiða, annars vegar 14,9 m.kr. vegna reksturs ráðherrabifreiða og hins vegar 9 m.kr. vegna endurnýjunar á ráðherrabifreiðum. 12. október 2012 samþykkti ríkisstjórnin að fela innanríkisráðuneytinu umsýslu bifreiðamála í Stjórnarráðinu, að því marki sem sú þjónusta hefur verið í höndum Rekstrarfélags Stjórnarráðsins. Með þessu mun innanríkisráðuneytið taka að sér kaup, rekstur og viðhald á ráðherrabifreiðum, öryggismál og samskipti við embætti ríkislögreglustjóra í tengslum við akstur ráðherra, afleysingar í forföllum bílstjóra o.fl. Tók ákvörðun ríkisstjórnarinnar gildi 15. október 2012. Fjárhæðin er í samræmi við fjárheimildir sem millifærðar voru frá ráðuneytum þegar umsýsla bifreiða var færð til Rekstrarfélags Stjórnarráðsins árið 2010. Fjárheimildin færist til hækunar hjá innanríkisráðuneytinu.

### 09-980 Rekstrarfélag Stjórnarráðsins

-0,2

6.21 Húsnæði  
Millifært  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Við undirbúning fjárlagafrumvarpsins voru gerð mistök á viðfangsefninu 09-980-6.21 Húsnæði. Hagræðingartillaga var sett á fjárlagaliðinn sem orsakandi neikvæða fjárheimild. Sú villa var lagfærð með tímabundinni fjárveitingu til að fyrirbyggja að liðurinn yrði neikvæður. Hér er sú tímabundna fjárveiting, 0,2 m.kr., bakfærð og þar með er rétt fjárheimild liðarins tryggð.



## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>09-980 Rekstrarfélag Stjórnarráðsins</b> 6.41 Tölvubúnaður og bifreiðar <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>0,2</b>	Við undirbúning fjárlagafrumvarpsins voru gerð mistök á viðfangsefninu 09-980-6.21 Húsnæði. Hagræðingartillaga var sett á fjárlagaliðinn sem orsakaði neikvæða fjárheimild. Sú villa var lagfærð með tímabundinni fjárveitingu til að fyrirbyggja að liðurinn yrði neikvæður. Til mótvægis var einnig sett tímabundin fjárheimild á 09-980-6.41 Tölvubúnaður og búnaður til að mistökin hefðu ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Hér er sú tímabundna fjárveiting, 0,2 m.kr., bakfærð og þar með er rétt fjárheimild liðarins tryggð.
<b>09-984 Fasteignir ríkissjóðs</b> 5.21 Viðhald fasteigna <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>-4,5</b>	Lagt er til að millifærðar verði 4,5 m.kr. af liðnum 09-984-5.21 Viðhald fasteigna á 09-984-6.11 til bifreiðakaupa. Fasteignir ríkissjóðs nýta bifreið til að sinna eftirliti með fasteignum ríkisins. Núverandi bíll er sex ára gamall og ætlunin er að endurnýja hann.
<b>09-984 Fasteignir ríkissjóðs</b> 6.11 Bifreið <i>Millifært</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>4,5</b>	Lagt er til að millifærðar verði 4,5 m.kr. af liðnum 09-984-5.21 Viðhald fasteigna til bifreiðakaupa. Fasteignir ríkissjóðs nýta bifreið til að sinna eftirliti með fasteignum ríkisins. Núverandi bíll er sex ára gamall og ætlunin er að endurnýja hann.
<b>09-989 Ófyrirséð útgjöld</b> 1.90 Ófyrirséð útgjöld <i>Launa- og verðlagsbætur fjmrn.</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>721,1</b>	Gerð er tillaga um 721,1 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins vegna endurmats á gengisforsendum fjárlagafrumvarpsins. Miðað er við meðalgengi erlendra gjaldmiðla í október sl., samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands. Í frumvarpinu var miðað við meðalgengi í júlí og hefur krónan veikt frá þeim tíma. Miðað við þennan endurútreikning eru fjárheimildir hækkaðar um 721,1 m.kr. Skipting á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar og munu breytingarnar koma fram í viðkomandi fjárveitingum í stöðuskjali frumvarpsins eftir 2. umræðu.
<b>09-992 Sóknaráætlanir landshluta</b> 1.10 Sóknaráætlanir landshluta <i>Launa- og verðlagsbætur fjmrn.</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>-11,2</b>	Á þessum lið er gert ráð fyrir 400 m.kr. óskiptri fjárheimild vegna verkefna í sóknaráætlun landshluta. Þau mistök urðu við undirbúning frumvarpsins að verðlagsbætur voru reiknaðar á fjárheimildina en hún var ákvörðuð sem föst fjárhæð eða rammí á endanlegu verðlagi fyrir árið 2013. Hér er fjárheimildin því lækkuð um 11,2 m.kr. til að fella niður verðbæturnar sem voru í frumvarpinu.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 09-998 Græn skref og vistvæn innkaup ríkisstofnana

150,0

#### 1.11 Græn skref og vistvæn innkaup ríkisstofnana

*Fjárfestingaáætlun*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 150 m.kr. fjárheimild til að standa undir verkefnum í tengslum við græn skref og vistvæn innkaup ríkisstofnana. Þar af verði 85 m.kr. varið til að endurgreiða opinberum stofnunum allt að 20% af kostnaðarverði vöru og þjónustu sem sannanlega uppfyllir nánar tilgreind skilyrði umhverfisvottunar. Þá er gert ráð fyrir að 15 m.kr. renni til eflingar vistvænna innkaupa og 25 m.kr. til þess að stuðla að því að Alþingi, ráðuneyti og stofnanir taki græn skref sem feli í sér markvisst umhverfisstarf til að bæta nýtingu og draga úr sóun og öðrum neikvæðum áhrifum á umhverfið, með hliðsjón af staðlinum ISO 14001 eins og ráðgert er samkvæmt þingsályktun um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi sem samþykkt var 20. mars 2012. Loks verði veitt 25 m.kr. framlag til nýs sjálfbærniþræðslusjóðs á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnin verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaard sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.

### 09-999 Ýmislegt

-3,5

#### 1.13 Kjarasamningar

*Millifært*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lagt er til að millifærðar verði 3,5 m.kr. af safnliðnum á aðalskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Ráðuneytið hefur þurft að takast á við aukinn fjölda verkefna, þar á meðal vegna starfsmannamála ríkisins. Að öðru leyti er vísað til skýringa við lið 09-101-1.01.

### 09-999 Ýmislegt

-20,0

#### 1.90 Ýmis verkefni

*Millifært*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Lagt er til að millifærðar verði 20 m.kr. af safnliðnum á aðalskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Ráðuneytið hefur þurft að takast á við aukinn fjölda verkefna að undanfögnu og gengið á uppsafnaðar fjárheimildir. Fyrirséð er að mörgum þeirra verður áfram sinnt af aðalskrifstofu ráðuneytisins um ótilgreindan tíma. Að öðru leyti er vísað til skýringa við lið 09-101-1.01.

***Samtals fjármálaráðuneyti 272,4***

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>11-251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi</b> 1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi <i>Lögbundið</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>450,0</b>
<b>11-373 Niðurgreiðslur á húshitun</b> 1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<b>175,0</b>
<b>11-399 Ýmis orkumál</b> 1.98 Ýmis verkefni iðnaðarráðuneytis <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Fagráðuneyti</i>	<b>15,0</b>

Gerð er tillaga um 450 m.kr. fjárheimild vegna áætlaðra endurgreiðslna á framleiðslukostnaði við gerð kvikmynda og sjónvarpsþátta. Tillagan kemur til viðbótar við þær 400 m.kr. sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu þannig að alls eru þessi útgjöld áætluð 850 m.kr. á næsta ári. Í frumvarpinu kemur fram að fjárhæðin gæti hækkað eftir því sem liði á árið og fleiri verkefni fengju vilyrði fyrir endurgreiðslu á næsta ári. Ein meginástæða þess að gerð er tillaga um þessa miklu aukningu er sú að ákveðin óvissa var um meðferð Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á fyrirkomulagi endurgreiðslna og því urðu afgreiddar umsóknir á fyrri hluta ársins færri en tilefni var til. Um mitt ár samþykkti ESA fyrirkomulag ráðuneytisins og þar með var þeirri óvissu eytt. Umsóknir sem vilyrði hafa verið gefin fyrir og greiddar verða út á árinu 2013 nema nú um 850 m.kr. og hefur þá einnig verið tekið tillit til verkefna sem lýkur á yfirstandandi ári en verða ekki að fullu greidd fyrir en árið 2013.

Lögð er til 175 m.kr. hækkun á fjárheimild til niðurgreiðslna á flutningi og dreifingu á raforku til húshitunar og nemi þar með 1.418 m.kr. á næsta ári. Tillagan er í samræmi við niðurstöður í skýrslu starfshóps um breytingar á niðurgreiðslum til húshitunar frá því í desember 2011. Þar er lagt til að flutningur og dreifing á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði niðurgreidd að fullu. Tillaga hópsins er að jöfnunargjald verði sett á hverja framleidda kílóvattstund (kWst) sem nemi þeim kostnaði sem nauðsynlegur er á hverjum tíma til að niðurgreiða að fullu flutning og dreifingu raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Lagt er til að tillögu starfshópsins verði hrundið í framkvæmd á næstu árum. Þegar því markmiði hefur verið náð verði núverandi raforkuskatti breytt í jöfnunargjald í samræmi við tillögu starfshópsins og það gjald verði síðan látið standa undir fjármögnun þessa verkefnis til frambúðar. Skatturinn á sér stoð í lögum nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta, sem sett voru til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð í kjölfar efnahagshrunsins. Samkvæmt lögunum er greiddur sérstakur skattur af seldri raforku og heitu vatni. Fjárhæð skattsins af raforku er 0,12 kr. á hverja kWst af seldri raforku en 2% af smásöluverði á heitu vatni. Áætlað er að skatturinn gefi um 2 milljarða kr. af sér á næsta ári og fyrirhugað er að framlengja lögin en þau falla að óbreyttu úr gildi í árslok 2012.

Gerð er tillaga um 15 m.kr. tímabundna fjárheimild til þess að mæta kostnaði við kjarnasýnatöku á Gammasvæðinu. Verða rannsóknir þessar framkvæmdar í samræmi við þingsályktun um olíu- og gasrannsóknir á landgrunni Íslands undan Norðausturlandi sem samþykkt var á 139. löggjafarþingi.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 11-411 Byggðastofnun

50,0

#### 1.10 Byggðastofnun

##### Ákvörðun Alþingis

##### Samþykkt á Alþingi

##### Fagráðuneyti

Gerð er tillaga um 50 m.kr. tímabundið framlag til Byggðastofnunar, í tengslum við sóknaráætlun landshluta, og verður framlaginu varið til sértækra aðgerða í fámennum byggðarlögum sem búa við bráðan vanda vegna fólksfækkunar, einhæfs atvinnulífs, fækkunar starfa og hækkandi meðalaldurs íbúanna. Stýrinet ráðuneyta í samráði við Byggðastofnun og samráðsvettvang landshluta mun skipta fjárveitingunni. Það er mat Byggðastofnunar að stoðkerfi atvinnulífsins hafi ekki nýst þessum byggðarlögum sem skyldi og því sé nauðsynlegt að beita sértækum aðgerðum.

### 11-511 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

500,0

#### 6.41 Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

##### Fjárfestingaáætlun

##### Samþykkt af Ríkisstjórn

##### Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fái tímabundið 500 m.kr. framlag til þess að standa undir þeim markmiðum sem honum er ætlað að sinna samkvæmt lögum. Áform voru um að farþegagjald og gistináttagjald mundu fjármagna sjóðinn en þau áform um fjármögnun hafa ekki gengið eftir í þeim mæli sem væntingar voru um. Samkvæmt lögum sem gilda um sjóðinn er hlutverk hans einkum að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða í opinberri eigu eða umsjón um land allt og tryggja öryggi ferðamanna á slíkum stöðum. Þar getur verið um að ræða ferðamannastaði í Þjóðgördum eins og á Þingvöllum eða í Vatnajökulspjóðgarði eða á friðlýstum svæðum eins og Geysissvæðinu eða Friðlandi að Fjallabaki svo dæmi séu tekin. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnið verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.

### 11-599 Ýmis ferðamál

-46,0

#### 1.51 Háskólafélag Suðurlands, verkefnið Katla-Jarðvangur

##### Fjármagnað með IPA styrkjum

##### Samþykkt af Ríkisstjórn

##### Ríkisstjórn

Fallið er frá tillögu í fjárlagafrumvarpinu um 46 m.kr. heimild til að ráðstafa styrk frá Evrópusambandinu til Háskólafélags Suðurlands. Ekki er um að ræða styrk til ríkisaðila. Við nánari skoðun þykir ekki rétt að færa styrkveitingar til aðila utan A-hluta ríkissjóðs og ráðstöfun þeirra á mótteknum styrkjum sem tekjur og gjöld ríkissjóðs þótt styrkumsóknin og styrkveitingin grundvallist á umsókn íslenska ríkisins um aðild að sambandinu.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 11-999 Ýmislegt

41,6

#### 1.90 Ýmislegt

*Fjármagnað með IPA styrkjum*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 41,6 m.kr. tímabundna fjárheimild í eitt ár til að ráðstafa styrk frá Evrópusambandinu vegna undirbúnings á mögulegri þátttöku Íslands í byggðastefnu og uppbyggingarsjóðum sambandsins. Á móti fjárheimild samkvæmt þessari tillögu er gert ráð fyrir að komi óafturkræfur styrkur til íslenska ríkisins frá Evrópusambandinu sem færast á tekjuhlíð og hefur verkefnið að því leyti til ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Í tillögu Íslands að IPA-landsáætlun 2012 er lagt til að ráðuneytið fái styrk til að undirbúa þátttöku Íslands í byggðastefnu og stoðkerfissjóðum Evrópusambandsins. Áætlað er að heildarstuðningur Evrópusambandsins við verkefnið verði 1 milljón evra eða sem svarar 160 m.kr. Áætlað er að útborgun styrksins verði þannig að 379.756 evrur komi til greiðslu á árinu 2012, 260.122 evrur árin 2013 og 2014 og 100.000 evrur árið 2015. Gert er ráð fyrir að ráðuneytið fari fyrir samstarfi fleiri aðila á þessu sviði og deili styrknum út til velferðaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, Byggðastofnunar, Rannís, Ríkisendurskoðunar og Rekstrarfélags Stjórnarráðsins.

**Samtals iðnaðarráðuneyti 1.185,6**

### 12-402 Fjármálaeftirlitið

122,2

#### 1.01 Fjármálaeftirlitið

*Fjármagnað með IPA styrkjum*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Gerð er tillaga um 122,2 m.kr. tímabundna fjárheimild í eitt ár til að ráðstafa styrk frá Evrópusambandinu vegna umbótaverkefna. Á móti fjárheimild samkvæmt þessari tillögu er gert ráð fyrir að komi óafturkræfur styrkur til íslenska ríkisins frá Evrópusambandinu sem færast á tekjuhlíð og hefur verkefnið að því leyti til ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Í tillögu Íslands að IPA-landsáætlun 2013 er lagt til að Fjármálaeftirlitið fái styrk til umbótaverka sem taka til eftirlits með allri fjármálastarfsemi (bankastarfsemi, váttryggingastarfsemi, starfsemi lífeyris- og verðbréfasjóða o.s.frv.). Verkefnum er skipt í tvo ólíka verkhluta. Annar nær til þess að samræma eftirlitsaðferðir við viðurkennd alþjóðleg viðmið, svo sem aðferðafræði við áhættumat, gerð eftirlitsáætlunar, nauðsynleg upplýsingakerfi, eftirlitsferli og leiðbeiningar og viðmið við eftirlit. Markmiðið er m.a. að koma upp heildstæðu og skilvirku áhættumatskerfi. Hinn miðar að því að skipulag stofnunarinnar styðji sem best við kjarnastarfsemi hennar og tryggi viðeigandi gæði starfsminnar, svo sem stjórnskipulag, gæðastjórnun, innra eftirlit, þjálfun starfsmanna, önnur starfsmannamál og grundvallarstjórnunarferli. Markmiðið er m.a. að byggja upp heildstætt innra skipulag og stjórnunarferla sem styðja við skilvirkt og faglegt eftirlit með fjármálastarfsemi í samræmi við viðurkennd viðmið. Áætlaður heildarstuðningur Evrópusambandsins við verkefnið nemur 3.255.263 evrum. Þar af eru 2.865.312 evrur í beinum fjárframlögum sem svarar til 458,4 m.kr. miðað við að gengi evru sé 159,98 kr. Til viðbótar við bein fjárframlög er gert ráð fyrir að verkefnið njóti einnig annars konar stuðnings frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, svo sem í formi ráðgjafar, tækniaðstoðar og búnaðar. Áætlað er að útborgun fjárstyrks verði þannig að 764.083 evrur komi til greiðslu á árinu 2013, 907.349 evrur árin 2014 og 2015 og 286.531 evra árið 2016.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 12-411 Samkeppniseftirlitið

20,0

1.01 Samkeppniseftirlitið  
Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár vegna aukins verkefnaálags hjá Samkeppniseftirlitinu sem birtist í fjölgun mála og lengri málsmeðferð. Álagið á stofnunina hefur vaxið frá bankahruni sem hefur haft í för með sér að þurft hefur að beita strangri forgangsröðun verkefna. Fyrir vikið hefur talsvert mörgum kvörtunum verið hafnað sem felur í sér að meint samkeppnislagabrot eru ekki tekin til rannsóknar vegna þess að aðrar rannsóknir eru taldar mikilvægari. Þá eru dæmi þess að mikilvægar rannsóknir klárast ekki og hafi verið lagðar niður. Ekki þykir forsvaranlegt að málsmeðferðartími lengist meira en orðið er og sömuleiðis kemur ekki til álita að hætta að taka upp nýjar rannsóknir til þess að draga úr álagi og stytta málsmeðferð.

### 12-501 Hagstofa Íslands

44,5

1.01 Hagstofa Íslands  
Fjármagnað með IPA styrkjum  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 44,5 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til verkefna Hagstofunnar sem styrkt eru af Evrópusambandinu. Á móti fjárheimild samkvæmt þessari tillögu er gert ráð fyrir að komi 44,5 m.kr. óafturkræfir styrkir til íslenska ríkisins frá Evrópusambandinu sem færast á tekjuhlið og hafa þessi verkefni að því leyti til ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir 257 m.kr. tímabundnu framlagi til þessara sömu verkefna og reiknað með að á móti kæmi 160 m.kr. styrkur frá sambandinu, þar af 65 m.kr. til að efla gerð þjóðhagsreikninga, 90 m.kr. til að koma á fót fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar og 5 m.kr. vegna manntals. Við 2. umræðu um frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2012 er lögð til 36 m.kr. lækkun á fjárheimildum þess árs vegna tafa sem orðið hafa á umsókn Hagstofunnar um styrk til að gera endurbætur á þjóðhagsreikningum. Þessi tillaga miðast við að styrkur frá Evrópusambandinu til að efla gerð þjóðhagsreikninga hækki um 27,4 m.kr. frá fyrri áætlun og verði 92,4 m.kr. á árinu 2013 og að styrkur vegna fyrirtækjaskrár til hagskýrslugerðar hækki um 17,1 m.kr. og verði 107,1 m.kr. á árinu 2013. Tillögufjárhæðin miðast við gengið 159,98 kr. gagnvart evru.

## Samtals efnahags- og viðskiptaráðuneyti 186,7

### 14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

0,0

1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa  
Millifært  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Lagt er til að millifært verði á milli bókunartegunda, þ.e. að fluttar verði 4,9 m.kr. af tegund 59 og 8 m.kr. af tegund 52 yfir á tegund 51 eða alls 12,9 m.kr.

### 14-101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa

34,0

1.01 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa  
Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 34 m.kr. fjárveitingu vegna nýrra verkefna ráðuneytisins í ljósi breytinga á ráðuneytinu sem tóku gildi 1. september 2012, sbr. forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 100/2012. Þau nýju verkefni sem tekin voru upp í forsetaúrskurðinum og voru ekki áður afmarkað starfssvið hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og iðnaðarráðuneyti, en voru falin ráðuneytinu með öðrum verkefnum sem fluttust úr þeim ráðuneytum við breytingarnar á Stjórnarráðinu 1. september, eru mótun sjálfbærni viðmiða um nýtingu náttúrulegra auðlinda og mótun og framfylgd skipulags á haf- og strandsvæðum.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

<b>14-190 Ýmis verkefni</b> 1.62 Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<p style="text-align: right;"><b>10,0</b></p> <p>Gerð er tillaga um 10 m.kr. fjárveitingu til reksturs nýrrar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem hóf störf 1. janúar 2012, sbr. lög nr. 130/2011. Úrskurðarnefndin mun ásamt því að sinna verkefnum úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og úrskurðarnefndar á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir taka við úrskurðum vegna málaflokka sem fluttir voru frá ýmsum ráðuneytum, sbr. lög nr. 130/2011 og 131/2011. Er mikilvægt að gera úrskurðarnefndinni kleift að taka við auknum fjölda mála svo að ekki skapist dráttur við úrlausn þeirra en þess má geta að eldri óafgreidd mál úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála eru um 120 sem er u.þ.b. eins og hálfis árs vinna. Jafnframt munu bætast við fleiri mál vegna ákvarðana Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda í kjölfar breytinga á lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 131/2011. Þá hefur frumvarp verið lagt fram á Alþingi sem breytir lögum nr. 106/2000, en þar er breytt viðmiðum í eldri lögum um tilkynningarskyldar framkvæmdir. Mun það einnig leiða til fjölgunar mála hjá nefndinni. Jafnframt verður hægt að kæra til úrskurðarnefndarinnar ákvörðun Umhverfisstofnunar um haldlagningu á eignum og efnablöndum sem ekki uppfylla skilyrði laga um efni. Í frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi og varðar breytingu á lögum um loftslagsmál er gert ráð fyrir að stjórnvaldsákvæðanir Umhverfisstofnunar um losunarleyfi séu kærnanlegar til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál.</p>
<b>14-190 Ýmis verkefni</b> 1.98 Ýmis framlög umhverfisráðuneytis <i>Ákvörðun Alþingis</i> <i>Samþykkt á Alþingi</i> <i>Fagráðuneyti</i>	<p style="text-align: right;"><b>10,5</b></p> <p>Gerð er tillaga um 10,5 m.kr. tímabundið framlag svo að unnt sé að styrkja frjáls félagasamtök sem starfa á sviði umhverfismála. Nýsamþykkt lög um Árósasamninginn opna aðild umhverfissamtaka en ekki einstaklinga að kærum vegna umhverfismála og því er mikilvægt að styrkja umhverfissamtök svo að þau geti sinnt þessu hlutverki sínu.</p>
<b>14-211 Umhverfisstofnun</b> 1.01 Umhverfisstofnun <i>Breyttur forgangur í ramma</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<p style="text-align: right;"><b>2,7</b></p> <p>Gerð er tillaga um að fjárheimild stofnunarinnar hækki um 2,7 m.kr. vegna breyttrar útfærslu á hagræðingarkröfu ráðuneytisins. Fjárhæð vegna aukinnar hagræðingar í rekstri Skógræktar ríkisins færir yfir til Umhverfisstofnunar vegna lækkunar á umfangi hagræðingar í rekstri hennar.</p>
<b>14-211 Umhverfisstofnun</b> 1.01 Umhverfisstofnun <i>Ákvarðanir ríkisstjórnar</i> <i>Samþykkt af ríkisstjórn</i> <i>Ríkisstjórn</i>	<p style="text-align: right;"><b>20,0</b></p> <p>Gerð er tillaga um 20 m.kr. fjárveitingu til að styrkja umsjón og eftirlit á friðlýstum svæðum með því að styrkja svæðalandvörslu á nýjum friðlýstum svæðum sem og á miðhálandinu, Suðurlandi. Stofnunin vill styrkja svæðalandvörslu á Suðurlandi með því að koma þar upp heilsársstöðugildi landvarðar sem hefði umsjón með Friðlandi að Fjallabaki. Einnig þarf að styrkja landvörslu við Gullfoss, sem einnig mundi nýtast Geysissvæðinu, með því að koma þar upp stöðu landvarðar allt árið.</p>

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 14-211 Umhverfisstofnun

13,2

1.01 Umhverfisstofnun  
Fjármagnað með IPA styrkjum  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 13,2 m.kr. tímabundna fjárheimild í eitt ár til að ráðstafa styrk frá Evrópusambandinu vegna innleiðingar á vatna- og flóðatilskipun sambandsins. Á móti fjárheimild samkvæmt þessari tillögu er gert ráð fyrir að komi óafturkræfur styrkur til íslenska ríkisins frá Evrópusambandinu sem færirst á tekjuhlíð og hefur verkefnið að því leyti til ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Í tillögu Íslands að IPA-landsáætlun 2012 er lagt til að Veðurstofa Íslands fái styrk til að byggja upp getu hjá stofnuninni til að mæta kröfum í vatna- og flóðatilskipuninni og að Umhverfisstofnun fái styrk til að styðja við innleiðingu vatnatilskipunarinnar hér á landi. Umhverfisstofnun hefur forustu um innleiðingu á lögum um stjórn vatnamála sem byggjast á tilskipun Evrópusambandsins um vatnamál. Í IPA-landsáætlun 2012 er gert ráð fyrir stuðningi við Umhverfisstofnun við að skilgreina og flokka vatnshlot og gerðir vatns. Einnig verða sett gæðaviðmið til að unnt verði að meta ástand vatns út frá líffræðilegum og eðlis- og efnafræðilegum þáttum. Á sama hátt gerir IPA-landsáætlunin ráð fyrir að styðja við Veðurstofuna til að fylla í gót varðandi mælingar á vatni og bæta úr mælingum, m.a. með háupplausnarloftmyndum til að meta flóð og flóðahættu. Áætlaður heildarstuðningur Evrópusambandsins við verkefnið er 1.722.400 evrur. Þar af eru 772.100 evrur í beinum fjárframlögum sem svarar til 123,5 m.kr. miðað við að gengi evru sé 159,98 kr. Hluti Veðurstofunnar í styrknum er 669.100 evrur, eða 107 m.kr., og hluti Umhverfisstofnunar er 103.000 evrur, eða 16,5 m.kr. Til viðbótar við bein fjárframlög er gert ráð fyrir að verkefnið njóti einnig annars konar stuðnings frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, svo sem í formi ráðgjafar, tækniaðstoðar og búnaðar. Áætlað er að útborgun styrks til Umhverfisstofnunar verði þannig að 84.400 evrur komi til greiðslu á árinu 2013 og 20.600 evrur árið 2014.

### 14-211 Umhverfisstofnun

30,0

1.11 Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink  
Ákvörðun Alþingis  
Samþykkt á Alþingi  
Fagráðuneyti

Gerð er tillaga um 30 m.kr. tímabundið framlag til endurgreiðslna til sveitarfélaga vegna refaveiða. Forsenda endurgreiðslu ríkisins til sveitarfélags er að gerður verði samningur til þriggja ára í senn sem byggist á áætlun sveitarfélagsins um að lágmarka það tjón til lengri tíma sem refurinn er talinn valda á landsvæði viðkomandi sveitarfélags.

### 14-211 Umhverfisstofnun

105,0

5.41 Þjóðgarðar og friðlýst svæði  
Fjárfestingaáætlun  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 105 m.kr. tímabundið framlag til að standa undir sérstöku átaki í því skyni að byggja upp innviði viðkvæmra en vinsælla ferðamannastaða á friðlýstum svæðum. Samtals eru gerðar tillögur um 250 m.kr. til þessarar uppbyggingar á næsta ári á nokkrum fjárlagaliðum. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnið verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.



## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 14-212 Vatnajökulsþjóðgarður

30,0

#### 1.01 Vatnajökulsþjóðgarður

Ákvarðanir ríkisstjórnar

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Lagt er til að veittar verði 30 m.kr. til eflingar á rekstri þjóðgarðsins. Starfsemi þjóðgarðsins hefur vaxið verulega frá því hann var stofnaður, bæði hvað varðar rekstrarumfang og einnig framkvæmdir, en aukning í mannhaldi hefur á engan hátt haldist í hendur við hið aukna umfang. Á síðasta ári er talið að rétt um 300 þúsund gestir hafi heimsótt Vatnajökulsþjóðgarð og lengri opnunartími, t.d. í Skaftafelli, hefur aukið gestakomur þangað yfir vetrartímann sem styrkir aðra ferðaþjónustuaðila á svæðinu. Því er mikilvægt að efla miðlæga þjónustu garðsins á höfuðborgarsvæðinu og þá í fyrsta lagi með því að ráða starfsmenn til þjóðgarðsins til að annast fræðslu, kynningar, útgáfumál og vefumsjón. Aukið umfang og rekstur þjóðgarðsins kalla einnig á öflugri miðlæga fjármálastýringu en verið hefur og betra utanumhald um mannauðsmál. Fyrirhuguð stækkun þjóðgarðsins með nýjum svæðum kallar einnig á styrkingu landvörslu á þeim svæðum. Þá er áformað að byggja enn frekar upp samstarf við sveitarstjórnir um rekstur gestasýninga, svo og samstarf um rekstur upplýsingamiðstöðva í samstarfi við einkaaðila í héraði. Aukin starfsemi í gestastofum Vatnajökulsþjóðgarðs er jafnframt talin styrkja átak sem nú fer fram til að fjölga ferðamönnum að vetri til.

### 14-212 Vatnajökulsþjóðgarður

57,0

#### 6.41 Framkvæmdir

Fjárfestingaáætlun

Samþykkt af ríkisstjórn

Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 57 m.kr. tímabundið framlag til að standa undir sérstöku átaki í því skyni að byggja upp innviði viðkvæmra en vinsælla ferðamannastaða á friðlýstum svæðum. Samtals eru gerðar tillögur um 250 m.kr. til þessarar uppbyggingar á næsta ári á nokkrum fjárlagaliðum. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnin verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 14-212 Vatnajökulshjóðgarður

290,0

6.41 Framkvæmdir  
Fjárfestingaáætlun  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um tímabundið 290 m.kr. framlag til þriggja ára til byggingar nýrrar gestastofu þjóðgarðsins í væntanlegu þekkingarsetri á Kirkjubæjarklaustri. Áætlaður heildarkostnaður við þennan hluta byggingarinnar sem ríkissjóður stendur að er um 870 m.kr. Áætlað er að framkvæmdum ljúki árið 2015 og að húsið verði opnað í júní það ár. Í þekkingarsetri á Kirkjubæjarklaustri er hugmyndin að sameina undir einu þaki gestastofu Vatnajökulshjóðgarðs, starfsemi Kirkjubæjarstofu, upplýsingamiðstöð og skrifstofur Skaftárhrepps, og Errósetur-listamiðstöð. Í umræðu er að fleiri aðilar í þekkingarstarfsemi leigi þar aðstöðu, svo sem Háskóli Íslands og Landgræðsla ríkisins.

Verkefnið fellur vel að stefnumörkun stjórnvalda, Ísland 2020 - sókn fyrir atvinnulíf og samfélag, og hugmyndum um að efla atvinnusköpun þar sem m.a. er lögð áhersla á að efla ferðaþjónustu utan sumartíma. Ferðaþjónusta sem byggist á náttúru, sögu og menningu er helsti vaxtarbroddur atvinnulífs í Skaftárhreppi. Svæðið er vettvangur stærsta hraungoss á jörðinni á sögulegum tíma sem hafði áhrif á loftslag og samfélög um allan heim. Þetta ásamt nábyli við tvær af virkustu eldstöðvum Íslands, Kötlu og Grímsvötn, gerir svæðið einstakt frá sjónarhóli ferðaþjónustu og náttúruskoðunar. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnin verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.

### 14-214 Innviðir friðlýstra svæða

28,5

6.41 Innviðir friðlýstra svæða  
Fjárfestingaáætlun  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 28,5 m.kr. tímabundið framlag til að standa undir sérstöku átaki í því skyni að byggja upp innviði viðkvæmra en vinsælla ferðamannastaða á friðlýstum svæðum. Samtals eru gerðar tillögur um 250 m.kr. til þessarar uppbyggingar á næsta ári á nokkrum fjárlagaliðum. Um er að ræða eitt af verkefnum í fjárfestingaáætlun fyrir Ísland 2013-2015 sem ríkisstjórnin hefur kynnt. Verkefnin verða fjármögnuð annars vegar með sérstakri tekjuöflun af veiðigjaldi á auðlindaarð sjávarútvegsins og hins vegar með tekjum af arðgreiðslum og söluhagnaði af eignasölu. Þar sem þessi tekjuöflun felur í sér nokkra óvissu, svo sem um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja og fjármálafyrirtækja, er gert ráð fyrir að framlögin geti tekið breytingum við endurskoðun fyrir fjárlög hvers árs.

### 14-241 Skógrækt ríkisins

-2,7

1.01 Skógrækt ríkisins  
Breyttur forgangur í ramma  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um að fjárheimild stofnunarinnar lækki um 2,7 m.kr. vegna breyttrar útfærslu á hagræðingarkröfu ráðuneytisins. Fjárhæð vegna aukinnar hagræðingar í rekstri Skógræktar ríkisins færir yfir til Umhverfisstofnunar vegna lækkunar á umfangi hagræðingar í rekstri hennar.

### 14-243 Hekluskógar

10,0

1.01 Hekluskógar  
Ákvörðun Alþingis  
Samþykkt á Alþingi  
Fagráðuneyti

Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag til Hekluskóga í því skyni að auka útbreiðslu og endurheimt birkiskóga í samræmi við stefnumótun og áherslur stjórnvalda.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 14-301 Skipulagsstofnun

8,0

1.01 Skipulagsstofnun  
 Ákvarðanir ríkisstjórnar  
 Samþykkt af ríkisstjórn  
 Ríkisstjórn

Gerð er tillaga um 8 m.kr. fjárveitingu vegna breytinga á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2006, til að koma til móts við athugasemdir ESA við innleiðingu Íslands á einstökum ákvæðum tilskipunar 85/337/EEC. Um er að ræða breytingu á viðmiði tilkynningarskyldra framkvæmda sem þýðir verulega aukningu á framkvæmdum sem verða tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar.

### 14-301 Skipulagsstofnun

7,0

1.01 Skipulagsstofnun  
 Ákvarðanir ríkisstjórnar  
 Samþykkt af ríkisstjórn  
 Ríkisstjórn

Gerð er tillaga 7 m.kr. fjárveitingu vegna aukinna verkefna. Með nýjum skipulagslögum voru stofnuninni falin ný verkefni en þar vegur þungt vinna við landsskipulagsstefnu. Það kallar á, fyrir utan vinnu á stofnuninni, aukinn kostnað vegna aðkeyprar vinnu til að stofnunin geti sinnt lögbundnu hlutverki við mótun landsskipulagsstefnu. Stjórnarsýsla vegna skipulagsáætlana verður sífellt umfangsmeiri með tilkomu umhverfismats áætlana, lýsinga skipulagsáætlana, staðfestingar aðalskipulags og aukinnar eftirspurnar eftir leiðbeiningum og ráðgjöf. Þá fer stöðugt meiri tími starfsmanna í samstarfsverkefni með ráðuneytinu vegna laga- og reglugerðarsmíða. Auk þess eru merki um að sveitarstjórnir leggi aukna áherslu á gerð aðal- og deiliskipulagsáætlana sem hefur í för með sér aukin verkefni.

### 14-310 Landmælingar Íslands

12,5

1.01 Landmælingar Íslands  
 Ákvörðun Alþingis  
 Samþykkt á Alþingi  
 Fagráðuneyti

Gerð er tillaga um 12,5 m.kr. lækkun sértekna svo að unnt sé að opna aðgengi að landupplýsingagögnum stofnunarinnar líkt og gert er í nágrennalöndum okkar og víða í Evrópu. Meginmarkmið er að unnt sé að samræma og samnýta opinberar landupplýsingar, aðallega í þágu umhverfismála, og talið er að ávinningurinn fyrir samfélagið í heild vegna slíkra aðgerða sé 1:5. Ástæðu þessarar þróunar er ekki síst að leita í löggjöf um umhverfismál þar sem mikil áhersla er lögð á aðgengi almennings að upplýsingum um umhverfið án hindrana. Með þessu verða öll stafræn gögn stofnunarinnar aðgengileg án sérstakrar gjaldtöku en áfram verður þó heimilt að innheimta þjónustugjöld vegna afgreiðslu gagnanna og birtingargjöld þegar gögnin eru birt eða þeim dreift af þriðja aðila í hagnaðarskyni. Krafan um opið aðgengi almennings að opinberum gögnum fer vaxandi og stór þáttur í því hefur verið INSPIRE-tilskipun Evrópusambandsins um notkun og miðlun landupplýsinga sem tók gildi árið 2007 í Evrópusambandinu.

### 14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

5,9

1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands  
 Ákvarðanir ríkisstjórnar  
 Samþykkt af ríkisstjórn  
 Ríkisstjórn

Lagt er til að veitt verði 5,9 m.kr. fjárveiting til að unnt sé að ráða spendýrafræðing til stofnunarinnar til að fylgjast með stofnstærð dýra.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 14-401 Náttúrufræðistofnun Íslands

-9,1

#### 1.11 NATURA 2000 samstarfsnetið

*Fjármagnað með IPA styrkjum*

*Samþykkt af rákisstjórn*

*Rákisstjórn*

Lögð er til 9,1 m.kr. lækkun á heimild til að ráðstafa styrk frá Evrópusambandinu til verkefnisins NATURA 2000. Í frumvarpinu er tillaga um 148 m.kr. fjárheimild en breytt áætlun um dreifingu greiðslna og styrking á gengi krónunnar frá því að fyrri áætlun var gerð veldur því að framlag lækkar í 138,9 m.kr. Áætlað er að heildarstuðningur Evrópusambandsins við verkefnið jafngildi 3.419.657 evrum. Þar af eru 2.835.000 evrur í beinum fjárframlögum eða sem svarar 453,5 m.kr. miðað við að gengi evru sé 159,98 kr. og að teknu tilliti til þeirra 125 m.kr. sem veittar voru í fjárlögum fyrir árið 2012. Til viðbótar við bein fjárframlög er gert ráð fyrir að verkefnið njóti einnig annars konar stuðnings frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins svo sem í formi þjálfunar, tækniaðstoðar og búnaðar. Áætlað er að útborgun styrksins verði þannig að 814.656 evrur komi til greiðslu á árinu 2012, 868.422 evrur á árunum 2013 og 2014 og 283.500 evrur árið 2015.

### 14-407 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

6,0

#### 1.01 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

*Ákvörðun Alþingis*

*Samþykkt á Alþingi*

*Fagráðuneyti*

Gerð er tillaga um 6 m.kr. tímabundið framlag í eitt ár til Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar. Annars vegar er framlag vegna vinnu við nýja þróunarskýrslu norðurslóða (Arctic Human Development Report II) sem gert er ráð fyrir að verði tilbúin árið 2014 undir forustu stofnunarinnar en í alþjóðlegu samstarfi við erlendar stofnanir. Um er að ræða veigamikil lykilhlutverk Íslands innan ramma Norðurskautsráðsins í beinu samræmi við nýlega þingsályktun um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða. Hins vegar er framlag vegna vinnu við 28. kafla á vegum vinnuhóps II (Aflleiðingar, aðlögun og tjónnæmi) um heimskautasvæðin í fimmtu skýrslu loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna, IPCC, sem áætlað er að verði fullgerð árið 2014. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar er ein íslenskra stofnana sem kölluð hefur verið til við að leiða starf við kafla í skýrslunni. Eins og áður er nefnt þá kemur þetta verkefni beint til móts við þingsályktun um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða, áherslur ráðuneytisins og áherslur stjórnvalda um aukið mikilvægi norðurslóðamálefna.

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 14-412 Veðurstofa Íslands

1.01 Almennur rekstur  
Fjármagnað með IPA styrkjum  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

42,8

Gerð er tillaga um 42,8 m.kr. tímabundna fjárheimild í eitt ár til að ráðstafa styrk frá Evrópusambandinu vegna innleiðingar á vatna- og flóðatilskipun sambandsins. Á móti fjárheimild samkvæmt þessari tillögu er gert ráð fyrir að komi óafturkræfur styrkur til íslenska ríkisins frá Evrópusambandinu sem færirst á tekjuhlíð og hefur verkefnið að því leyti til ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Í tillögu Íslands að IPA-landsáætlun 2012 er lagt til að Veðurstofa Íslands fái styrk til að byggja upp getu hjá stofnuninni til að mæta kröfum í vatna- og flóðatilskipuninni og að Umhverfisstofnun fái styrk til að styðja við innleiðingu vatnatilskipunarinnar hér á landi. Umhverfisstofnun hefur forustu um innleiðingu á lögum um stjórn vatnamála sem byggjast á tilskipun Evrópusambandsins um vatnamál. Í IPA-landsáætlun 2012 er gert ráð fyrir stuðningi við Umhverfisstofnun við það að skilgreina og flokka vatnshlot og gerðir vatns. Einnig verða sett gæðaviðmið til að unnt verði að meta ástand vatns út frá líffræðilegum, eðlis- og efnafæðilegum þáttum. Á sama hátt gerir IPA-landsáætlunin ráð fyrir að styðja við Veðurstofuna til að fylla í gót varðandi mælingar á vatni og bæta úr mælingum, m.a. með háupplausnarloftmyndum til að meta flóð og flóðahættu. Áætlaður heildarstuðningur Evrópusambandsins við verkefnið er 1.722.400 evrur. Þar af eru 772.100 evrur í beinum fjárframlögum sem svarar til 123,5 m.kr. miðað við að gengi evru sé 159,98 kr. Hluti Veðurstofunnar í styrknum er 669.100 evrur, eða 107 m.kr., og hluti Umhverfisstofnunar er 103.000 evrur, eða 16,5 m.kr. Til viðbótar við bein fjárframlög er gert ráð fyrir að verkefnið njóti einnig annars konar stuðnings frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, svo sem í formi ráðgjafar, tækniaðstoðar og búnaðar. Áætlað er að útborgun styrks til Veðurstofunnar verði þannig að 267.640 evrur komi til greiðslu á árinu 2013, 167.275 evrur á árinu 2014 og 234.185 evrur árið 2015.

### 14-412 Veðurstofa Íslands

1.01 Almennur rekstur  
Ákvarðanir ríkisstjórnar  
Samþykkt af ríkisstjórn  
Ríkisstjórn

10,0

Gerð er tillaga um 10 m.kr. fjárveitingu til að stofnunin geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu hvað varðar öryggisvöktun á hafi í lögsögu Íslands, þ.e. að sinna hafisþjónustu og rannsóknum og mælingum á sviði málefna hafíss. Mikilvægt er að setja upp veðurdufl á Drekasvæðinu svo að hægt sé að mæla svæðið norðan Íslands. Mikilvægt er að fjármunir fái til þessa verkefnis þar sem nú liggja fyrir drög að nýju samkomulagi Norðurskautsráðsins um öryggisþjónustu á hafsvæðum umhverfis landið. Nýjar rannsóknir á Drekasvæðinu sýna ummerki um olíu frá júratímabilinu á hafsbótini og staðfesta tilvist jarðlaga frá miðlífsöld sem auka mun umferð um svæðið og þar með mikilvægi þess að eftirlit sé með góðum hætti bæði á veðurfræðilegum og haffræðilegum þáttum á svæðinu. Reikna má með aukinni skipaumferð innan íslenskrar lögsögu á komandi árum og áratugum og á það sérstaklega við um umferð skipa á hafísslóð fyrir norðan og vestan land.

*Samtals umhverfisráðuneyti 721,3*

## Skýringar við einstakar breytingartillögur.

### 19-801 Vaxtagjöld ríkissjóðs

-4.006,0

#### 1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs

*Hagrænt eða kerfislegt*

*Samþykkt af ríkisstjórn*

*Ríkisstjórn*

Áætlað er að vaxtagjöld ríkissjóðs á árinu 2013 nemi 84,1 milljarði kr. og lækki þannig um 4 milljarða kr. frá fjárlagafrumvarpinu eða um 4,5%. Í fyrsta lagi lækkar vaxtakostnaður innlendra lána ríkissjóðs um 1 milljarð kr. á milli frumvarps og endurmats fyrir árið 2013. Stafar það af því að vaxtakostnaður ríkisverðbréfa lækkar um 2,2 milljarða kr. en á móti hækka vextir skuldabréfs til Seðlabanka Íslands og bréfa sem gefin voru út til endurfjármögnunar fjármálastofnana um 1,4 milljarða kr. Önnur innlend lán lækka um 0,2 milljarða kr. Lækkun vaxtakostnaðar innlendra lána má helst rekja til lægri ávöxtunarkröfu en gert var ráð fyrir, minna útgáfumagns og að lokum meiri útgáfu á verðtrygðum skuldabréfum á kostnað óverðtrygðra skuldabréfa, en allir þessir þættir hafa áhrif til lækkunar vaxtagjalda 2013.

Í öðru lagi lækkar vaxtakostnaður erlendra lána ríkissjóðs um 3 milljarða kr. frá því sem áætlað var í frumvarpinu. Aðallega er um að ræða lán samstarfsþjóða og Avens-skuldabréfsins, 3,3 milljarðar kr. Við gerð frumvarpsins voru áætlanir um endurfjármögnun afborgana lána Færeyja og Avens-skuldabréfsins 2013 en við endurmat nú hefur verið ákveðið að greiða þessar afborganir með gjaldeyrisinnstæðum ríkissjóðs sem hefur áhrif til lækkunar vaxtagjalda. Einnig hafa vextir á alþjóðlegum fjármálamörkuðum verið lægri en áætlað var við gerð frumvarpsins.

***Samtals vaxtagjöld ríkissjóðs -4.006,0***

***Samtals öll ráðuneyti 7.755,3***

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjöllum.

Alþingi, 26. nóvember 2012.

Björn Valur Gíslason,  
form., frsm.

Björgvin G. Sigurðsson.

Guðrún Erlingsdóttir.

Lúðvík Geirsson.

Magnús Orri Schram.